

**Haraldur Sigurðsson og Scott Pelley**
**GENGU SAMAN Á EYJAFJALLAJÖKUL** ▶2



**Auður Ava Ólafsdóttir**
**KOMIN Í HÓP ÞEIRRA BESTU** ▶52







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**HELGARBLAÐ**
4. janúar 2014
3. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## HANNAR HALLIR Í HOLLYWOOD

**Arkitektinn Guðlaug Jónsdóttir hefur búið í Los Angeles í áratugi, þar sem hún hannar fyrir ríka og fræga fólkið. Einnig hannaði hún nýverið viðbót við lúxushótel í Þingholtsstræti og nýtt Baðhús fyrir Lindu Pétursdóttur.** ▶ 20

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HÁTT SETT HJÁ NIKE** Vala Steinsdóttir hannar búninga fyrir Manchester United, Juventus og fleiri stórlið. ▶ 24



**Bergrún hornleikari**
**TÚRAR MEÐ BJÖRK OG SIGUR RÓS** ▶ 32



Íris og Chris Pine
**ÁSTFANGIN Á KOSTA RÍKA** ▶ 66





SÉR blað um dáleiðslu FYLGIR í dag

freebird
Útsala
40 % afsláttur



Spread the Love...
Íslensk hönnun
Laugavegi 46 s:571-8383
WWW.FREEBIRDCLOTHES.COM

ÚTSALAN ER HAFIN
SMÁRALIND

## FRÉTTIR 2→12

**DAGFORELDRASTÉTTIN Í HÆTTU 4**
Félag dagforeldra í Reykjavík telur að hugmyndir um að bjóða börnum leikskólavist að loknu fæðingarorlofi leiði til þess að stéttin leggist af.



**NÆRRI ÞRJÚ ÞÚSUND VILJA VERÐA FLUGLIÐAR 6**
Um tólf hundruð sóttu um starf flugliða (flugþjóns/-freyju) hjá WOW air, fjórum hundruðum fleiri en í fyrra. Sextán hundruð sóttu um hjá Icelandair.

**FÁ LJÓSLEIÐARA Í BYRJUN MARS 8**
Framkvæmdum við lagningu ljósleiðara í Hvalfjarðarsveit lýkur að fullu um miðjan júní gangi áætlanir eftir. Kerfið kostar sveitarfélagið um 300 milljónir króna.

**LÖGREGLAN STAL LÍKI FÓRNARLAMBSINS 10**
Foreldrar sextán ára stúlku á Indlandi, sem hafði verið nauðgað í tvígang af hópi karlmanna og síðan myrt, lætur einskis ófreistað til að sjá illvirkjana dæmda fyrir ódæði sitt.

## SKOÐUN 16



**HIN HLIÐIN 16**
Þorsteinn Pálsson um áramótaboðskap forsætisráðherra.

## HELGIN 18→32

**FYRSTU TÓNLEIKARNIR Á ÍSLANDI 18**
Jökull Ernir Jónsson, sem býr í Los Angeles og starfrækir þar hljómsveitina The Evening Guests, hóaði saman íslenskri útgáfu af sveitinni fyrir fyrstu tónleika hennar hér á landi á Gauknum í kvöld.

**SÆKIR INNBLÁSTUR Í NÁTTÚRUNA 20**
Arkitektinn Guðlaug Jónsdóttir er um þessar mundir að hanna einbýlishús fyrir rapparann Dr. Dre og rýmið fyrir verðlaunahátíðina Critics choice. Hún er stödd hér á landi í nokkra daga en hún hannaði nýverið viðbót við lúxushótel í Þingholtsstræti og nýtt Baðhús fyrir Lindu Pétursdóttur.

**HANNAR FYRIR MÖRG AF STÆRSTU FÓTBOLTAFÉLÖGUM HEIMS 24**
Fatahönnuðurinn Vala Steinsdóttir er háttsettur starfsmaður hjá íþróttavörufyrirtækinu Nike. Hún er búsett í Hollandi með fjölskyldunni og þeysist um heiminn í starfi sínu en hún sér um hönnun á íþróttabúningum og öðrum staðalbúnaði fyrir Manchester United, Juventus og fleiri félög.

**MÉR FINNST MJÖG GAMAN AÐ TÚRA 32**
Bergrún Snæbjörnsdóttir hornleikari er laus við yfirlæti þó tvívegis hafi hún verið valin til að spila með frægasta tónlistarfólki Íslands um víða veröld, fyrst með Björk 2008 og síðasta eitt og hálfa árið með Sigur Rós. Auk þess semur hún tónlist.



**SKÝJASAGAN UM SAMSTÖÐU, JAFNRÉTTI OG ANNAÐ GOTT SEM ALDREI VAR 36**
Illugi Jökulsson verður æ ergilegri þegar ráðamenn þjóðarinnar afbaka Íslandssöguna í hátíðarræðum og komast svo upp með að yppta bara öxlum og endurtaka sama fleiprið í næstu tölu.

## MENNING 52→66

**AUÐUR AVA Á LISTA YFIR BESTU HÖFUNDANA 52**
Financial Times valdi Rigningu í nóvember eina af tíu bestu erlendu skáldsögunum.

**Í FRÍI MEÐ CHRIS PINE Á KOSTA RÍKA 66**
Fyrirsætan Íris Björk Jóhannesdóttir nýtur lífsins með Hollywood-stjörnu.

**DÓRI SPÁÐI RÉTT UM EIGIN FRAMTÍÐ 66**
Halldór Halldórsson sendi sjálfum sér bréf þegar hann var í áttunda bekk grunnskóla. Í bréfinu spáði hann um framtíð sína og var nokkuð sannspár.

## SPORT 60



**LÍST VEL Á NÝJA STJÓRANN 60**
Landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson er búinn að ræða við nýja stjórann sinn, Ole Gunnar Solskjær, og verður í liðinu hjá honum í dag.

**RÚSSNESKI BJÖRNINN LAGÐUR 60**
Aron Pálmarsson afgreiddi Rússland með tveimur mörkum undir lokin er strákarnir okkar hófu leik á æfingamóti í Þýskalandi.

Píanóskóli Þorsteins Gauta

Ármúli 38
S: 5516751 og 6916980
Píanónámskeið að hefjast.
Allir velkomnir.
Einkanám og hljómborðsnámskeið.
Byrjendur sem og lengra komnir
Munið frístundakortið !

pianoskoli@gmail.com

## FIMM Í FRÉTTUM KNATTSPYRNA OG KYNJASKEKKJA



**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra** sagði í áramótaávarpi sínu að menntamálaráðherra og ríkisstjórnin hefðu að undanförnu unnið með markvissum hætti að sóknaráætlun fyrir listir, menningu og annað nýsköpunarstarf sem birtast myndi á nýja árinu.



**Lars Lagerbäck, þjálfari íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu**, var valinn maður ársins 2013 af fréttastofu Stöðvar 2.



**Steinunn Rögnvaldsdóttir, talskona Femínistafélags Íslands,** hefði viljað að handritshöfundar áramótaskaupsins væru meðvitaðri um stöðu kvenna. Tvöfalt fleiri karlahlutverk en kvenhlutverk voru í skaupinu.



**Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands,** lagði til að á nýju ári strengdum við þess heit að bera virðingu fyrir fólki og skoðunum þess.



➜ **Saga Garðarsdóttir leikkona** messaði yfir formönnum stjórnmálaflokkanna í Kryddsíldinni á Stöð 2 á gamlársdag.

# Fjallað um Eyjafjallajökul í 60 mínútum

Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur ber fréttamanninum Scott Pelley á CBS-sjónvarpsstöðinni vel söguna. Þeir gengu saman á Eyjafjallajökul 2010 á meðan eldsumbrotin voru í algleymingi. Umfjöllun 60 Minutes verður frumsýnd á morgun.

**NÁTTÚRA** „Við gengum saman á jökulinn í nokkur skipti til að skýra jarðfræðina að baki gosinu sem þá stóð yfir. Við fórum upp á gígbrún og það verður forvitnilegt að sjá frásögn þessa virta fréttamanns,“ segir Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur um umfjöllun 60 Minutes um Eyjafjallajökulsgosið sem verður frumsýnd á CBS-sjónvarpsstöðinni annað kvöld, og viku síðar á Stöð 2.

Í umfjöllun 60 Minutes um eldgosið í Eyjafjallajökli fylgdi Haraldur tökuliði um jökulinn og útskýrði framvindu gossins sem hófst 14. apríl 2010 og stóð til 23. maí. Til stóð að fjalla um gosið strax við heimkomu til Bandaríkjanna, en það hefur dregist til þessa dags af ástæðum sem Haraldi eru ekki kunnar.

Haraldur segir að Pelley hafi verið helst forvitinn um samspilið í náttúrunni; af hverju eldgos verða og hvað er svo sérstakt við Ísland í því samhengi. „Hann hafði líka áhuga á áhrifum á flugsamgöngur, sem allir muna eftir. Þá fórum við inn á það að 313 flugvöllum var lokað í Evrópu – að ástæðulausu að mínu viti,“ segir Haraldur.

Vart þarf að kynna fréttaskýringaþáttinn 60 mínútur fyrir landsmönnum, eða Scott Pelley sem Haraldur ber vel söguna. Pelley er að hans sögn mikill séntilmaður og fagmaður sem gaman hafi verið að kynnast. „Hann er mjög elskulegur, og heiðursmaður vil ég segja. Hann er mjög duglegur, íþróttamaður sem er farinn í líkamsrækt löngu áður en aðrir vakna. Afar þægilegur í allri umgengni en við vorum saman í nokkra daga á jöklinum og næsta nágrenni.“




**Á EYJAFJALLAJÖKLI** Scott Pelley, hér til vinstri, og Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur unnu saman í nokkra daga að umfjöllun 60 mínútna. MYND/HARALDUR SIGURÐSSON

Haraldur lýsir því að tökuliðið var á Gígjökli þegar mikið krapahlaup braust þar fram – og þess vegna hættusvæði. „Það truflaði Scott ekki neitt og hann arkaði þar á undan öllum, inn á hættusvæðið. Það gekk allt vel enda er þessi maður búinn að fara víða og leggja líf sitt að veði í sínum fréttaflutningi,“ segir Haraldur.

Þess má geta að Pelley til aðstoðar var ásamt fleirum þingkona Sjálfstæðisflokksins, Elín Hirst. Hún vann ásamt framleiðandanum Rebeccu Peterson dag og nótt við undirbúning áður en upptakan á jöklinum hófst. Tæknimenn sem unnu við upptökuna voru alls tíu og frábært lið í alla staði, að sögn Haraldar.

> [Scott Pelley] er mjög elskulegur, og heiðursmaður vil ég segja. Hann er mjög duglegur, íþróttamaður sem er farinn í líkamsrækt löngu áður en aðrir vakna.
>
> *Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur*

svavar@frettabladid.is

Umhverfisráðherra ákveður að breyta friðlýsingarskilmálum Þjórsárvera:

# Grænt ljós á Norðlingaölduveitu

**UMHVERFISMÁL** Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra hefur ákveðið að breyta friðlýsingarskilmálum Þjórsárvera til að gera framkvæmd Norðlingaölduveitu mögulega. Fréttastofa RÚV sagði frá þessu í gær og að mörk friðlandsins yrðu dregin í kringum lónið, svo veitan falli utan við friðlýsta svæðið. Það samsvari tillögu Landsvirkjunar frá því í sumar. Norðlingaölduveita er í verndarflokki rammaáætlunar og friðlýsa átti Þjórsárver í sumar en ráðherra frestaði staðfestingu friðlýsingarinnar skömmu áður en af henni varð.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, lagði fram fyrirspurn til ráðherra í október síðastliðnum, um stöðu friðlýsingar svæða og virkjunarkosta í verndarflokki í rammaáætlun. Í svari umhverfisráðherra segir að Umhverfisstofnun hafi unnið friðlýsingarskilmála fyrir stækkun á friðlandinu í Þjórsárverum í samræmi við náttúruverndaráætlun. Að gert væri ráð fyrir að friðlýsing þessa virkjunarkosts yrði hluti af stóru friðlýstu svæði á miðhálendinu.

Umhverfisstofnun annast undirbúning friðlýsingar og í bréfi stofnunarinnar til tveggja sveitarfélaga er sagt frá ákvörðun ráðuneytisins. RÚV sagði frá því að stofnunin leiti nú umsagna þeirra sveitarfélaga sem hafi skipulagsvald innan friðlandsins.

- skó



**SKILMÁLUM BREYTT** Mörk friðlands Þjórsárvera verða dregin í kringum lón Norðlingaölduveitu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# RISA ÚTSALA

## HÚSASMIÐJUNNAR



**hefst í dag kl. 10:00**

**VERKFÆRI 20-40% • VERKFÆRATÖSKUR 25% • FLÍSAR 20-30%**
**ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-50% • VINNUFATNAÐUR 30-50%**
**BÚSÁHÖLD 30-50% • JÓLAVÖRUR 40-70% • LJÓS 25%**
**BLÖNDUNARTÆKI 20-25% • SMÁRAFTÆKI 20-30%**
**PARKET 20% • VASKAR 20-30% • KLÓSETT 20%**
**BAÐFYLGIHLUTIR 20-70% • INNIMÁLNING 20%**
**LÍKAMSRÆKTARTÆKI 50% og margt fleira...**

**ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## 28.12.2013 → 03.01.2014



**5** *milljónum punda ætla bresk stjórnvöld að verja á næstu þremur árum til þess að styrkja bresku veðurstofuna, svo hún geti áfram sagt veðurfréttir úr geimnum.*

**8.544 vegabréfum** glötuðu Íslendingar frá ársbyrjun 2009 til 27. desember 2013. Sumir týna vegabréfinu sínu oftar en tvisvar sinnum.






**15** milljónir króna, og ríflega það raunar, afhenti Agnes Sigurðardóttir biskup Páli Matthíassyni, forstjóra Landspítalans, en fénu safnaði þjóðkirkjan til að spítalinn geti keypt sér línuhraðal til að nota við krabbameinslækningar.

**20** verslanir eru opnar allan sólarhringinn á höfuðborgarsvæðinu.



**334** flugmenn verða við störf hjá Icelandair næsta sumar, fleiri en nokkru sinni áður.



**23** þúsund íslensk heimili tengdust ljósneti Mílu á síðasta ári. Alls geta þá **85** þúsund heimili nýtt sér þessa þjónustu.





**KRÓNUR** Enn og aftur er heimild til úttektar framlengd.

Úttektin nú níu milljónir:

## Úttekt á séreign enn framlengd

**FJÁRMÁL** Stjórnvöld hafa enn framlengt tímabundna úttekt á viðbótarlífeyrissparnaði. Heimild til úttektar átti að renna út í lok 2013, en hefur verið framlengd til loka þessa árs. Heimildin hefur jafnframt verið hækkuð úr 6,2 milljónum króna í níu milljónir og er úttektartíminn fimmtán mánuðir. Hámarksúttekt á mánuði hækkar úr 416.667 krónum í 600.000. Síðan úttekt séreignarsparnaðar var heimiluð í ársbyrjun 2009 hafa um 90 milljarðar verið greiddir út. **- shá**

Tekjur drógust saman:

## Færri sóttu bíó á nýliðnu ári

**VIÐSKIPTI** Miðasölutekjur íslenskra kvikmyndahúsa árið 2013 námu rúmum 1.484 milljónum króna. Alls seldist 1.369.901 miði á árinu.

Um er að ræða um tveggja prósenta heildartekjulækkun frá árinu 2012 þegar tekjurnar námu 1.525 milljónum króna. Þá fækkaði bíógestum einnig um fjögur prósent milli ára.

Vinsælasta mynd síðasta árs í íslenskum kvikmyndahúsum var fyrsti hluti Hobbitaþríleiks leikstjórans Peters Jackson. Í öðru sæti var þriðja myndin um Járnmanninn og í þriðja sæti var síðan önnur Hobbitamynd Jacksons sem frumsýnd var á annan í jólum. **- hva**

# Dagforeldrastéttin í hættu

Félag dagforeldra í Reykjavík telur að hugmyndir um að bjóða börnum leikskólavist að loknu fæðingarorlofi muni leiða til þess að stéttin hverfi. Á fimmta hundrað dagforeldra starfa í landinu. Þeir telja umhverfi dagforeldra henta ungum börnum betur en leikskólar. Meirihluti foreldra er ánægður með þjónustu dagforeldra.

**DAGVISTUN** Dagforeldrar eru ósáttir við hugmyndir um að bjóða börnum leikskólavist eftir fæðingarorlof. Alþingi samþykkti nú fyrir áramótin þingsályktun um að skipaður verði starfshópur sem greini sjónarmið með því að sveitarfélög bjóði börnum leikskólavist frá eins árs aldri.

Barnið – félag dagforeldra í Reykjavík lýsti sig alfarið á móti hugmyndum Alþingis í umsögn sem félagið veitti þingsályktunartillögunni.

„Þetta hefði þær afleiðingar að dagforeldrastéttin legðist af,“ segir Sigrún Edda Lövdal, formaður Barnsins. Hún bendir á að meirihluti þeirra 470 dagforeldra sem starfa í landinu sé konur, sem nú séu farnar að huga að öðrum starfsvettvangi. „Það er verið að herja á þessa starfstétt og við ætlum ekki að bíða eftir að hugmyndir eins og þær sem koma fram í þingsályktuninni verði að veruleika,“ segir hún, en margir dagforeldrar sækja nú fjarnám og námskeið til þess að undirbúa breytingarnar.

Sigrún Edda reiknar með að hún hætti sjálf störfum á árinu. „Dagforeldrum hefur fækkað mikið. Bara á síðasta ári fækkaði þeim um fjörutíu og aðeins sextán bættust við. Það er mjög vont að missa þessa reynslubolta út,“ segir hún, en auk hugmynda um leikskóla að loknu fæðingarorlofi hefur stefna Reykjavíkurborgar um að bjóða börnum leikskólapláss allt árið um kring haft áhrif á starf dagforeldra. „Starfsöryggið er þar af leiðandi ekkert. Við vitum aldrei hversu mörg börn eru hjá okkur í næsta mánuði því leikskólarnir bjóða pláss með stuttum fyrirvara.

> **Það er verið að herja á þessa starfstétt og við ætlum ekki að bíða eftir að hugmyndir eins og þær sem koma fram í þingsályktuninni verði að veruleika**
>
> *Sigrún Edda Lövdal, formaður Barnsins, félags dagforeldra*

Við getum því staðið uppi um mánaðamót með einungis hluta af laununum sem við gerðum ráð fyrir að hafa,“ útskýrir Sigrún Edda.

Í könnun sem gerð var árið 2012 á viðhorfum foreldra til þjónustu dagforeldra, kemur fram að helmingur foreldra telur dagforeldra henta vel börnum yngri en 18 mánaða. Þá voru yfir 90 prósent foreldra ánægðir með þjónustu dagforeldra. Sigrún Edda segir að umhverfið sem dagforeldrar bjóða upp á henti ungum börnum betur en leikskólar. „Það er alltaf sama manneskjan með börnin, sem veitir þeim vellíðan og öryggi. Ef það eru endalausa mannabreytingar kemur það inn öryggisleysi hjá svona ungum börnum,“ segir hún.

Í þingsályktuninni er gert ráð fyrir að leikskólavist hefjist við eins árs aldur, en aftur á móti var horfið frá áformum um að lengja fæðingarorlof í tólf mánuði. „Við skiljum þetta því ekki alveg. Nema það sé ætlunin að börn hefji leikskólavist um níu mánaða aldur, en það er varla,“ segir Sigrún Edda og telur hún útilokað að dagforeldrar myndu brúa þriggja mánaða bil milli fæðingarorlofs og leikskólavistar. **eva@frettabladid.is**



**SIGRÚN EDDA LÖVDAL** Dagforeldrar telja um 470 á landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### → 43 prósent hefði kosið dagforeldra í stað leikskóla

Spurt var: Hefðir þú kosið vistun á leikskóla í stað dagforeldris?




### → Meirihluti vill börn í leikskóla eftir 18 mánaða aldur

**48%** Tæpur helmingur foreldra taldi að börn ættu að hefja leikskólagöngu á aldrinum 12 til 18 mánaða.

**93%** Meirihluti foreldra taldi að börn ættu að hefja leikskólagöngu á aldrinum 18 til 24 mánaða.

*Heimild: Viðhorf foreldra barna hjá dagforeldrum vorið 2012, skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar*



Hefst 7. janúar

**Bakleikfimi**

Betri líðan í hálsi, herðum og baki undir leiðsögn sjúkraþjálfara

Hádegis- og eftirmiðdagstímar í sundlaug Hrafnistu við Laugarás. Með sambaívafi í Heilsuborg, Faxafeni 14

Skráning á www.bakleikfimi.is og í síma 897 2896

BREIÐU BÖKIN

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
Hæg breytileg á NA-landi, hvessir við S-ströndina seinnipartinn.




**Mánudagur**
Kaldi eða strekkingur víða, hvessir NV-lands með kvöldinu.

**ÚRKOMA Í FLESTUM LANDHLUTUM** næstu daga, þó síst á SV-landi þar sem það ætti að haldast þurrt að mestu. Hægviðri á NA-landi á morgun en bætir heldur í vind á mánudag. Það kólnar síðan örlítið á öllu landinu til morguns.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Billund | 7 | Gautaborg | 6° | London | 10° | Orlando | 21° | San Francisco | 16° |
| Basel | 6° | Frankfurt | 8° | Kaupmannahöfn | 6° | Mallorca | 16° | Osló | 4° | Stokkhólmur | 6° |
| Berlín | 8° | Friedrichshafen | 7° | Las Palmas | 21° | New York | -2° | París | 13° | | |



**Vordís Eiríksdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


ÚTSALAN
ER HAFIN
OPIÐ FRÁ 10-18 Í DAG
Kringlan
KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
AF ÖLLU HJARTA
Opið sunnudag frá 13-18
FITON SIA




2 í 1
Loft innan fárra mínútna
Ilmur af mentól og eukalyptus

Otrivin®

Otrivin Menthol ukonserveret, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xýlómetazólínhýdróklóríð 1 mg/ml. Ábendingar: Bólgur og aukin slímmyndun í nefi, kinnholum og nefkoki. Skammtar og lyfjagjöf: Fyrir fullorðna og börn eldri en 12 ára: 1 úði í hvora nös 3 sinnum á sólarhring eftir þörfum, lengst í 10 sólarhringa og ekki úða oftar en að hámarki 3 úða í hvora nös á sólarhring. Snýttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðaðu úðaflöskuna milli fingranna. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örlítið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn eða ert með þrönghornsgláku. Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert: Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenvirkum efnum, ert með skjaldvakaóhóf, sykursýki, háþrýsting, æðakölkun, slagæðargúlp, blóðtappa í hjarta, óreglulegan eða hraðan púls, erfiðleika við þvaglát, æxli í nýrnahettum, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Markaðsleyfishafi:Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.


### Landsbankinn hefur til þessa leiðrétt lán um 21 milljarð króna:

# Hafa skilað af sér 18.000 lánum

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn hefur lokið leiðréttingu endurreiknings á um 18.000 lánum sem kváðu á um ólögmæta gengistryggingu, þar með talin bílalán, fasteignalán og lán til fyrirtækja. Leiðréttingarnar nema um 21 milljarði króna, að því er fram kemur í tilkynningu.

„Undanfarna mánuði hefur verið lögð áhersla á að reikna lán sem féllu undir dóm Hæstaréttar í svokölluðu Plastiðjumáli. Lokið hefur verið við að leiðrétta um 90 prósent þeirra lána,“ segir þar. „Leiðrétting endurreiknings þeirra lána og samninga sem eftir eru hefur reynst flóknari og tímafrekari en áætlað var í fyrstu.“

Í kjölfar nýlegra dóma Hæstaréttar sem vörðuðu uppgreidda samninga og fjármögnunarleigusamninga segir bankinn að leiðrétta þurfi og endurreikna um sautján þúsund lán til viðbótar því sem áður hafði verið talið. „Bankinn hefur sett sér það markmið að leiðréttingu allra þessara lána verði að fullu lokið á fyrri hluta ársins 2014.“ - sáp



**Í LANDSBANKAÚTIBÚI** Í tilkynningu Landsbankans segir að viðskiptavinir megi eiga von á bréfi um niðurstöðu leiðréttingar lána þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# 2.800 umsóknir bárust um störf flugliða

**Um 1.200 manns sóttu um stöðu flugliða hjá WOW air sem er aukning um fjögur hundruð frá því í fyrra. Alls sóttu 1.600 manns um hjá Icelandair. 200 karlmenn voru á meðal umsækjenda hjá WOW air. 60 þeirra þreyta inntökupróf á morgun.**

**FLUG** Um 1.200 manns sóttu um sumarstörf flugliða (flugliða og flugþjóna) hjá flugfélaginu WOW air en þau voru auglýst í nóvember. Fimmtíu til sextíu verða ráðnir.

Þetta er mikil aukning frá því á svipuðum tíma og í fyrra þegar átta hundruð sóttu um störf flugliða. „Það má eflaust rekja þennan áhuga til þess að síðasta haust fengum við flugrekstarleyfi og til þess að í lok maí höfum við flogið í tvö ár og erum því orðið eldra og reyndara flugfélag,“ segir Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW air, spurð út í þennan mikla áhuga.

Um 1.600 manns sóttu um þau eitt hundrað störf flugliða sem voru í boði hjá Icelandair og 1.200 þreyttu inntökupróf. Samanlagt munu um sjö hundruð manns sinna flugliðastörfum hjá flugfélaginu næsta sumar, sem eru fleiri en nokkru sinni fyrr.

Þrjú hundruð þeirra sem sóttu um störf flugliða hjá WOW air fara í inntökupróf í Háskólabíói á morgun og í kjölfarið munu viðtöl hefjast um miðjan mánuðinn. „Þetta er frekar þungt próf. Það er mikill reikningur í því. Þarna er verið að breyta yfir í aðra mynd og annað. Það þarf líka að hafa góða tungumálakunnáttu og almenna þekkingu,“ segir Svanhvít.

Í hópi þeirra sem sóttu um starfið eru lögfræðingar, hjúkrunarfræðingar, leikarar, kennarar, dansarar, verkfræðingar, tannlæknanemar og afreksfólk í íþróttum. Elsti umsækjandinn er fæddur 1953 en aðeins þeir sem eru fæddir 1992 og eldri máttu sækja um.

Fleiri karlmenn voru á meðal umsækjanda í ár, eða um tvö hundruð í samanburði við áttatíu í fyrra. „Það er ánægjulegt að fleiri karlmenn lögðu inn umsókn því við viljum endilega fá sem flesta karlmenn inn í þetta starf,“ segir Svanhvít. Tæplega sextíu karlmenn munu þreyta inntökuprófið á morgun.

Næsta sumar starfa um 130 flugliðar hjá félaginu. WOW air verður með fimm vélar í rekstri og mun fljúga til sautján áfangastaða. Gert er ráð fyrir um sex hundruð þúsund farþegum með flugfélaginu á þessu ári en í fyrra flaug það með 450 þúsund farþega. freyr@frettabladid.is



**FLUGLIÐAR HJÁ WOW AIR** Næsta sumar munu 130 flugliðar starfa hjá flugfélaginu WOW air.

## UM 150 FLUGLIÐAR FÁ SUMARSTÖRF




**200** Tvö hundruð karlmenn sóttu um starf flugliða hjá WOW air.

### NSA vinnur hörðum höndum að því að koma sér upp ofurtölvu:

# Gætu sigrast á flestri dulkóðun

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríska þjóðaröryggisstofnunin NSA vinnur að því að koma sér upp ofurtölvu sem hægt væri að nota til að brjótast í gegnum nær allar tegundir af dulkóðun.

Washington Post skýrir frá þessu og vitnar í leyniskjöl, frá uppljóstraranum Edward Snowden.

Tölvan yrði svokölluð skammtatölva, en undanfarin ár hafa vísindamenn víða um heim unnið að því að gera þá tækni nothæfa, sem þarf til að búa til slíkar tölvur, en þær yrðu miklu öflugri en allar tölvur sem nú eru til.

Varla gætu nokkur dulkóðunarkerfi, sem notuð eru til að tryggja öryggi í bankastarfsemi, heilbrigðiskerfinu, fyrirtækjum og stofnunum, staðist reiknigetu slíkra tölva.

Samkvæmt skjölunum frá Snowden, sem upphaflega eru komin frá NSA, telja starfsmenn NSA sig vera komna langt á veg með þessa tækni, jafnvel lengra en flestir aðrir.

Töluvert langt kann þó að vera í að þessar hugmyndir verði að veruleika, því enginn hægðarleikur mun vera að nota skammtafræðina í þessu skyni. - gb



**FRÁ HÖFUÐSTÖÐVUM NSA** Vísindamenn hjá NSA telja sig langt komna með að búa til skammtatölvu. NORDICPHOTOS/AFP

ENNEMM / SÍA / NM60753






## Spennandi tilboð og afsláttarkjör

Viðskiptavinir í Vildarþjónustu Íslandsbanka geta nálgast yfirlit yfir tilboð og afsláttarkjör frá fjölmörgum fyrirtækjum um land allt í Íslandsbanka Appinu. Þú getur skoðað vildartilboð eftir staðsetningu og flokkum og merkt við þau sem þér finnst spennandi.

Í Vildarþjónustunni nýtur þú betri kjara og safnar frjálsum Íslandsbankapunktum með fjölbreyttum viðskiptum.

**Njóttu þess að vera í Vildarþjónustu Íslandsbanka og fylgstu með frábærum tilboðum í Appinu og á islandsbanki.is!**



### Vildartilboð í Appinu

- Gilda fyrir alla viðskiptavini í Vildarþjónustu
- Námsmenn fá að auki tilboð sem eru sérsniðin að þeirra þörfum
- Korthafar nýja Íslandsbanka American Express® kortsins fá að auki sérstök tilboð

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

Í NÆSTU VIKU VERÐA FÉLAGSFUNDIR Á NOKKRUM STÖÐUM.
FUNDIR VERÐA ÞANNIG:

MÁNUDAGINN 6. JANÚAR Á AKUREYRI
Á STRIKINU, SKIPAGÖTU 14

ÞRIÐJUDAGINN 7. JANÚAR Á SELFOSSI
Á HÓTEL SELFOSSI
OG Í REYKJANESBÆ
Á FLUGHÓTELI

MIÐVIKUDAGINN 8. JANÚAR Á SAUÐÁRKRÓKI
Á KAFFI KRÓK

FIMMTUDAGINN 9. JANÚAR Á REYÐARFIRÐI
Á TÆRGESEN

NESKAUPSSTAÐ
Í EGILSBÚÐ

FÖSTUDAGINN 10. JANÚAR Í REYKJAVÍK
Á GRAND HÓTEL, HVAMMI

ALLIR FUNDIR KL. 12.00
HÁDEGISVERÐUR Í BOÐI




Á vef Reykjavíkurborgar undir „mínar síður“ geta fasteignaeigendur:

- sent inn erindi vegna fasteignagjalda
- skoðað álagningarseðil fasteignagjalda fyrir árið 2014 (eftir 27. janúar nk.) og alla breytingarseðla þar á eftir
- skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda
- valið einn eða níu gjalddaga fasteignagjalda til 15. janúar 2014
- gefið upp reikningsnúmer ef til endurgreiðslu kemur
- óskað eftir að fá senda greiðsluseðla fyrir fasteignagjöldum þar sem þeir verða, líkt og áður, ekki sendir út til greiðenda, 18-71 ára

Fasteignagjöld í Reykjavík verða innheimt í heimabönkum. Fasteignaeigendum er jafnframt bent á beingreiðslur hjá öllum bankastofnunum eða boðgreiðslur af greiðslukortum.

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið upplysingar@reykjavik.is eða í síma 411 1111.

Reykjavíkurborg
www.reykjavik.is



**FER Í ÖLL ÍBÚÐARHÚS** Starfsmenn Þjótanda sjá um lagningu ljósleiðarans. MYND/HVALFJARÐARSVEIT.

# Sjá loks ljósið í byrjun mars

**Framkvæmdum við lagningu ljósleiðara í Hvalfjarðarsveit lýkur um miðjan júní. Fyrstu heimilin ættu að geta notað kerfið eftir tvo mánuði. Sveitarfélagið á kerfið sem kostar um þrjú hundruð milljónir króna.**

**FJARSKIPTI** „Við gerum ráð fyrir að fyrstu heimilin geti mögulega farið að nota ljósleiðarann í byrjun mars,“ segir Laufey Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar.

Íbúar sveitarfélagsins sjá nú fyrir endann á þrjú hundruð milljóna króna verkefni sem hófst síðasta vor þegar sveitarstjórnin ákvað að leggja ljósleiðara í öll íbúðarhús í Hvalfjarðarsveit. Sveitarstjórnin hafði áður auglýst eftir áhugasömum aðilum sem gætu komið að uppbyggingu kerfisins en komst á endanum að þeirri niðurstöðu að hafna öllum tilboðum.

„Við settum verkið í útboð og fyrirtækið Þjótandi átti lægsta boð. Við gerum ráð fyrir að vinnu þeirra ljúki um miðjan júní,“ segir Laufey.

Hún segir sveitarfélagið eiga kerfið en að aðrir komi til með að bjóða íbúum upp á netþjónustu.

„Við höfum bent fjarskiptafyrirtækjunum á að framkvæmdum ljúki á árinu. Svo er það þeirra að tengja íbúana en hér búa um 620 manns og þetta eru tæplega tvö hundruð heimili. Það eru ómetanleg lífsgæði fólgin í því að hafa aðgengi að háhraðanettengingu og þau lífsgæði voru einfaldlega ekki nógu góð hér,“ segir Laufey.

Sveitarfélagið varð til árið 2006 með sameiningu fjögurra hreppa. Það skuldar lítið og skilaði samkvæmt ársreikningi rekstrarafgangi upp á 103 milljónir króna árið 2012. Tekjur sveitarfélagsins koma að stórum hluta í gegnum fasteignagjöld fyrirtækja á Grundartangasvæðinu.



> **Það eru ómetanleg lífsgæði fólgin í því að hafa aðgengi að háhraðanettengingu og þau lífsgæði voru einfaldlega ekki nógu góð hér.**
>
> *Laufey Jóhannsdóttir, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar*

„Rekstrartekjur sveitarfélagsins árið 2012 voru 622 milljónir króna. Um 65 prósent af okkar fasteignatekjum koma frá þessum fyrirtækjum á Grundartanga og öðrum stórfyrirtækjum í sveitarfélaginu eins og olíubirgðastöðinni og Hval hf.“

Faxaflóahafnir, sem eiga lóðirnar á Grundartanga, hafa átt í viðræðum við sveitarfélagið um breytingar á aðalskipulagi svæðisins. Ef sveitarfélagið ákveður að breyta skipulaginu gæti fyrirtækjum á svæðinu fjölgað og tekjur Hvalfjarðarsveitar aukist.

„Það er ekki komin nein niðurstaða í það mál en það er eitt af því sem verið er að skoða. Svona skipulagsbreytingar taka alltaf einhvern tíma,“ segir Laufey.

haraldur@frettabladid.is



**HLÍÐ Í HVALFJARÐARSVEIT** Skortur á góðri nettengingu torveldar þeim sem reka ferðaþjónustu í sveitarfélaginu að bjóða gestum upp á háhraðanettengingar. Allt horfir það þó til bóta því ljósleiðaratenging er væntanleg. MYND/HLÍÐ

## Skrefum fram á við er tekið fagnandi

„Netið hér er stundum hægvirkt og það á til að frjósa og maður hefur lent í því að geta ekki sent frá sér tölvupóst eða tekið við honum,“ segir Eyjólfur Jónsson bóndi á bænum Hlíð í Hvalfjarðarsveit. Hann og eiginkona hans, Ingibjörg Pétursdóttir, reka einnig ferðaþjónustu á bænum. Gott netsamband er þeim því mikilvægt.

„Við vorum sammála því þegar sveitarfélagið ákvað fara í þessar framkvæmdir. Maður fagnar þessum breytingum og þetta er skref fram á við,“ segir Eyjólfur.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

KRONBORG® OF DENMARK




60% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 4.995

1.995

**MONTE CORNO SÆNG**
Góð sæng sem er í raun 2 sængur sem hægt er að smella saman. Önnur er 600 gr. að þyngd og hin 800 gr. Má þvo við 60°C. Stærð: 135 x 200 sm. Vnr. 4142150

NIGHT DREAMS

BASIC FRÁBÆRT VERÐ



43% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 2.995

1.495

**HELGA SÆNGURVERASETT**
Töff, straufrítt sængurverasett.
Efni: 70% polyester og 30% bómull.
Lokað að neðan með tölum.
Vnr. 1257680

**BOX ONE PLASTKASSAR**
Góðir plastkassar með smelltu loki.
32 lítra á hjólum **1.295** nú **895**
Bedroller á hjólum **1.495** nú **995**
40 lítra á hjólum **1.995** nú **1.395**
75 lítra **3.495** nú **2.445**
Vnr. 5710255101401

VERÐ FRÁ:

895



30% AFSLÁTTUR

# ÚTSALA

**BILLUND TUNGUSÓFI**
Efni: PELLISIMA leður. Stærð: B300 x D85 x H86 sm. Hægt að fá með tungu hægra eða vinstra megin. Tunga 175 sm.
Vnr. 8880000271



TUNGUSÓFI

SPARIÐ 60.000

FULLT VERÐ: 199.950

139.950

Tilboðin gilda til 15.01.14




Stjórnarformaður Gámaþjónustunnar segir borgina sitja beggja vegna borðs:

# Samkeppnisaðili gefur út leyfi

**REYKJAVÍK** Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur synjaði Gámaþjónustunni um leyfi til að safna lífrænum eldhúsúrgangi frá heimilum. Gámaþjónustan kærði ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í október og bíður enn niðurstöðu.

Stjórnarformaður Gámaþjónustunnar segir starfsmenn fyrirtækisins finna fyrir miklum áhuga hjá almenningi að fá tækifæri til þess að flokka úrgang enn frekar en fólk gerir í dag og vill hann meina að Reykjavíkurborg vilji annast slíka þjónustu frá a til ö. „Okkur finnst það einkennilegt að þurfa að sækja um starfsleyfi til Reykjavíkurborgar sem er í raun og veru að keppa við okkur á þessum markaði.“

Elíasi finnst skrítið að Reykjavíkurborg gefi út sérstakt leyfi til fyrirtækisins. „Það er gefið leyfi í einu herbergi en í næsta er verið að stjórna rekstri sem er sambærilegur við það sem við erum að sækja um. Þetta er sérkennileg stjórnsýsla svo ekki sé meira sagt.“ **- ebg**



**BLÁA TUNNAN** Reykjavíkurborg rekur þjónustu við bláu tunnurnar sem er í samkeppni við endurvinnslugáma Gámaþjónustunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lögreglan stal líki fórnarlambsins

Foreldrar sextán ára stúlku, sem var nauðgað tvisvar sinnum af hópi karla á Indlandi og síðan myrt, segjast ekki ætla að láta neins ófreistað til þess að fá illvirkjana dæmda. Fjölmennir mótmælafundir í borgum Indlands krefjast breytinga.

**INDLAND** Víða á Indlandi hefur verið efnt til mótmæla síðustu daga vegna hrottalegrar hópnauðgunar á sextán ára stúlku, sem lést á gamlársdag af brunasárum.

Foreldrar stúlkunnar segjast í viðtölum við fjölmiðla ekki ætla að láta neins ófreistað til þess að fá ofbeldismenninda dregna fyrir dóm og tekna af lífi.

Þeir saka lögregluna um að hafa reynt að þagga málið niður. Meðal annars hafi lögreglumenn stolið líki hennar á þriðjudagskvöldið var og látið brenna það þvert gegn vilja fjölskyldunnar, sem hafði beðið um að beðið yrði þangað til á miðvikudag.

„Á meðan ég dreg andan verður það eina markmið lífs míns að fá réttlætinu framgengt fyrir hennar hönd,“ hefur breska útvarpið BBC eftir föður hennar, og móðir stúlkunnar segir að dóttir sín hafi beðið hana um að „sjá til þess að þeir sem gerðu mér þetta verði hengdir.“

Stúlkunni var nauðgað tvisvar af hópi manna í heimabæ hennar, Madhyamgram, á sunnanverðu Indlandi. Fyrst þann 26. október og síðan aftur daginn eftir þegar hún sneri heim til sín eftir að hafa kært árásina til lögreglu.

Ofbeldið hélt svo áfram því þann 23. desember kveiktu tveir árásarmannanna í henni. Hún var flutt á sjúkrahús með alvarleg brunasár og lést af völdum þeirra á síðasta degi ársins.

Sex menn höfðu þá verið ákærðir fyrir hópnauðgun og annað ofbeldi gegn stúlkunni. Í fyrstu var talið að stúlkan hefði kveikt í sér sjálf, en síðar kom í ljós að ekkert var hæft í því.

Viðbrögð almennings á Indlandi hafa verið hörð, enda var þá nýbúið að minnast þess að ár var liðið frá annarri hrottalegri hópnauðgun í Nýju-Delhí. Ung kona lét þá lífið eftir að hópur manna hafði ráðist á hana og vin hennar í strætisvagni og misþyrmdu þeim báðum hrottalega.

Fátt virðist hafa breyst varðandi nauðganir á Indlandi það ár, sem liðið er frá fyrri nauðguninni, þrátt fyrir stór orð stjórnvalda og hörð viðbrögð almennings. Að sögn lögreglunnar á Indlandi eru fjórar nauðganir kærðar á hverjum degi í höfuðborginni Nýju-Delhi. **gudsteinn@frettabladid.is**




**MÓTMÆLI** Hópur kvenna efndi til mótmæla í borginni Kolkata í gær gegn hópnauðgun og morði á sextán ára stúlku. NORDICPHOTOS/AFP

➜ Stúlkunni var nauðgað tvisvar af hópi manna í heimabæ hennar, Madhyamgram, á sunnanverðu Indlandi. Fyrst þann 26. október og síðan aftur daginn eftir þegar hún sneri heim til sín eftir að hafa kært árásina til lögreglu.








Ljósmynd: Páll Kristjánsson, 1986. Elliðaárvirkjun. Gamla stöðvarhúsið,vélasalur.

ENNEMM / SÍA / NM60439

Það eru margir merkir kaflar í sögu Orkuveitu Reykjavíkur og forvera hennar, allt frá því að Reykvíkingum var tryggt hreint vatn árið 1909 og Kristján konungur ræsti Elliðaárstöðina árið 1921.

Nú um áramótin hefst áhugaverður kafli þegar nýtt dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur tekur við framleiðslu og sölu á rafmagni eins og kveðið er á um í raforkulögum.

Framundan eru spennandi tímar og verkefni sem við hlökkum til að vinna með viðskiptavinum okkar.

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

Orka náttúrunnar er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur.

**Orkuveita Reykjavíkur**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 516 6000 · www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur



# Tilfinningaraskanir barna

## Árleg ráðstefna Barna- og unglingageðdeildar LSH

Föstudag 10. janúar 2014 kl. 8-16:10. Reykjavik Natura Icelandair Hotels

| Á dagskrá ráðstefnunnar verða eftirfarandi fyrirlestrar: |
| --- |
| **Tilfinningaraskanir barna**<br>Ólafur Ó. Guðmundsson, yfirlæknir legudeildar BUGL |
| **Parents and teachers working with anxious youth: „Let´s not accommodate“**<br>Philip C. Kendall, Ph.D. |
| **Sjálfsvíg ungs fólks og fyrirbyggjandi aðgerðir**<br>Wilhelm Norðfjörð, sálfræðingur |
| **Þrautin að þola: Díalektísk atferlismeðferð**<br>Ágústa I. Arnardóttir, sálfræðingur á göngudeild BUGL |
| **Fjölskyldunálgun í sjálfsskaðandi hegðun**<br>Vilborg G. Guðnadóttir, geðhjúkrunarfr., deildarstjóri á legudeild BUGL |
| **Fjölskyldumeðferð þegar barn er með tilfinningavanda**<br>Guðlaug M. Júlíusdóttir, félagsráðgjafi, MA, verkefnastjóri félagsráðgjafar á BUGL og BSP |
| **Óttinn við að vera ég sjálf(ur) – fólkafobía**<br>Sigurður Rafn A. Levy, sálfræðingur á göngudeild BUGL |
| **Meðferðarvinna í bráðafasa**<br>Edda Arndal, geðhjúkrunarfræðingur í bráðateymi BUGL og Ragna Kristmundsdóttir, sérfræðingur í geðhjúkrun barna og unglinga í bráðateymi BUGL |
| **Anxiety and depression in youth: Considerations concerning comorbidity**<br>Philip C. Kendall, Ph.D. |
| **Söngatriði og reynslusaga**<br>Sigríður og Elísabet Eyþórsdætur |
| **Þunglyndi og geðhvörf unglinga**<br>Dagbjörg Sigurðardóttir, barna- og unglingageðlæknir á legudeild BUGL |
| **Áráttu- og þráhyggjuröskun**<br>Dr. Bertrand Lauth, barna- og unglingageðlæknir á göngudeild BUGL |
| **Lyfjameðferð**<br>Gísli Baldursson, barna- og unglingageðlæknir á göngudeild BUGL |
| **Klókir litlir krakkar fyrir leikskólabörn**<br>Kolbrún Ása Ríkharðsdóttir, sálfræðingur og Þórunn Ævarsdóttir, sálfræðingur |
| **Svefn, geðræn heilsa og hugræn atferlismeðferð**<br>Erla Björnsdóttir, sálfræðingur og doktorsnemi í svefnrannsóknum við Læknadeild HÍ |
| **Heilsueflandi APP fyrir ungt fólk - að leika sér með alvöruna**<br>Erlendur Egilsson, sálfræðingur á BSP og doktorsnemi við Sálfræðideild HÍ |

**Vinsamlegast skráið ykkur fyrir 8. janúar 2014.**
**Sjá nánari upplýsingar um dagskrá og skráningu á vefsíðu Landspítalans og á fésbókinni – BUGL ráðstefna.**
**Verð kr. 12.000, kaffi og hádegisverðarhlaðborð innifalið.**

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS
BUGL



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




SAFT




**ÓLEYFILEGT** Samkvæmt úrskurði Persónuverndar var Barnavernd Reykjavíkur óheimilt að fletta upp einstaklingi á vanskilaskrá og nota upplýsingarnar í dómsmálum um forræðissviptingu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Barnavernd Reykjavíkur gert að bæta vinnubrögð:

# Var ekki heimilt að nota vanskilaskrá

**FÉLAGSMÁL** Creditinfo hafði samband við Persónuvernd í maí og óskaði álits á heimild Barnaverndarnefndar Reykjavíkur til að fletta upp einstaklingi á vanskilaskrá vegna forræðissviptingarmáls sem rekið væri fyrir dómstólum. Barnaverndarefndin taldi að hún mætti fletta viðkomandi upp.

Persónuvernd segir hins vegar að samkvæmt starfsleyfi Creditinfo Lánstrausts megi aðeins vinna fjárhagsupplýsingar um einstaklinga sem hafa þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða, svo sem ef hann ætlar að taka lán eða vegna greiðslukortaþjónustu.

Persónuvernd kemst því að þeirri niðurstöðu að uppfletting Barnaverndar Reykjavíkur á upplýsingum um tiltekinn einstakling í vanskilaskrá Credidinfo í tilefni af málarekstri fyrir dómi samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Skal Barnaverndarnefnd eigi síðar en 9. janúar á þessu ári senda Persónuvernd staðfestingu á eyðingu þeirra upplýsinga hjá nefndinni og skriflega lýsingu á því hvernig tryggt verði að uppflettingar í skránni af hennar hálfu samrýmist lögum í framtíðinni. **- jme**

Fréttablaðsappið sótt 35 þúsund sinnum:

# Fréttablaðið mikið lesið í snjalltækjum

**TÆKNI** „Nú hafa 35 þúsund einstaklingar hlaðið niður Fréttablaðsappinu,“ segir Mikael Torfason aðalritstjóri um Fréttablaðsappið sem hægt er að ná í fyrir alla snjallsíma og spjaldtölvur. Appið virkar þannig að um er að ræða rafræna áskrift að Fréttablaðinu þannig að notendur fái blaðið sent beint í snjallsímann eða spjaldtölvuna á hverjum morgni.

Appið kom út 24. maí á síðasta ári og var um tíma vinsælasta smáforritið á forritaveitum bæði Apple og Android. „Það er ánægjulegt að notkun á Fréttablaðsappinu eykst jafnt og þétt og hversu stór hluti lesenda okkar nýtir sér þessa þjónustu en Fréttablaðið er mest lesna blað landsins,“ segir Mikael. Auðvelt er fyrir alla að hlaða appinu niður, án endurgjalds, undir leitarorðinu Fréttablaðið. **- skó**




**ÞÆGILEGT Í SUMARBÚSTAÐINN** Með Fréttablaðsappinu er hægt að lesa blaðið hvar sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


| ÍSAFJÖRÐUR | REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR | REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR | REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR | REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSA




Faxafeni 5, Reykjavik, S: 588 8477 | Skeiði 1, Ísafirði, S: 456 4566 | Dalsbraut 1, Akureyri • S: 558 1100 • www.betrabak.is




Rafmagnið er orðið svo sjálfsagt að við tökum ekki lengur eftir því. Eins og ekkert sé skiptum við út myrkri og kulda fyrir notalega birtu og hlýju, fáum okkur kaffi og fyllum húsið af tónlist.

Þetta er allt náttúrunni að þakka og hvort sem við búum fyrir austan, vestan, norðan eða sunnan erum við öll tengd við náttúruna.

Orka náttúrunnar er nýtt fyrirtæki sem hefur tekið við rafmagnsframleiðslu og sölu frá Orkuveitu Reykjavíkur. Nú geta allir landsmenn notið þeirrar raforku sem Orka náttúrunnar framleiðir á ábyrgan hátt.

Við byggjum á traustum grunni en markmið okkar er enn betri þjónusta við öll þau heimili og fyrirtæki sem treysta á rafmagn frá okkur.

Orkuveita Reykjavíkur

Orka náttúrunnar er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

on
ORKA NÁTTÚRUNNAR

Riiiiiiiisa

# ÚTSALA

HEFST Í DAG



20-50% AFSLÁTTUR

ÖLL SMÁVARA



20% AFSLÁTTUR

359.990
FULLT VERÐ: 449.990

**LARAMIE** Hornsófi.
Brúnt microfiber. D: 95 H: 95 L: 250x250 cm.

**MISY** hliðarborð.
Grátt, rautt, svart og gult.



60% AFSLÁTTUR

5.996
FULLT VERÐ: 14.990



20% AFSLÁTTUR

215.990
FULLT VERÐ: 269.990

**BRIGHTON** 3ja sæta sófi.
Svart leður.
« 2ja sæta 150 x 80 H: 80 cm.
3ja sæta 208 x 80 H: 80 cm. »

255.990
FULLT VERÐ: 319.990



LA-Z-BOY
20-30%
AFSLÁTTUR

LAZBOY



ARNAR
30%
AFSLÁTTUR

realflame



25% AFSLÁTTUR

**ANDREW**
borðstofustólar.
Brúnt, svart eða
hvítt leður.

14.990
FULLT VERÐ: 19.990

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17

# ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR |
SÓFABORÐ | BORÐSTOFUBORÐ |
BORÐSTOFUSTÓLAR | SVEFNSÓFAR |
BORÐSTOFUSKÁPAR |
BAKBORÐ | HORNBORÐ |
PÚÐAR | DÚKAR |
BODUM-SMÁVARA |
O.FL. | O.FL. | O.FL.

IDdesign
LA-Z-BOY
Broyhill
LAUREN RALPH LAUREN
bodum
södahl
VIDIVI Vetri delle Venezie MADE IN ITALY



**CELICO** tungusófar (hægri og vinstri)
Stærð: 225 x 90 x 160 (tunga) H 85 cm.
Rautt, svart eða ljóst slitsterkt áklæði.
**CELICO** hnakkapúði uppseldur.

133.794
FULLT VERÐ 229.990

40% AFSLÁTTUR



**CELICO** 2 sæta
Stærð: 180 x 90 x H 85 cm.
Rautt, svart eða ljóst slitsterkt áklæði.

77.994
FULLT VERÐ 129.990



**CELICO** 3 sæta
Stærð: 220 x 90 x H 85 cm.
Rautt, svart eða ljóst slitsterkt áklæði.

95.994
FULLT VERÐ 159.990

40% AFSLÁTTUR



**TORRINO** stóll
Stærð: 73 x 74 x H 75 cm
Svart slitsterkt leður

27.594
FULLT VERÐ: 45.990

25% AFSLÁTTUR



284.990
FULLT VERÐ 379.990

**OREGON** Hornsófi með tungu.
Stærð: 305x240x150 H 85 cm. Tunga getur verið beggja vegna. Grátt slitsterkt áklæði.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl og meðan birgðir endast.

60% AFSLÁTTUR



**KARISMA**
eldhúsborð.
120 x 75 H 74 cm.
Bæsaður viður.

9.996
FULLT VERÐ: 24.990

30% AFSLÁTTUR



**BELINA** borðstofuborð
stækkanlegt með 2 stækkunum
L 170/270 B 100 H 74 cm.

76.930
VERÐ: 109.900

0% VEXTIR
HÚSGAGNAHÖLLIN
býður upp á
vaxtalaus lán til
allt að 12 mánaða

HÚSGAGNAHÖLLIN

G Dalsbraut 1 • Akureyri OPIÐ Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 EITT SÍMANÚMER 558 1100

Hvað ef þjóðin vill aðra stefnu en stjórnin?

# Hlusta eða fara

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði í Kryddsíldinni á Stöð 2 á gamlársdag að hann væri afslappaður gagnvart tímasetningunni á þjóðaratkvæðagreiðslu um framhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið, sem báðir stjórnarflokkarnir lofuðu fyrir kosningar.

Forsætisráðherrann vitnaði síðan til samtals síns við tvo æðstu embættismenn Evrópusambandsins síðastliðið haust:



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

„Ég spurði: Hvernig tækjuð þið í það ef það yrði haldin þjóðaratkvæðagreiðsla á Íslandi um hvort Ísland ætti að gerast aðili að sambandinu eða vera í þessum viðræðum og það yrði samþykkt, en ríkisstjórnin sem ætti að vera í þeim viðræðum væri á móti aðild? Hvorugur þeirra hafði nú nokkurn tímann heyrt um annað eins, báðir þurftu að hugsa sig dálítið um, en komust að sömu niðurstöðu, að það gengi bara ekki upp. Það væri ekki hægt að vera í viðræðum við ríkisstjórn um aðild að Evrópusambandinu ef sú ríkisstjórn væri ekki með það að markmiði að ganga í sambandið.“

Það er rétt að ríkisstjórn sem stýrir aðildarviðræðum ríkis við Evrópusambandið hlýtur að stefna að því að ná sem beztum samningi þannig að það geti orðið aðildarríki. Það eru reyndar engin fordæmi fyrir því að haldin sé þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild að Evrópusambandinu eða aðildarviðræður áður en þær hefjast eða meðan á þeim stendur. Almenningur í ríkjum ESB hefur greitt atkvæði að viðræðum loknum, um fyrirliggjandi aðildarsamning. Þegar að því leyti væri þessi staða fáheyrð.

Annars borgar sig ekki að leggja of mikið upp úr endursögn Sigmundar Davíðs á því sem leiðtogum ESB finnst; nýleg reynsla sýnir að slíkar frásagnir eru ónákvæmar. Leiðtogar Evrópusambandsins hafa margítrekað að Ísland sé velkomið og kallað eftir því að ákvörðun um framhald aðildarviðræðna verði tekin sem fyrst.

Stöldrum frekar við þá afstöðu Sigmundar Davíðs sem felst í orðum hans. Hann sér fyrir sér ómögulega stöðu ef þjóðin kemst að niðurstöðu í atkvæðagreiðslu sem er þvert á stefnu stjórnarinnar. Hvað þýðir sú afstaða í víðara samhengi? Hvað þýðir hún til dæmis fyrir fallegu orðin, sem allir stjórnmálaflokkar kvitta upp á, um að setja eigi í stjórnarskrána að tiltekinn hluti kjósenda geti krafizt þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin mál?

Ef stjórnmálamenn meina á annað borð eitthvað með talinu um beint lýðræði, verða þeir að vera reiðubúnir að taka mark á þeim þjóðarvilja sem kemur fram í slíkum atkvæðagreiðslum. Ríkisstjórn sem fær niðurstöðu úr þjóðaratkvæðagreiðslu sem gengur gegn stefnu hennar á tvo kosti. Hún getur breytt stefnunni og starfað í samræmi við niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar eða hún getur sagt af sér og boðað til kosninga.

Núverandi ríkisstjórn má augljóslega ekki til þess hugsa að þurfa að breyta stefnu sinni gagnvart Evrópusambandinu ef meirihluti kjósenda kysi að halda aðildarviðræðunum áfram. Og ekki hugnast ráðherrunum heldur að þurfa þá að víkja úr stólunum. Þess vegna ætla þeir ekki að halda neina þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þeir geta þá sleppt fagurgalanum um beint lýðræði á meðan.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

Sumarbúðir á Spáni

Menntun, skemmtun, tungumál og leiðtoganámskeið fyrir 14 - 18 ára.

Ferðaskrifstofan Mundo heldur kynningarfund um sumarbúðir á Spáni fyrir 14 - 18 ára á Hallveigarstöðum 5. janúar klukkan 17.00.

Allir velkomnir!

MUNDO
www.mundo.is

FERÐASKRIFSTOFA FERÐAMÁLASTOFA LEYFISHAFI

Nánari upplýsingar veitir Margrét Jónsdóttir Njarðvík í síma 691 4646 eða margret@mundo.is

## SPOTTIÐ




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Hin hliðin

Forsætisráðherra kvaddi gamla árið með snotru sjónvarpsávarpi. Þar var réttilega getið um þau efni sem snúist hafa til betri vegar fyrir þjóðina jafnframt því sem vísað var í hetjur frelsisbaráttunnar eins og við hæfi er á lokadegi hvers árs. Þó að ekkert hafi verið missagt í þessum ágæta texta er forvitnilegt að skoða hina hlið nokkurra þeirra atriða og tilvitnana sem gerð voru að umtalsefni.

Ærin ástæða var til að minnast á sigur Íslands í Icesave-málinu fyrir EFTA-dómstólnum. Hin hlið þeirra góðu tíðinda var þó ekki nefnd. Hún er sú að það voru lög Evrópusambandsins sem í þessu tilviki vernduðu Ísland í deilum



við tvö af aðildarríkjum þess. Þetta er því gott dæmi um hvernig smáríki hagnast á þátttöku í alþjóðasamstarfi og aðild að alþjóðlegri löggjöf.

Í þessu samhengi hefði forsætisráðherra einnig getað rifjað upp að hann og forseti Íslands höfðu um það stór orð fyrir dómsuppkvaðninguna að dómstóll úti í Evrópu hefði ekki vald til að gera út um málið; aðeins íslenskir dómstólar gætu veitt Íslandi skjól. Annað kom á daginn og gott eitt er um það að segja að menn geri ekki veður úr því að þeim hafi sjálfum skjöplast.

Í samskiptum ríkja er það gjarnan afl þeirra stóru sem ræður. Í bandalögum ríkja er dregið úr þessu ofurvaldi. Það er ein helsta ástæðan fyrir því að minni ríki sjá sér hag í slíku samstarfi. Utanríkisráðherra hyggst nú gera Kína að þeim bandamanni sem Evrópuríkin hafa verið. Í þeim samskiptum mun fara minna fyrir þeirri vernd af alþjóðlegu regluverki og dómstólum sem við nutum í Icesave.

Menn þurfa einfaldlega að sjá fyrir sér báðar hliðar Icesavemálsins til að geta dregið af því skynsamlegar ályktanir.

## Baldvin var með annan fótinn í Evrópu

Vel fór á því að forsætisráðherra skyldi minnast á Baldvin Einarsson sem hóf útgáfu á tímaritinu Ármann á Alþingi í því skyni „að vekja andann í þjóðinni og fá hana til að meta sjálfa sig réttilega“. Ekki var ofmælt hjá ráðherranum að boðskapur hans á enn jafnvel við og þá.

En hver var boðskapurinn? Hlutverk Baldvins Einarssonar var eins og annarra helstu eldhuga frelsisbaráttunnar á nítjándu öld að flytja nýja hugsjónastrauma frá meginlandi Evrópu hingað norður eftir.

Jón Aðils sagnfræðingur lagði meiri rækt við íslenskt þjóðerni en margur annar. Í erindi um Baldvin Einarsson og Fjölnismenn, sem birtist í ritinu Dagrenning 1910, segir hann: „Baldvin stendur með annan fótinn í fortíðinni, en hinn í framtíðinni, eða öllu heldur með annan fótinn úti í Evrópu, þar sem Magnús [Stephensen] stóð með báða fætur, en hinn heima á Íslandi.“

Baldvin Einarsson var ekki Evrópusinni í nútíma merkingu orðsins. En þessi greining varpar ljósi á þá staðreynd að frelsisbarátta Íslendinga var ekki einangrað fyrirbæri. Hún var hluti af pólitískri gerjun í Evrópu. Frelsishetjurnar tryggðu að við urðum ekki viðskila í heimi nýrra hugmynda.

Mikilvægt er að forystumenn landsins leggi hverju sinni sitt af mörkum til þess að halda anda þessa tíma vakandi. En við lærum lítið ef einungis er horft á aðra hlið þeirrar sögu. Þegar hún er virt frá báðum hliðum kennir hún að við megum ekki skilja okkur frá þeim þjóðum sem næst okkur standa. Sjálfstæði okkar hangir á þeirri spýtu. Það var og er boðskapurinn.

## „Að sitja sinn í hverju horni“

Það var einnig við hæfi að forsætisráðherra skyldi ljúka áramótaboðskap sínum með þessari tilvitnun í ávarp Fjölnismanna: „Óskandi væri Íslendingar færu að sjá, … að það er aumt líf og vesælt, að sitja sinn í hverju horni, og hugsa um ekkert nema sjálfan sig, og slíta svo sundur félag sitt, og skipta sundur afli sínu í svo marga parta sem orðið getur – í stað þess að halda saman og draga allir einn taum, og hugsa fyrst og fremst um heiður og velgengni landsins, sem öllum góðum Íslendingum ætti þó að vera í fyrirrúmi.“

Þegar þessi orð voru færð í letur voru milliríkjasamningar næsta fátíðir og má heita að þeir hafi helst snúist um stríðslok og landamæri. Nú tæpum tveimur öldum síðar velta flest viðfangsefni einstaklinga og ríkja aftur á móti á alþjóðlegum samningum og reglum. Í því nýja umhverfi er nú uppspretta helstu framfara.

Í dag er það því ávísun á aumt líf og vesælt þegar þjóðir sitja hver í sínu horni, slíta sundur félag sitt og skipta aflinu í marga parta. Velgengni þeirra og heiður byggist öðru fremur á hinu að halda saman.

Það er sem sagt önnur hlið á þessari tilvitnun í ávarp Fjölnismanna að í nútímanum geymir hún jafn gildan rökstuðning fyrir virku samstarfi þjóða sem byggja á sömu hugsjón frelsis og mannréttinda og Ísland á mest samskipti við. Sú hugsun ætti að vera í fyrirrúmi hjá öllum góðum Íslendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is*
**DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*



Reykjavík & Akureyri
50% afsláttur
af öllum jólavörum
Gleðileg Jól
40% afsláttur
af öllum púðum
Heima er best
25-50% afsláttur
af öllum rúmfötum
30% afsláttur
af öllum barnafötum
Öllum þykir vænt um náttúruna
Í samstarfi við Rauða krossinn tökum við á móti notuðum fötum & rúmfötum frá Lín Design. Við bjóðum þér 15% afslátt af nýrri vöru. Rauði krossinn kemur notaðri vöru áfram til þeirra sem þarfnast hennar.
RAUÐI KROSSINN ÍSLANDI
ÚTSALAN HEFST Í DAG
25-60% afsláttur af öllum vörum
40+ tegundir
rúmfata með
25-50%
afslætti
30-60% afsláttur
af allri smávöru
25-50% afsláttur
af öllum barnavörum
Sendum frítt úr vefverslun
lindesign.is
30% afsláttur
af öllum ofnhönskum
30% afsláttur
af öllum eldhúsvörum
30% afsláttur
af öllum barnafötum
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 & Glerártorgi Akureyri Sími 533 2220 www.lindesign.is



**Júlía Margrét Alexandersdóttir blaðamaður**

### Lestur og leikfimi

Ég ætla fara í Kolaportið, elda hamborgara með beikoni og horfa á Landann með syni mínum. Ég er að lesa Einar Kárason aftur, Ofsa, og klára Ár drekans eftir Össur Skarphéðins sem er ótrúlega skemmtileg. Svo ætla ég að lesa, borða og jafnvel gera leikfimiæfingar undir leiðsögn Youtube.



**Elfar Logi Hannesson leikari**

### Úr útlegð

Stefni að því að komast úr útlegð í Haukadalnum og aftur heim á Ísafjörð. Eins og er þá er allt lokað svo kannski verður maður bara hér í dalnum yfir helgina og það væri bara næs, spjalla við Gísla Súra og svona.



**Jón Þór Þorleifsson smali**

### Nafnaveisla

Mín bíður skemmtileg veisla í dag, nafnaveisla bróðurdóttur minnar sem fæddist í sumar úti í Englandi og er á landinu núna með foreldrum. Hún heitir Karen Birta. Þetta verður hápunktur helgarinnar. Ég ætla að fá mér kökusneið en svo bíður bara detox.



**Sigurður G. Valgeirsson menningarrýnir**

### Göngutúr

Ég býst við að hefja daginn á að fara í langan göngutúr, helst með sjónum heima í Hafnarfirði með konu minni og hundum. Á sunnudag var ég búinn að lofa bróðurdóttur minni kafla um eigin uppvöxt. Hún er að safna upplýsingum um forfeður sína.

# Fyrstu tónleikarnir á Íslandi

Jökull Ernir Jónsson, sem býr í Los Angeles og starfrækir þar hljómsveitina The Evening Guests, hóaði saman íslenskri útgáfu af sveitinni fyrir fyrstu tónleika hennar hér á landi á Gauknum í kvöld.

**Kjartan Guðmundsson**
kjartan@frettabladid.is

Þetta var hálfgerð skyndiákvörðun. Ég var í viðtali hjá Matta í Popplandinu á Rás 2 og hann spurði mig hvort við ætluðum ekki að fara að halda tónleika á Íslandi. Ég gat eiginlega ekkert sagt þá, enda erum við allir fátækir tónlistarmenn og það er dýrt að fljúga frá Los Angeles til Reykjavíkur, en um leið og ég lagði á fór ég að hugsa þetta betur og fannst alls ekki galin hugmynd að gera þetta svona,“ segir Jökull Ernir Jónsson, forsprakki hljómsveitarinnar The Evening Guests, sem heldur sína fyrstu tónleika á Íslandi á Gauknum í kvöld ásamt sveitunum Lily of the Valley og Blær.

Jökull Ernir er búsettur í Los Angeles þar sem hann starfrækir The Evening Guests, sem leikur nokkurs konar sambland af indírokki og írskri þjóðlagatónlist, ásamt hópi bandarískra tónlistarmanna og bassaleikara frá Taívan. Sveitin sendi frá sér sína fyrstu EP-plötu, Not in Kansas Anymore, á síðasta ári og nýtti sér vefsíðuna Kickstarter.com til að fjármagna gerð hennar. Útgáfa The Evening Guests sem kemur fram á Gauknum í kvöld er þó frábrugðin þeirri sem alla jafna er. „Það hefði verið svo rosalega dýrt að fljúga með alla strákana hingað frá Bandaríkjunum að ég ákvað að hóa saman í íslenska útgáfu af sveitinni og hringdi í nokkra vini mína sem eiga það sameiginlegt að vera frábærir tónlistarmenn,“ útskýrir Jökull Ernir og segist til að byrja með ekki hafa vitað við hverju hann ætti að búast á fyrstu æfingunni. „En þetta eru svo klárir strákar og svo fljótir að læra að þetta kom virkilega skemmtilega á óvart. Þeir fá frelsi til að setja sinn svip á tónlistina og ég er viss um að þetta verður alveg frábært.“

Jökull Ernir hefur verið búsettur í Los Angeles í um þrjú ár og hefur lokið þar gítarnámi og einnig námi sem nefnist Sjálfstæði listamaðurinn, eða The Independent Artist. „Það er mjög fjölbreytt nám sem inniheldur meðal annars upptökustjórn, grafíska hönnun og í raun flest sem þarf að kunna til að koma sjálfum sér á framfæri sem listamaður,“ segir Jökull, sem viðurkennir fúslega að það sé allt annað en ókeypis að vera starfandi listamaður í draumaborginni vestra. „Ég tek að mér ýmis verkefni til að ná endum saman, til dæmis vann ég hjá Universal-kvikmyndatökuverinu við að hræða fólk á síðustu hrekkjavöku. Þetta er dálítið skrítinn heimur hérna úti. Ég bý í Hollywood og þessi staður hættir aldrei að koma mér á óvart.“

**„Það hefði verið svo rosalega dýrt að fljúga með alla strákana hingað frá Bandaríkjunum að ég ákvað að hóa saman í íslenska útgáfu af sveitinni og hringdi í nokkra vini mína sem eiga það sameiginlegt að vera frábærir tónlistarmenn.**



**HEIMA** Jökull Ernir Jónsson hefur búið í Los Angeles í um þrjú ár og segir Hollywood sífellt koma sér á óvart. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Barnaleiðsögn Þjóðminjasafns:**

## Beinagrindur og drekar

**Menning** Boðið verður upp á fyrstu ókeypis barnaleiðsögn ársins í Þjóðminjasafni Íslands á morgun klukkan 14.

Skoðaðar verða beinagrindur frá landnámsöld og silfurhellir, en í hellinum leynast meðal annars kóngulær og drekar.

Leiðsögnin er um 45 mínútur að lengd og allir velkomnir.

**Hönnunarsagan á safni:**

## Óvæntum kynnum lýkur

**Menning** Nú fer hver að verða síðastur að skoða í Hönnunarsafni Íslands þann hluta íslenskrar hönnunarsögu sem hefst með innreið módernismans í íslenska híbýlamenningu upp úr 1930 og áhrif hans fram yfir 1980. Á sýningunni eru munir úr safneign safnsins og annarra menningarminjasafna en einnig koma til óvænt kynni við hluti sem varðveist hafa í heimahúsum.

Sýningunni lýkur nú um helgina en Hönnunarsafnið á Garðatorgi 1 er opið í dag og á morgun frá klukkan 12 til 17.



# Glaðleg jólaskemmtun fyrir listunnendur á öllum aldri

Ragnar Kjartansson og Ásmundur Ásmundsson fremja árlegan jólagjörning í Kling & Bang. Þar snúa þeir jólahefðum upp á samtímann.

Myndlistarmennirnir Ragnar Kjartansson og Ásmundur Ásmundsson standa fyrir sínum árlega Jólasveinagjörningi í Kling & Bang í kvöld klukkan 20. Myndlistarmennirnir tveir hafa staðið fyrir sams konar gjörningum á nánast hverju ári síðan árið 2000.

„Við Ragnar verðum þarna í gervi jólasveina,“ útskýrir Ásmundur. „Ragnar er Kertasníkir af því hann er svo góður og ég er Bjúgnakrækir. Þetta er glaðleg jólaskemmtun fyrir listunnendur á öllum aldri, bæði fullorðna og börn.“

Ásmundur segir þá félaga taka norrænar jólahefðir og snúa þeim upp á samtímann í gegnum gjörningalistina. „Við notum aðferðir gjörningalistarinnar til þess að koma skilaboðum á framfæri og láta gott af okkur leiða og gleðja um leið,“ segir hann í véfréttarstíl og bætir því við að gjörningurinn sé barnvænn. „Í kringum helgihaldið vilja menn ekki eitthvað óþægilegt þannig að samfélagsádeilan er sett í mjög barnvænan búning og viðmiðið er að tóna hlutina niður þannig að fimm ára barn geti horft á gjörninginn án þess að blygðast sín eða líða illa.“

Fólk er því hvatt til að taka börnin sín með og gleyma ekki jólaskapinu heima. Það fer jú hver að verða síðastur að láta gott af sér leiða á jólunum 2013/2014.

- fsb



**JÓLAGJÖRNINGUR** Ragnar og Ásmundur láta gamminn geisa í gervum Kertasníkis og Bjúgnakrækis.


ÁRANGUR ER UNDIRBÚNINGUR
„Ég vil ekki bara vera góð í sumu, ég vil vera góð í öllu.“
Jakobína Jónsdóttir
Crossfit þjálfari
NOW er breið lína hágæða fæðubótarefna sem er án allra óæskilegra aukefna, svo sem litar-, bragð- og rotvarnarefna og ódýrra uppfylliefna.
Whey Protein Isolate
Magnesium & Calcium
C-1000
Vitamin D-3
now
Gæði • Hreinleiki • Virkni
nowfoods.is

# Sækir innblástur í náttúruna og lifir lúxuslífi í Los Angeles

Arkitektinn Guðlaug Jónsdóttir, eða **Gulla Jóns**, er um þessar mundir að hanna einbýlishús fyrir rapparann Dr. Dre og rýmið fyrir verðlaunahátíðina Critics Choice. Hún er stödd hér á landi í nokkra daga en hún hannaði nýverið viðbót við lúxushótel í Þingholtsstræti og einnig spánnýtt Baðhús fyrir Lindu Pétursdóttur.

**Júlía Margrét Einarsdóttir**

Guðlaug Jónsdóttir arkitekt býr í Los Angeles og hætti að telja árin sem hún hefur dvalið þar eftir að þau náðu öðrum tug. Aðspurð segist hún brosandi vera búsett í LA en hún líti einnig á flugvélar sem sitt annað heimili því að atvinnu sinnar vegna ferðast Gulla mjög mikið.

Ég mælti mér mót við Gullu á Hótel Þingholti en hótelið hannaði Gulla sjálf fyrir um sjö árum. Hún er komin hingað til lands til að kynna stækkun á hótelinu en hún bætti nýlega við veitingastað, heilsulind, líkamsrækt og fundarsal. Gulla hefur einnig verið að hanna nýtt Baðhús fyrir Lindu Pétursdóttur, en það verður opnað á Smáratorgi á næstu dögum. Veitingastaðurinn Gló og Rope Yoga setrið eru einnig á meðal hönnunar Gullu á Íslandi. Þegar Gulla mætir í viðtalið er hún klædd glæsilegum fatnaði frá JÖR sem hún valdi í samráði við stílistann sinn, Eddu Guðmundsdóttur. Hún heilsar öllum gestum og starfsfólki með mikilli hlýju og vinsemd og augljóst að hún er í miklu uppáhaldi á meðal þeirra sem á hótelinu dvelja. Við byrjuðum viðtalið á útsýnisferð um fundarsalinn, líkamsræktina, og heilsulindina sem hefur að geyma gufubað og svarta laug en allt verður þetta opnað gestum á næstunni. Gullu hefur tekist að skapa mjög róandi andrúmsloft í glæsilegri aðstöðu í samstarfi við íslensku arkitektastofuna Batteríið. Við tylltum okkur á veitingastaðnum Ísafold og spjölluðum um bransann og lífið.

*Hvað kom til að þú ákvaðst að setjast að í LA?* „Ég útskrifaðist úr arkitektaskólanum Sci-Arc í Los Angeles árið 1994 og hef verið búsett þar síðan. Það var ekki alltaf planið að flytja út til frambúðar, en þetta hefur æxlast svona og tíminn hefur flogið.

**Hannar einbýlishús fyrir Dr. Dre**

Ég er búin að stofna mína eigin arkitektastofu þar úti og ég er að hanna byggingar, hótel, veitingastaði, heilsulindir, húsgögn og núna er ég líka að hanna einbýlishús. Ég er að hanna stórt hús fyrir rapparann Dr. Dre og konuna hans.“

*Það er ekkert smáræði! Hafði Dr. Dre samband við þig að fyrra bragði?* „Það var reyndar svolítið fyndið. Hann hafði beðið ritarann sinn að finna fyrir sig arkitekt og hún fann einhverjar fimmtán vefsíður. Svo var það hann sem valdi mig. Þegar ég fór í viðtalið vissi ég ekkert hver þetta var og var bara mjög afslöppuð, ég gleymdi meira að segja ferilmöppunni minni úti í bíl.“ Gulla skellir upp úr. „Ég fór inn, spjallaði við hjónin og var ráðin á staðnum.“

*Hvar ertu alin upp?* „Ég er alin upp í Gerðunum í Reykjavík, nánar tiltekið í Heiðargerði. Ég ólst upp með mömmu, ömmu og afa mínum en afi minn var myndlistarmaður. Sem barn fylgdist ég mikið með afa að störfum og varð svo heilluð af vinnu hans að ég byrjaði sjálf að teikna í kjölfarið. Ég fór snemma að líta í kringum mig í hverfinu og komst að þeirri niðurstöðu að margar byggingarnar í hverfinu mættu vel við því að vera talsvert fallegri,“ segir Gulla kímin. „Ég ferðaðist mikið með móður minni til Ítalíu en hún vann í ferðaþjónustu á sumrin. Ég varð heilluð af Flórens og byggingunum þar. Ég ætlaði samt ekki alltaf að verða arkitekt. Ég er stúdent af náttúrufræðibraut í MR og hafði fyrst hugmyndir um að verða læknir eða lögfræðingur, en ég fékk innsýn í heim arkitektúrsins þegar ég vann eitt sumar hjá Húsameistara ríkisins og þá varð ekki aftur snúið. Á þessum tíma var ekki hægt að læra arkitektúr á Íslandi, núna er ég náttúrulega að koma upp um það hvað ég er gömul.“ Hún hlær. „Á þessum tíma hafði ég aldrei komið til Ameríku en ég vissi að þar væri hlýtt og mikið af pálmatrjám svo ég sótti um skólann og komst strax inn.“



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**„Ég er einhleyp og barnlaus en það má segja að arkitektúrinn sé minn maki eins og er.**

**Flutti óvart til Mexíkó**

*Er eitthvað sem stendur uppúr á ferlinum?* „Ég get nefnt til dæmis þegar ég planaði tveggja daga ferð til Mexíkó að hanna veitingastað en kom ekki heim aftur fyrr en einu og hálfu ári síðar eftir að hafa hannað þrjú hundruð herbergja hótel með sundlaugar og heilsulindir og ég veit ekki hvað. Ég hafði aldrei komið til Mexíkó áður en það voru mögnuð kynni, ég heillaðist strax af landi og þjóð. Vinir mínir heima í LA skildu ekkert hvað hafði orðið af mér, það var sem ég hefði gufað upp! Þegar ég svo kom til baka einu og hálfu ári síðar útskýrði ég að ég hefði nú bara aðeins skroppið til Mexíkó,“ segir hún og glottir.

*Nú hefur þú skapað þér nafn úti í heimi og ert orðin þekkt á Íslandi líka, hefurðu eitthvað lent í Gróu á Leiti?* „Nei, ég hef ekki lent í slíku enn, en ég get sagt þér að ég er að fara að hanna kvikmyndaverðlaunin Critics Choice Movie Awards svo ég get komið með slúður til baka þaðan.“ Hún hlær. „Sú verðlaunaafhending er í LA

## HANNAR HÉR OG ÞAR









**GULLA MEÐ ZANE** Hér er Gulla með leikaranum og listamanninum Billy Zane. Þau hafa unnið saman og hyggja á meira samstarf í framtíðinni.

**HÓTEL ÞINGHOLT OG CABO SPA** Sófinn sem Guðlaug situr í er hluti af hönnun hennar á heilsulindinni á Hótel Þingholti og púðarnir og veggurinn eru úr selskinni. Gulla hannaði einnig heilsulindina Cabo spa en Gulla hlaut verðlaun fyrir þá hönnun. Kvenlegar og bogadregnar línur einkenna rómantíska hönnun Gullu eins og sjá má.

og hún er mjög vinsæl. Ég kem til með að hanna rýmið þar í ár. Þetta er næsti bær við Óskarinn og mig hefur alltaf langað til að hanna þá hátíð svo þetta er kannski fyrsta skrefið.“

*Hvernig eru fjölskylduhagirnir* „Ég er einhleyp og barnlaus en það má segja að arkitektúrinn sé minn maki eins og er. Svo geri ég stundum grín að því að hver bygging sem ég hanna tekur um níu mánuði í byggingu, svo það má segja að það sé mín meðganga. Ég á samt mjög mikið af góðum vinum og félagslífið er blómlegt, en enginn maki enn, hann lætur eitthvað á sér standa.“

### Gott að slappa af í flugvélum

*Hvernig sérðu fyrir þér árið sem er að renna upp?* „Það stefnir í mjög ævintýralegt ár. Ég fer héðan frá Íslandi sjöunda, kem við í Mexíkó að líta á hótelverkefni á svipuðum slóðum og ég bjó áður. Þaðan er stefnan tekin til LA að hanna kvikmyndaverðlaunin. Ég er líka á leið til Kína, Japans, Bahama og Beirút og svo stefnir í tíð ferðalög á milli LA og New York. Ég er oft spurð hvort mér finnist ekki leiðinlegt að vera alltaf í flugvél en ég svara því neitandi, þetta er eina afsökunin mín fyrir að vera með slökkt á símanum og að fá frið frá áreiti og vinnu. Ég tek því venjulega rólega í vélinni, skissa, horfi á sjónvarpið og nýt þess að vera til.“

*Hvernig myndirðu lýsa þínum hönnunarstíl?* „Stíllinn minn er nútímalegur með lífrænar skírskotanir. Byggingarnar eru skúlptúrlegar með listrænum formum, innblásnar af náttúrunni eða mannslíkamanum. Ég er mjög heilluð af fallegum línum, þeim sem einkenna kvenmannslíkamann til dæmis. Það má sjá svona línur í minni hönnun, jafnvel veggina í húsunum hef ég bogadregna. Ég er reyndar svo mikið fyrir rómantískar línur að sumir kúnnar bjóðast til að gefa mér reglustiku í jólagjöf.“ Gulla hlær. „Ég svara því nú að það eru engar beinar línur í mannslíkamanum svo hvers vegna þurfa þær að vera í rýminu? Annars er líka gott að sækja innblásturinn bara innávið. Þegar ég er á skrifstofunni með fólk í vinnu og við stöndum frammi fyrir vandamálum sem krefjast lausnar, þá finnst mér best að stara á vandann, slökkva á heilanum og fylgja hjartanu.“

### Ekki á heimleið

*Hvernig sérðu fyrir þér framtíðina, áttu von á að vera áfram úti?* „Mér finnst samt alltaf jafnyndislegt að koma heim og hitta vini og fjölskyldu og hafa það náðugt. Síðan ég kom heim núna um jólin hef ég átt frábærar stundir með fjölskyldu og vinum og ég hef hagað mér eins og algjör túristi. Ég fór meðal annars að Gullfossi og Geysi og kom við í Bláa lóninu. Þetta eru alveg fastir liðir þegar ég kem hingað til lands. Ég seldi hins vegar nýverið húsið mitt í Heiðargerðinu því ég áttaði mig á því loksins að ég er ekki að fara að búa hér. Ekki á næstunni allavega,“ segir Gulla og brosir leyndardómsfull.

Það er komið að ljósmyndaranum að taka myndir af Gullu en áður en hún fylgir honum í útsýnisferð um rýmið kveð ég þessa mögnuðu konu og hlakka til að fylgjast með störfum hennar í framtíðinni.

Embætti landlæknis Directorate of Health
HEILSUGÆSLAN
Tannlæknafélag Íslands
Sjúkratryggingar Íslands

# Á barnið þitt rétt á gjaldfrjálsum tannlækningum?

www.sjukra.is



**Tannlækningar eru nú gjaldfrjálsar utan 2.500 kr. árlegs komugjalds fyrir eftirfarandi hópa:**

- 3 ára börn, þ.e. frá 3 ára afmælisdegi að 4 ára afmælisdegi.
- Börn á aldrinum 10 til og með 17 ára.
- Börn í bráðavanda sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður. Tilvísun þarf að berast tannlækni frá heilsugæslu, barnaverndar- eða félagsmálayfirvöldum og skilyrði að Sjúkratryggingar Íslands hafi samþykkt umsókn frá tannlækni á grundvelli tilvísunar.

Forsenda er að foreldri skrái heimilistannlækni fyrir barn sitt. **Skráðu barnið þitt í Réttindagátt á www.sjukra.is**. Tannlæknir getur einnig séð um skráninguna sé þess óskað.
Mælt er með skráningu barns hjá heimilistannlækni við eins árs aldur.

Tannlæknisþjónusta barna verður innleidd í eftirfarandi áföngum til ársins 2018:

| Frá og með: | 15, 16 og 17 ára | 12, 13 og 14 ára | 10 og 11 ára | 8 og 9 ára | 6 og 7 ára | 4 og 5 ára | 3 ára | Yngri en 3 ára |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. janúar 2014 | X | X | X | | | | X | |
| 1. janúar 2015 | X | X | X | X | | | X | |
| 1. janúar 2016 | X | X | X | X | X | | X | |
| 1. janúar 2017 | X | X | X | X | X | X | X | |
| 1. janúar 2018 | X | X | X | X | X | X | X | X |

# ÚTSALA

## Nature's Comfort heilsurúm

Verðdæmi: 160 x 200 cm.
Fullt verð kr. 149.900
**Útsöluverð kr. 119.920**

ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR



Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Aldrei að snúa
- Steyptar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Burstaðar stállappir

## C&J stillanlegt heilsurúm

með Shape dýnu

Verðdæmi: 2 x 90 x 200 cm.
Fullt verð kr. 466.800
**Útsöluverð kr. 396.780**

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR

Charlotte & Julien — Dream your world™

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð

## Rúmgaflar svartir og hvítir

## Náttborð

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR



Komdu og skoðaðu úrvalið!
Stærðir 120/140/160/180 cm.

Br: 48 cm,
d: 41 cm,
h: 50 cm

## DAISY CLICK-CLACK

Svefnsófi



ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

Stærð: 195x80 / 225x80 cm
Svefnsvæði 120x190 cm. Rúmfatageymsla

Fullt verð kr. 89.900
**Útsöluverð kr. 71.920**

## VATT -koddar og -sængur

TVENNUTILBOÐ
Vattsæng + vattkoddi
**Aðeins kr. 5.900**

Vattsæng
kr. 5.900

Vattkoddi
kr. 2.990



ÚTSALA TVENNU TILBOÐ

## EASY hægindastóll

Fæst í ljósu, brúnu og svörtu bundnu leðri.
Stöðugir fætur.

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

## AFTON hæginda

Stillanle
Vanda
Stöð



Fullt verð kr. 89.900 **Útsöluverð kr. 62.930**

## SHAPE heilsukoddar

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

Shape Classic
**Útsöluverð kr. 4.130**
Verð 5.900

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

Shape Original
**Útsöluverð kr. 6.230**
Verð 8.900



Þéttur

Stuðningslag

**Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800** • Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

JAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK

# ÚTSALA

# 15%-50% AFSLÁTTUR

## OPIÐ ALLA HELGINA

## Billy járnrúm

fyrir 160x200 cm dýnu. Hvítt og svart.



ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR AF RÚMGRIND

Fullt verð kr. 19.900 Útsöluverð 9.950

## Shape heilsurúm

Verðdæmi: 160 x 200 cm.
Fullt verð kr. 167.900
Útsöluverð
kr. 134.320

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

## CLASSIC sófar og stólar

Særð: 200x90
Hæð: 100 cm.
Lilla-rauður, appelsínugulur, ólívu-grænn, turkis-blár og dökkgrár.
Einnig til CLASSIC hægindastóll.
Litir: Lilla-rauður, turkis-blár og ólívu-grænn



ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR

Fullt verð kr. 149.900 Útsöluverð kr. 119.920

## FLORIDA Chase long tungusófi

Stærð: 250 x 150 cm.
Dökkgrátt áklæði
Tunga getur verið beggja vegna.



ÚTSALA 15% AFSLÁTTUR

Fullt verð kr. 139.900 Útsöluverð kr. 118.915

## astóll

gt bak.
ð mjúkt leður.
ugir fætur.

Fullt verð kr. 99.900
Útsöluverð kr. 69.930



ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR

## LYFTISTÓLL á frábæru verði

Fullt verð kr. 99.900
Útsöluverð kr. 79.920

ÚTSALA 20% AFSLÁTTUR



## MILANO hægindastóll

Fæst í svörtu og ljósu tauáklæði

ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR



Fullt verð kr. 49.900
Útsöluverð kr. 34.930

# DORMA

– býður góða nótt

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl og gilda á meðan á útsölu stendur og birgðir endast.

**OPNUNARTÍMI:** Virka daga 11^00^-18^00^, Laugardaga 11^00^–17^00^ og Sunnudaga 13^00^–17^00^

# Hannar fyrir mörg af stærstu fótboltafélögum heims

Fatahönnuðurinn **Vala Steinsdóttir** er háttsettur starfsmaður hjá íþróttavörufyrirtækinu Nike. Hún er búsett í Hollandi með fjölskyldunni og þeysist um heiminn í starfi sínu en hún sér um hönnun á íþróttabúningum og öðrum staðalbúnaði fyrir Manchester United, Juventus og fleiri risastór og vinsæl knattspyrnufélög.



**Júlía Margrét Einarsdóttir**

Fatahönnuðurinn Vala Steinsdóttir er uppalin í Norðurbæ Hafnarfjarðar. Þar kynntist hún æskuástinni, Þorsteini Þorsteinssyni, aðeins 14 ára gömul, en tók saman við hann sjö árum síðar. Þau giftu sig sumarið 2006, eru nú búsett í Hollandi og eiga saman tvær dætur. Vala er fatahönnuður að mennt en starfar nú fyrir einn stærsta íþróttavöruframleiðanda í heimi, Nike. Hún vinnur við hönnun og kynningu á keppnisfatnaði og öðrum íþróttabúnaði fyrir heimsfræg fótboltafélög.

Vala kíkti til landsins yfir jólin og ég tók við hana spjall um lífið í Hollandi. Hún var tiltölulega nýkomin heim þegar ég náði af henni tali og hafði haft í nógu að snúast.

„Þegar maður býr svona erlendis þá kemur maður ekkert heim til að slappa af, það er alltaf svo mikið um að vera. Maður þarf auðvitað að hitta alla, og ekki bara einu sinni heldur að minnsta kosti tvisvar. En það er auðvitað rosalega gaman.“

*Þú ert búsett í Hollandi um þessar mundir ekki satt?*

„Jú, ég bý rétt fyrir utan Amsterdam þar sem höfuðstöðvar Nike í Evrópu eru staðsettar. Bærinn sem ég bý í heitir Hilversum. Þetta er í rauninni bara eins og lítið Nike-þorp, hér er fótboltavöllur, útitennisvellir, blakvellir og allt til alls. Hér gengur allt út á íþróttir.“

### Því meira sem maður lærir, því meira vill maður læra

*En þú ert lærður fatahönnuður ekki satt, hvar lærðirðu?*

„Ég lærði tískuhönnun og þróun fyrir tískuiðnaðinn í London College of Fashion. Ég valdi þá braut því þar fékk ég kennslu í öllum tískuiðnaðinum eins og hann leggur sig. Ég hafði alltaf lagt áherslu á fatahönnun en það rann upp fyrir mér að mig langaði að læra allan bransann. Mín reynsla er sú að því meira sem maður lærir, því meira vill maður læra.“

*Hvað tók svo við hjá þér að námi loknu?*

„Þriðja árið í náminu var starfsreynsluár. Þá var meiningin að maður ynni í ár og skilaði skýrslu um það sem maður hafði verið að vinna á árinu að því loknu. Ég var þá að vinna hjá sprotafyrirtæki í London sem var að gera rosalega spennandi hluti. Þau höfðu þá nýverið fundið upp efni sem þau vissu ekki hvernig þau ættu að nota, og höfðu samband við skólann til að finna einhvern sem væri líklegur til að finna áhugaverðar leiðir til að nýta efnið í flíkur. Ég var ráðin þangað, og á innan við ári vorum við komin í framleiðslu. Það var dýrmæt reynsla fyrir mig, að fá að taka þátt í uppbyggingu fyrirtækisins alveg frá grunni.“

### Valin úr 800 manna úrtaki

*Ertu svo ráðin til Nike strax að námi loknu?*

„Nei, ég vann fyrst um sinn sem hönnuður í London. Nike hafði svo samband við skólann þar sem þau voru að leita að fólki í prógramm sem var einskonar þjálfun í verkefnastjórnun. Hugmyndin var að ráða inn fólk sem kæmi til með að gegna stjórnunarstöðum hjá fyrirtækinu í framtíðinni. Leitin að rétta fólkinu í starfið fór fram um allan heim og upphaflega voru tekin viðtöl við um það bil 800 manns. Ég var beðin um að koma í viðtalið og hugsaði bara: Hvers vegna ekki? Ég leit fyrst og fremst á það sem góða reynslu, að komast í svona viðtal. Hópurinn var þrengdur niður í 60 manns sem boðið var að koma til Hollands og kynna sig. Það fóru fram pallborðsumræður sem tóku rosalega á. Þá sátu fyrir framan mig fjórar manneskjur og spurðu um það bil erfiðustu spurninga sem hægt er að ímynda sér. Í kjölfarið tók við hópverkefni en þá var okkur skipt í hópa og okkur skipað að leysa krefjandi verkefni á sem stystum tíma. Á meðan stóð Nike-fólkið í kringum okkur og dæmdi. Að lokum var valinn tólf manna hópur, en hann samanstóð af fólki alls staðar að úr heiminum. Þetta er alveg frábær hópur, allir með mismunandi styrkleika og saman myndum við góða heild.“

*Hvað er langt síðan þú hófst störf fyrir fyrirtækið?*

„Það eru sjö ár síðan ég byrjaði. Síðan þá hef ég komið ótrúlega víða við og unnið fjölbreytta vinnu. Ég hef fengið yfirsýn og reynslu á flestum sviðum fyrirtækisins, í markaðsmálum, hönnun, í söludeildinni og víðar. Þetta byrjaði með svona þjálfunarferli og svo fékk ég stöðuna. Þetta var ótrúlega skemmtilegt ferli og þessi reynsla gerir mér kleift að geta hoppað inn í hvaða aðstæður sem er og tekist á við krefjandi verkefni.“

*Í dag starfarðu mestmegnis við hönnun á búningum ekki satt?*

„Jú ég hef síðustu tvö ár verið í þeirri deild. Ég byrjaði fyrir þremur árum að vinna sem vörustjóri ▶



**Það eru margir til dæmis mjög hjátrúarfullir í þessum bransa. Ef liðinu gengur illa á einhverju móti vilja leikmenn ekki sjá sömu búningana aftur.**

**JÓLAFRÍ** Vala var stödd á Íslandi með fjölskylduna yfir hátíðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


LEONARDO DiCAPRIO
A MARTIN SCORSESE PICTURE
THE WOLF OF WALL STREET
Pow. Pow. Pow. Pow. Pow. That's how Martin Scorsese's The Wolf of Wall Street comes at you.
★★★★★
ROLLING STONE
DiCaprio is undoubtedly at his best here.
★★★★★
Empire
Scorsese and DiCaprio's fifth and best pairing, it's liable to give the Academy a heart attack.
★★★★★
Total Film
Leonardo DiCaprio cranks the volume up to 10 for his performance as Jordan Belfort.
★★★★★
The Guardian
„Snilldarmynd! DiCaprio hefur aldrei verið betri og Scorsese sjálfur upp á sitt besta.“
★★★★★
T.V. - Bíóvefurinn/Séð & Heyrt
2 tilnefningar til Golden Globe verðlauna
Besta Mynd ársins
Besti leikari í aðalhlutverki: Leonardo DiCaprio
SAMBÍÓIN EGILSHÖLL
KOMIN Í BÍÓ
SAMBÍÓIN

fyrir rúgbí og ég vissi ekkert um íþróttina til að byrja með. Mitt starf fólst í að hanna hugmyndina að línunni, segja hönnuðunum hver hugsunin væri og hvernig andrúmsloftið ætti að vera. Í rúgbí var ég að vinna með enska og franska landsliðið og svo tvö félagslið. Núna er ég hins vegar komin yfir í fótboltann og er að sinna sama starfi fyrir nokkur félagslið og ég gerði fyrir rúgbíliðin.“

### Á vellinum með Luis Figo og Francesco Toldo

*Hvaða lið eru það sem þú vinnur fyrir?*

„Ég er að hanna fyrir Manchester United og Arsenal á Englandi og Inter Milan, AS Roma og Juventus á Ítalíu. Ég er aðallega að sjá um ítölsku klúbbana núna. Mitt starf felst í að setja línuna upp og þegar hönnuðirnir hafa klárað að teikna fer ég út og kynni hana fyrir liðunum. Hugmyndin með búningunum er svona „heim og að heiman“ hugsun. Það er mikið sótt í þjóðlegar hefðir, en það er hugsað sérstaklega fyrir klúbbana. Það er rosalega margt sem þarf að huga að, það eru margir til dæmis mjög hjátrúarfullir í þessum bransa. Ef liðinu gengur illa á einhverju móti vilja leikmenn ekki sjá sömu búningana aftur.“

*Ég verð að fá að forvitnast, ertu ekki vaðandi í frægu íþróttafólki í þessu starfi?*

„Jú, maður hittir auðvitað leikmenn og þjálfara þegar maður er á svæðinu (hlær). Svo hitti ég forseta klúbbanna þegar ég kynni línuna.“

*Geturðu gefið mér dæmi um einhverja fræga sem þú hefur hitt?*

Já, ég fór til dæmis á fund hjá David Gill, fyrrverandi framkvæmdastjóra Manchester United, daginn eftir 6-1 tap á móti erkifjendum þeirra í Manchester City. Í Mílanó um daginn fór ég á leik hjá Inter Milan á móti Sampdoria með indverska milljarðamæringnum Erick Thohir. Þá hitti ég til dæmis fyrrverandi fótboltahetjurnar Luis Figo og Francesco Toldo. En annars hitti ég auðvitað alltaf leikmenn þegar ég er að ferðast.“

*Þú ferðast mjög mikið í starfinu, ekki satt?*

„Jú, ég er núna til dæmis alveg með annan fótinn á Ítalíu, að fara á fundi að fá samþykki fyrir því sem við erum að gera. Það er mjög margt sem við hönnum fyrir liðin, ekki bara keppnisbúningar heldur allur útbúnaður sem leikmenn þurfa á ferðalaginu. Þetta er allt hluti af svokallaðri lífsstílslínu Nike.“

### Góður maki er lykillinn

*Þú ert fjölskyldumanneskja, er erfitt að samræma heimilislíf og starf?*

„Það getur alveg verið erfitt að vera svona mikið á ferðinni og í burtu frá fjölskyldunni. Ég bý hér með manninum mínum og tveimur dætrum okkar. Maðurinn minn er alveg ótrúlega góður. Lykillinn að því að geta samræmt þetta tvennt er að vera með frábæran mann eins og hann.“

*Hvað gerir maðurinn þarna úti, ásamt því að sjá um heimilið?*

„Maðurinn minn er í sölustarfi hérna úti. Það er mjög sveigjanlegt starf svo hann sinnir heimilinu og sækir stelpurnar.“

*Hvað eru stelpurnar ykkar gamlar?*

„Við eigum tvær stelpur, tveggja og fimm ára. Þær fæddust báðar í Hollandi og hafa búið hér alla sína ævi. Yngri stelpan okkar er nú þegar orðin tvítyngd og eldri stelpan er meira að segja þrítyngd. Hún byrjaði í skóla fjögurra ára eins og vaninn er hér í Hollandi. Skólinn sem hún er í er alþjóðlegur og kennslan fer fram á ensku. Hún er ótrúleg, orðin þrítyngd fimm ára gömul eins og ekkert sé sjálfsagðara. Það er afskaplega gaman að fylgjast með henni og hvað þetta er lítið mál fyrir hana. Ég hafði áhyggjur af þessu fyrst þegar hún var að byrja í skólanum en þá sagði systir mín við mig: „Vala, ef þú lætur bara eins og þetta sé ekkert mál, þá er þetta ekkert mál.“ Og þá var þetta auðvitað ekkert mál. Börn hafa svo ótrúlega aðlögunarhæfni að það er aðdáunarvert.“

*Eruð þið dugleg að koma til Íslands að hitta fjölskylduna?*

„Við höfum reyndar ekki komið heim í ár en við erum í stöðugu sambandi við fólkið heima. Heimurinn er svo breyttur, núna getum við alltaf hist og talað saman í gegnum Skype. Amma og afi stelpnanna eru til dæmis mjög dugleg að hringja og spjalla við stelpurnar þegar þær eru bara að leika sér. Þá er í raun eins og þau séu bara að hanga saman og þannig stundir eru mjög dýrmætar. Svo er alltaf jafn gaman þegar maður kemur heim, dóttir mín var til dæmis svo spennt þegar við vorum að koma núna að hún öskraði „Íslaaaand!“ alla leiðina í flugvélinni. Svo hljóp hún í fangið á ömmu og afa og faðmaði alla fjölskylduna eins og hún hefði verið hérna síðast í gær.“

*Þegar ég fletti þér upp á Facebook varð ég vör við hvað við eigum marga sameiginlega vini úr Hafnarfirði, þú ert þaðan ekki satt?*

„Já, ég bjó á Sævanginum í Norðurbænum þegar ég var yngri. Ég kynntist einmitt manninum mínum þar. Við kynntumst fjórtán ára en á þeim tíma var ég eins og fjórtán ára unglingar eru, ég var bara skotin í öllum. Það tók okkur sjö ár að byrja saman, en við höfum verið saman síðan. Við giftum okkur árið 2006.“

### Ísland er farið að toga

*Hvernig gekk að aðlagast lífinu í Hollandi?*

„Það gekk alveg ótrúlega vel. Fyrstu tvö árin bjuggum við á besta stað í Amsterdam og það var alveg æðisleg lífsreynsla að búa svona í miðri stórborg. Svo þegar dóttir mín fæddist áttaði ég mig á því að ég gæti eiginlega ekki hugsað mér það lengur að bæði vinna svona langan vinnudag og að langar lestarferðir bættust ofan á þá. Það var afráðið að við flyttumst nær höfuðstöðvunum svo ég gæti verið meira heima. Við sjáum ekkert eftir því, það er öðru vísi að búa í svona litlum bæ en það er líka alveg yndislegt.“

*Pabbi þinn var einn sá fyrsti til að stofna flugsendingafyrirtæki á Íslandi, heldurðu að þú hafir framtakssemina frá honum?*

„Já, alveg bókað (hlær). Pabbi hefur alveg rosalegan kraft. Hann byrjaði með Flutningsmiðlun og var í rekstri árum saman. Hann seldi fyrirtækið síðar til Jónar Transport og er enn að vinna hjá þeim. Hann tekur tarnir, vinnur mikið í sjö mánuði og nýtir svo restina af árinu í að eiga stundir með mömmu og ferðast um.“

*Þið eruð frekar samheldin fjölskylda, ekki satt?*

„Jú, alveg rosalega. Við erum þrjár systurnar og svo mamma og pabbi. Elsta systir mín bjó í Englandi í fjölda ára, sem var að mörgu leyti ástæðan fyrir því að ég flutti þangað. Á tímabili bjuggu mamma og pabbi þar líka svo stór hluti fjölskyldunnar var samankominn á Englandi á sama tíma. Núna eru þau hins vegar öll á Íslandi nema ég. Mamma er heimavinnandi, elsta systir mín er flugfreyja og Tinna vinnur í Heilsu.“

*Að lokum, hvað er á döfinni hjá þér á nýju ári?* „Það er nóg að gera hjá mér á næstunni. HM er handan við hornið og ég vinn þessa dagana hörðum höndum að því að kynna og vinna búningalínu klúbbanna fyrir árið 2015. Svo erum við byrjuð að leggja drögin að landsliðsbúningunum fyrir Evrópumótið 2016. Ég viðurkenni samt alveg að það er líka svakalega margt spennandi að gerast hér heima og ekki laust við að Ísland og fjölskyldan séu aðeins farin að toga í. Það væri algjör draumur að geta verið að vinna svona spennandi starf á Íslandi og verið með fjölskyldu og vini í kringum sig. En við sjáum hvað framtíðin ber í skauti sér.



**Á OLD TRAFFORD** Árið 2011 var Vala ófrísk og fékk að halda á bikarnum á Old Trafford.



**HEIMA** Fjölskyldan í Nike-þorpinu í Hilversum þar sem þau eru búsett.



**ALLIR SAMAN** Fjölskyldan á góðri stundu úti í Hollandi.

## Stórliðin sem Vala hefur hannað fyrir












# ÚTSALA

Lækkun á **MÚRBÚÐARVERÐI** er ávísun á gott verð!

## 25-50% afsláttur

Heimilistæki

Verkfæri

Baðkör

MERBAU
Parket

Smávörur

Sturtuhorn

Ryksugur
IÐNAÐAR- OG HEIMILISRYKSUGUR

Flísar

Handlaugar

WC aukahlutir
og sturtusett

## og margt, margt fleira!

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| **Akureyri** | Óseyri 1. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14 |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# RISAÚ

BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

## ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgölluð heimilistæki með miklum afslætti**
Panasonic sjónvörp með allt að 150.000 króna afslætti
**Kæliskápar með allt að 100.000 króna afslætti**
Heyrnartól með allt að 70% afslætti
**Matvinnsluvélar frá kr. 6.995**
Smáraftæki með miklum afslætti – verð frá kr. 995

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

LAUGARDAGUR 11-18 | SUNNUDAGUR 13-18

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

DVD SPILARAR SJÓNVÖRP FERÐATÆKI BÍLTÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HLJÓMBORÐ
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR HEYRNARTÓL
REIKNIVÉLAR

TSALA
R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

**Myndavélar með allt að 43% afslætti**
**Uppþvottavélar frá kr. 69.995**
**1400sn Whirlpool þvottavélar með íslensku stjórnborði frá kr. 79.995**
**42" sjónvörp frá kr. 109.995**
**Þurrkarar frá kr. 59.995**

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**TAKMARKAÐ MAGN**
*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

BRAUN wilfa Melissa Ariete Bauknecht elna exido VESTFROST DēLonghi Whirlpool

COOLER MASTER · ASUS · acer · steelseries · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR

# STÓRÚ

## ALLT AÐ 70%

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR • BOR
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • SSD • FARTÖLVUT
PAPPÍR • HÁTALARAR • SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLK
MINNISKORT • SKANNAR • HEYRNARTÓL • STÝRIPINNAR • ÍHLUT
HLJÓÐNEMAR • MÝS • MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • HLJ

**SÝNINGAREINTÖK Á LÆKKUÐU VERÐI**

**ÚTLITSGALLAÐ Á MIKLUM AFSLÆTTI**

**NÁNAR UM ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR WWW.TL.IS**




**7 VERSLANIR UM ALLT LAND**

Logitech Sarotech TOSHIBA SAMSUNG RAZER WACOM PHILIPS WD

# TSALA

# Ð AFSLÁTTUR

ÐTÖLVUR • SKJÁKORT • PRENTARAR • TURNKASSAR
ÖSKUR • MÓÐURBORÐ • FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR
KI • VIFTUR • GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ
TIR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR
ÓÐKORT • TÖLVULEIKIR • AFLGJAFAR • LEIKJAMÝS

**OPIÐ ALLA HELGINA**
**LAUGARDAG 11-18**
**SUNNUDAG 13-18**

BYRJAÐU 2014 MEÐ AFSLÁTTARVEISLU Á TÖLVUVÖRUM!

EINA ÚTSALA ÁRSINS!

tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Mér finnst mjög gaman að túra

**Bergrún Snæbjörnsdóttir** hornleikari er laus við yfirlæti þó tvívegis hafi hún verið valin til að spila með frægasta tónlistarfólki Íslands um víða veröld, fyrst með Björk 2008 og síðasta eitt og hálfa árið með Sigur Rós. Auk þess semur hún tónlist.



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is


Það er jólalegt í Þingholtunum þegar ég kný dyra hjá Bergrúnu Snæbjörnsdóttur hornleikara. Þær dyr eru nánast faldar bak við einn fegursta sýprusrunna sem sést á Íslandi en fótspor í snjónum vísa leiðina. Úr forstofunni er gengið inn í eldhús og þaðan í litla stofu. Þar hefjum við spjall meðan espressokannan bruggar kaffi á eldavélinni.

Mig langar að gera hvort tveggja, að spila og vinna í eigin tónsmíðum en það hefur verið pínu erfitt síðasta eitt og hálfa árið. Við tókum Sigur Rósartúrinn í átta sprettum á sautján mánuðum og komum heim á milli. Þá reyndi ég að sinna öðrum verkefnum,“ segir Bergrún. Þegar á hana er gengið kveðst hún til dæmis hafa nýlega átt verk á tónleikum í Hafnarborg sem voru partur af tónleikaröð sem nefnist Hljóðön og er skipulögð af Þráni Hjálmarssyni. „Svo hélt ég raftónleika með vinum mínum í sumar í Hörpu. Þar vorum við með okkar eigin tónsmíðar,“ segir hún og bætir við hæglátlega: „Ég hef verið svolítið virk í hópi sem nefnir sig S.L.Á.T.U.R. en það er stytting á Samtök listrænt ágengra tónskálda umhverfis Reykjavík. Hann er duglegur að halda tónleika og þá fæ ég að vera með.“

## Samgleði fremur en samkeppni

Bergrún hefur komið til um fjörutíu landa á sinni 26 ára löngu ævi. Hún var tvítug þegar hún hélt í tónleikaferðalag með Björk að kynna Volta-albúmið. Spilaði þá meðal annars í hinu volduga hringleikahúsi í Verona á Ítalíu sem byggt var fyrir Krists burð. Sagan segir að litlu hafi munað að Bergrún hafi misst af túrnum því síminn hennar hafi verið rafmagnslaus í tvær vikur, einmitt þegar verið var að smala saman tíu málmblásarastelpum á ákveðnum aldri til að spila með Björk. Hið mikilvæga símtal hafi svo komið um leið og batteríið var hlaðið. „Þetta var kannski ekki alveg svona dramatískt. Ég hugsa að það hefði verið reynt aftur,“ segir hún brosandi. „Það var ekki úr svo rosalega mörgum stelpum að velja á Íslandi. En það var mjög gaman að taka þátt í þessu verkefni.“

Hún kveðst ekki hafa fundið fyrir öfund yfir þeirri upphefð sem hún hefur hlotið og kannast ekki við ríg innan greinarinnar. „Ég upplifi frekar samgleði í brassinu en samkeppni,“ segir hún.

Í nýafstöðnum túr var Bergrún ein af átta hljóðfæraleikurum, fyrir utan Sigur Rósarmenn sjálfa. „Við erum bara aukahljóðfæraleikarar,“ tekur Bergrún fram. „Erum að hjálpa til að gefa fyllingu í hljóminn og ýmis smáatriði.“ Kveðst alveg laus við að þurfa að gefa eiginhandaráritanir eftir tónleika en segir beðið eftir Sigur Rósarmönnum baksviðs enda séu þeir gríðarlega vinsælir. „Oftast voru fjögur til átta þúsund manns á hverjum tónleikum, stundum tíu til tólf þúsund, til dæmis í Wembley Arena og Madison Square Garden í New York. Það er frábært að sjá hvað íslenskar hljómsveitir eru búnar að ná langt í útlöndum og laða marga áheyrendur að, ég held að Íslendingar geri sér almennt varla grein fyrir því.“

## Bílstjórinn alblóðugur

*Hvernig er svo að flakka spilandi um heiminn? Er hver dagur ævintýri?* „Það er misjafnt. Stundum eru þeir ólíkir hver öðrum en ef tónleikar eru dag eftir dag renna þeir dálítið saman. Samt er alltaf gaman,“ segir Bergrún. Ferðast er í næturrútum milli staða, enda segir hún flest stærri bönd hafa þann hátt á. Í Sigur Rósartúrnum hafi 30 til 40 manns verið í för, tæknifólk og annað aðstoðarfólk auk hljóðfæraleikaranna. „Mér finnst mjög gaman að túra en held samt að það sé ekki fyrir alla því það getur verið erfitt á köflum,“ segir hún. „Það sem bjargar er að vera með frábæru fólki eins og ég hef verið.“

Var einhver tími fyrir djamm? „Já, já, fólk reynir að hafa gaman þegar það getur. Sigrún Jónsdóttir og Kjartan Hólm ásamt Jónsa í Sigur Rós stofnuðu DJ-teymið Triple Nipple og voru mjög dugleg að plötusnúðast eftir tónleika og spila áhugaverða tónlist fyrir hópinn. Það var eiginlega fastur punktur.“

Það versta við svona ferðir segir Bergrún að þurfa að spila hvernig sem heilsufarið er, án þess að sýna veikleikamerki. „Við fengum alveg bullandi flensu á köflum en það var bara þegar nóróveiran herjaði sem skapaðist algert neyðarástand og fólk vantaði í vinnu til skiptis. Það er til dæmis ekki hægt að vera ælandi að spila á blásturshljóðfæri.“

Spurð um eftirminnilegustu viðkomustaðina nefnir Bergrún fyrst Chile sem hún heimsótti í Voltatúrnum með Björk. „Það var dálítið sérstök stemning í Santiago. Fólk var á mjög varðbergi gagnvart manni og mér leið eins og geimveru en ég hefði ekki viljað missa af að koma þangað. Annars er Taívan uppáhaldslandið mitt. Við fórum þangað í þessum túr og áttum frídaga þar, fórum á markaði og að skoða ýmis jarðfræðileg undur. Landið er ótrúlega fallegt.“

*Var aldrei neitt að óttast á ferðalögunum?* „Reyndar lentum við í umferðaróhappi síðasta vor. Vorum sofandi í rútunni á leið frá Arizona til Nýja-Mexíkó en völknuðum í svarta myrkri við að hún var komin út af veginum og kastaðist til. Allt var á tjá og tundri, hurðin farin af og bílstjórinn alblóðugur því rúðurnar höfðu brotnað á hann. Fremsta dekkið hægra megin hafði sprungið. En bílstjórinn var alger hetja, ríghélt um stýrið og hélt rútunni á réttum kili þannig að enginn meiddist alvarlega.“

## Saknaði Þingholtanna

Bergrún var fyrstu tvö æviárin á Varmalandi í Borgarfirði, næstu sjö á Hofsósi í Skagafirði og þaðan flutti hún í Voga á Vatnsleysuströnd. Hún segir foreldra sína, Snæbjörn Reynisson skólastjóra og Dórótheu Herdísi Jóhannsdóttur kennara, hafa sungið í kirkjukórum en að öðru leyti ekki tengjast tónlist. Sjálf hóf hún að læra á blokkflautu á Hofsósi. „En um leið og ég flutti suður vildi ég fá gullhljóðfæri. Fór í tónlistarskóla í Njarðvíkum og svo í Reykjanesbæ,“ lýsir hún og kveðst hafa verið í Lúðrasveit Suðurnesja ásamt því að stunda nám í fjölbrautaskólanum þar. Hún er með BA-próf í hornleik og er nú í námi í tónsmíðum í Listaháskólanum. Skyldi hún strax hafa verið ákveðin í hvað hún vildi verða? „Nei, ég held ég hafi ekki vitað neitt,“ segir hún rólega og bætir við að hún hafi byrjað í heimspeki í Háskólanum en hætt í henni þegar Volta-ævintýrið hófst.

*Býstu við að fara í fleiri tónleikaferðir um heiminn?* „Það hef ég ekki hugmynd um. Ég er ánægð að vera heima núna. Er til dæmis að undirbúa verk fyrir tónlistarhátíðina Tectonics í Hörpu í apríl þar sem Sinfóníuhljómsveitin mun spila nútímaverk eftir íslensk og erlend tónskáld. Svo ætla ég að klára tónsmíðanámið í vor og stefni í mastersnám erlendis næsta haust.“

*En hefur þú orðið fyrir áhrifum á ferðalögum þínum sem nýtast þér í tónsmíðunum?* „Örugglega óbeint. Ég get þó ekki sagt að einhver ákveðinn hljóðheimur erlendis hafi haft áhrif á mig en ég hef verið hrifin af vídeólist lengi og hef gaman af að blanda saman tónlist og myndlist.“

*Unnusti Bergrúnar er Albert Finnbogason, hljóðmaður og tónlistarmaður sem meðal annars spilar í hljómsveitinni Grísalappalísu sem er nýbúin að gefa út plötu. Bergrún kveðst hafa sönglað eitt lag á henni.* „Ég er engin söngkona en það má alveg kreista eitthvað upp úr sér,“ *segir hún hlæjandi. En tekur kærastinn því með þögn og þolinmæði að sitja heima í festum meðan hún er á flakkinu?* „Jaaá, ég kom nú alltaf heim öðru hvoru. Svo kíkti hann líka í heimsókn til mín í London í lok túrsins.“

*Saknaðir þú Íslands þegar þú varst á ferðalögunum?* „Aðallega þegar ég var í miðju biblíubeltinu í Bandaríkjunum, Mið- og Suðurríkjunum. Auðvitað er áhugavert að kynnast alls konar menningu en þarna eru endalausar gáma-og keðjuverslanir og maður skynjar svo sterkt hvað fólkið er þröngsýnt og afturhaldssamt. Þá fer maður að sakna Þingholtanna.“



**HORNLEIKARINN** „Ég er ánægð að vera heima núna. Er til dæmis að undirbúa verk fyrir tónlistarhátíðina Tectonics í Hörpu í apríl þar sem Sinfóníuhljómsveitin mun spila nútímaverk eftir íslensk og erlend tónskáld,“ segir Bergrún sem lauk sautján mánaða tónleikatúr um heiminn rétt fyrir jól. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Sigur Rós síðasti heimstúr



**Í túr Sigur Rósar 2012-13 sem hélt 141 konsert í 32 löndum voru:**

| | |
|---|---|
| Jón Þór Birgisson (Jónsi) | söngur, gítar |
| Georg Hólm (Goggi) | bassi |
| Orri Páll Dýrason | trommur |
| Aukahljóðfæraleikarar | Bergrún Snæbjörnsdóttir, Eiríkur Orri Ólafsson, Guðbjörg Hlín Guðmundsdóttir, Ingrid Karlsdóttir, Kjartan Hólm, Laufey Jensdóttir, Ólafur Björn Ólafsson og Sigrún Jónsdóttir. |

# Viltu gjarnan hætta en getur ekki sleppt sígarettunni alveg?



Ertu einn/ein þeirra fjölmörgu sem gjarnan vill vera reyklaus en getur ekki hafið reykbindindi vegna þess að þig vantar hvatninguna? Ef til vill hefur þú þegar reynt en fallið. Það er reyndar mjög algengt svo þú skalt ekki örvænta!

**Minnkaðu smám saman fjölda sígarettna**
Ef þér vex í augum að hætta alveg að reykja getur kannski verið auðveldara að draga smám saman úr reykingum þangað til þú verður alveg reyklaus. Það getur fljótt veitt þér tilfinningu um velgengni, vegna þess að það er sigur jafnvel þótt ekki sé dregið nema lítið úr reykingum og það mun verða þér hvatning til að halda áfram þangað til þú verður alveg reyklaus.

## Svona verður þú reyklaus með því að draga smám saman úr sígarettunotkun




Haltu áfram að draga smám saman úr daglegum fjölda Nicotinell lyfjatyggigúmmís




Gerðu áætlun um hvernig þú ætlar að draga úr sígarettunotkun og verða að lokum reyklaus.
Fáðu góð ráð í apótekinu.

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmíi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sígarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingaþörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321). Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ



SIGMUNDUR DAVÍÐ
JÖFNUÐUR!

ÓLAFUR RAGNAR
SAMSTAÐA!



JÓNAS FRÁ HRIFLU
NEI, STÉTTASKIPTING!



Það er álitið að fáar þjóðir hafi þolað kúgun og yfirgáng af meiri kurteisi en Íslendíngar. Um aldaraðir alt fram á þennan dag lifðu þeir í skilníngsríkri sáttfýsi við kúgun, án þess að gera nokkru sinni tilraun til uppreistar.

HALLDÓR LAXNESS

# SKÝJASAGAN UM SAMSTÖÐUNA, JAFNRÉTTIÐ OG ANNAÐ GOTT SEM ALDREI VAR

FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson** verður æ ergilegri þegar ráðamenn þjóðarinnar afbaka Íslandssöguna í hátíðarræðum og komast svo upp með að yppta bara öxlum og endurtaka sama fleiprið í næstu tölu.



Skýjasögu má kannski kalla þær ræður eða greinar þar sem höfundur byggir á sögu fortíðar til að koma sýn sinni áleiðis en reynist við nánari athugun fara meira eða minna með fleipur. Og þá með vísan til þeirra „skýjaborga“ sem sumir menn hneigjast til að reisa sér um framtíðina, en ekki virðist heldur neinn fótur fyrir þegar að er gáð. Skýjasaga í þessari merkingu getur virst meinlaust gaman og jafnvel réttlætanlegt að sveigja sannleikann örlítið, sé málstaðurinn góður, en þeir sem skrifa skýjasögu verða þó að sæta því að bent sé á hvar þeim skjöplist í söguskoðun sinni – og þeim mun frekar eftir því sem þeir gegna hærri embættum og orð þeirra ættu því að hafa meiri vigt.

Íslensk saga hefur reyndar verið látin að mestu í friði af æðstu silkihúfum samfélagsins síðustu áratugi. Stöku sinnum hafa ráðamenn beitt sér fyrir bókaskrifum við hátíðleg tækifæri en annað er það varla. Árið 2002 lét Halldór Blöndal, þá forseti Alþingis, gefa út á kostnað ríkisins veglegt ritsafn Snorra Sturlusonar, að því er virðist til að koma rækilega á framfæri þeirri bjargföstu persónulegu skoðun Blöndals að Snorri hefði skrifað Egilssögu. Og árið 2004 lét Davíð Oddsson forsætisráðherra sjálft Stjórnarráðið kosta bókina Forsætisráðherrar Íslands í tilefni þess að þá voru hundrað ár frá því Íslendingur varð fyrst ráðherra. Með þeirri afar óvenjulegu bókaútgáfu sló Davíð tvær flugur í einu höggi – úthlutaði sjálfum sér því verkefni að skrifa um fyrsta ráðherrann, átrúnaðargoð sitt Hannes Hafstein, og fékk svo að lesa ýmislegt fallegt um eigin feril og ævi í síðasta kaflanum.

En fyrir utan þessi tvö gæluverkefni stjórnmálamanna hefur sögunni sem sé að mestu verið hlíft við afskiptum ráðamanna hér upp á síðkastið – þangað til núna. Hún dúkkaði óvænt upp í sjálfri stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar sem kvaðst mundu vinna að „vernd sögulegra minja og skráningu Íslandssögunnar, auk rannsókna og fræðslu“. Og: „Ríkisstjórnin mun vinna að því að auka virðingu fyrir merkri sögu landsins, menningu þess og tungumálinu, innanlands sem utan.“

Þegar þetta birtist hefði mátt vænta þess að áhugamenn um íslenska sögu kættust ógurlega, enda ættu þeir von á miklum stuðningi. En sú kæti var þó blendin, enda kennir sagan sjálf okkur að það getur endað illa ef stjórnvöld vilja fara að ráðskast of mikið með fortíðina. Hættan er sú að menn fari að draga upp mynd sem á fátt skylt við raunveruleikann og vilji síðan halda þeirri mynd upp að okkur sem einhvers konar spegli sem við eigum að máta okkur við. Og þess varð strax vart í fyrstu stóru ræðu hins nýja forsætisráðherra þann 17. júní síðastliðið sumar. Þar sagði Sigmundur Davíð meðal annars: „Samheldni íslensku þjóðarinnar kemur vel í ljós þegar á reynir og margt er til mikillar fyrirmyndar í samfélagi okkar og vekur eftirtekt í öðrum löndum … Vegna sögu þjóðarinnar þolum við illa órétt. Sigurður Nordal skrifar í bók sinni Íslenzk menning: „Í gamalli frakkneskri heimild er sagt, að einu sinni hafi sendimaður verið gerður á fund víkinga, er lágu við land þar syðra með mikinn flota. Hann spurði um höfðingja liðsins. Honum var svarað: „Vér erum allir jafnir.“ Íslendingar, afkomendur þessara víkinga, hafa löngum verið sjálfstæðir í hugsun og þolað illa yfirvald, hvað þá kúgun.“

Halldór Laxness svaraði svona fullyrðingum nú reyndar á sínum tíma, en svo má auðvitað spyrja hvernig þokukennd þjóðsaga um víkingaflokk suðrá Frakklandi fyrir 1.200 árum eða svo á að verða okkur lærdómur um samheldni, jöfnuð og jafnrétti í samfélaginu á okkar tímum – en slíkur lærdómur virtist vaka fyrir forsætisráðherra með orðum hans í ræðunni. En þar fyrir utan, þá er að minnsta kosti þessi bútur ræðunnar skýjasaga og ekkert annað. Fleipur, öðru nafni. Því Ísland landnámsmannanna einkenndist ekki af jafnrétti og jöfnuði, því fór svo víðs fjarri. Það viðurkenndi meira að segja Jónas frá Hriflu hreinskilnislega, en í Íslandssögu sinni fyrir börn, sem hann skrifaði fyrir rétt tæpum hundrað árum, lagði hann sig þó fram um að draga upp fallega mynd af landnáminu og þjóðveldinu íslenska. Sigmundur Davíð hefur eins og kunnugt er iðulega vísað beint eða óbeint til Hriflu-Jónasar þegar hann fjallar um menningu þjóðarinnar, en virðist þó ekki hafa lesið eftirfarandi kafla úr Íslandssögu handa börnum eftir Jónas sem út kom árið 1915:

„Undir eins á landnámsöldinni greindist þjóðin á Íslandi í ýmsar stéttir, eftir efnum og ætterni; en skörpust var merkjalínan milli frjálsra manna og ófrjálsra (þrælanna). Ánauðuga fólkið var eiginlega ekki talið með mönnum. Það var eign frjálsu mannanna, eins og dýr eða hlutir. En jafnvel innbyrðis meðal frjálsa fólksins var stéttamunurinn greinilegur. Það var langur vegur eftir virðingastiganum frá kóngum og drottningum eða stórríkum höldum og víkingum eins og Geirmundi [heljarskinni], Auði [djúpúðgu], Ingimundi [gamla] eða Skallagrími niður að kotbóndanum, vinnumanninum eða beiningamanninum … [S] tórbændurnir fundu til yfirburða og máttar, og létu það tíðum koma fram í viðskiftum við smælingjana, og stranglega var þess gætt að efnafólk og fátæklingar mægðust ekki … Heldur þótti lítið koma til allra þeirra bænda, sem voru leiguliðar eða unnu hjá öðrum, þótt þeir ættu skýli yfir höfuðið … Ekki var æfi þrælanna góð. Þeim voru ætluð verstu og óþrifalegustu verkin, og veittur lakastur aðbúnaður í mat, klæðnaði og allri aðhlynningu. Sjaldan var vikið að þeim með velvild …“

> Ánauðuga fólkið var eiginlega ekki talið með mönnum. Það var eign frjálsu mannanna, eins og dýr eða hlutir. En jafnvel innbyrðis meðal frjálsa fólksins var stéttamunurinn greinilegur. Það var langur vegur eftir virðingastiganum frá kóngum og drottningum eða stórríkum höldum og víkingum … niður að kotbóndanum, vinnumanninum eða beiningamanninum.

## Samheldni og samvinna

Þetta var sem sé skrifað fyrir nærri hundrað árum og síðan hefur skilningur manna á stéttaskiptingu og harðneskjulegri lífsbaráttu á þjóðveldisöld heldur aukist en hitt, skulum við vona. Því er góð og gild spurning, sem hver áhugamaður um sögu hlýtur að velta fyrir sér, af hverju nú er verið að koma á flot innantómri skýjasögu um jöfnuð og stéttleysi samfélagsins til forna.

Sigmundur Davíð forsætisráðherra er ekki einn um að vilja endurskapa söguna. Við þingsetningu síðastliðið haust hafði forsætisráðherra fjallað um nauðsyn samheldni og samvinnu þjóðarinnar, þannig myndi henni best farnast, því samheldnin hefði alltaf reynst henni best í lífsins ólgusjóum. Og nokkuð óvænt tók Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands upp þann þráð í áramótaávarpi sínu um daginn. Hann sagði meðal annars:

„Á örlagastundum hefur samstaðan ráðið úrslitum … Stjórnarskráin, heimastjórn, fullveldi og lýðveldisstofnun – allir byggðust þessir hornsteinar á samstöðu þjóðarinnar; sigrarnir unnust þegar hún réði för. Sundruð sveit náði aldrei neinum áföngum að sjálfstæði.“

## Engin samstaða

Óvænt voru þessi orð forsetans vegna þess að Ólafur Ragnar er menntaður stjórnmálafræðingur og á að hafa víðtæka þekkingu á stjórnmálasögu þjóðarinnar. Og því ætti hann að vita betur en fram kemur í þessum orðum. Um öll þau mál sem hann nefnir geisuðu gríðarlega harðar deilur í íslensku samfélagi, einnig og ekki síst sjálfstæðisbaráttuna sem seinna var sett á stall og látið eins og allir hefðu alltaf verið sammála. Nú síðast mátti lesa um þær hörðu deilur í bókinni Upp með fánann sem kom út 2012, þar fjallar Gunnar Þór Bjarnason skilmerkilega um næstum fáránlega harðar deilur um „Uppkastið“ 1908. Og margoft hefur verið sýnt fram að sú mikla „samstaða“ sem á að hafa ríkt um stjórnarskrána 1944 er ekki annað en þjóðsaga.

Strax og Sigmundur Davíð fór með „samstöðu-þulu“ sína við þingsetninguna í haust sem leið, þá risu sagnfræðingar og aðrir fræðimenn upp á afturfæturna og mótmæltu – um þau mál sem hann nefndi hefði aldrei ríkt nein samstaða með Íslendingum. Samt endurtekur svo fróður maður sem Ólafur Ragnar Grímsson þá þulu nærri orðrétt í áramótaávarpi sínu eitthvað um þrem mánuðum seinna – eins og hann sé lærisveinninn sem hafði uppgötvað ný sannindi þegar meistarinn talaði – því ég ítreka að Ólafur Ragnar hlýtur að hafa lesið margoft um allar þessar hörðu deilur og hinn algjöra skort á samstöðu í öllum helstu málum.

Ég hlýt eins og allir áhugamenn um sögu að fagna auknum áhuga á að saga okkar sé skráð og varðveitt. En minni þá á orð valdsherranna sjálfra úr stjórnarsáttmálanum að unnið skuli að því að „auka virðingu“ fyrir hinni merku sögu okkar. Það verður ekki gert með því að valdsherrarnir sjálfir afbaki hana í hátíðarræðum sínum og geri að skýjasögu eintómri.

# Alþjóðlegi Dáleiðsludagurinn

## 4. janúar er Alþjóðlegi dáleiðsludagurinn – World Hypnotism Day

**Félagasamtök dáleiðslutækna og dáleiðsluskólar um allan heim hafa sameinast um að vinna að því að eyða hindurvitnum og fordómum í garð dáleiðslu og kynna hversu öflugt tæki dáleiðsla er til að bæta heilsu fólks, andlega og líkamlega.**

Félag dáleiðslutækna og Dáleiðsluskóli Íslands standa saman að útgáfu þessa sérblaðs, en á tæpum þremur árum hefur orðið bylting í dáleiðslumeðferð á Íslandi.

Viðtölin sem hér birtast gefa nokkra mynd af þeirri þjónustu sem þegar er í boði.

Nú býðst fullt dáleiðslunám á Íslandi og heimsþekktir dáleiðslukennarar koma reglulega til landsins til að kenna, segir Ingibergur Þorkelsson, formaður Félags dáleiðslutækna og forstöðumaður Dáleiðsluskóla Íslands.

Í dag er opið hús hjá Félagi dáleiðslutækna í Skipholti 50b í Reykjavík og er almenningi boðið að koma og fræðast um dáleiðslu og hverju hún getur áorkað.



Steinvör Jónsdóttir fór í einn dáleiðslutíma til Ingibjargar og er nú laus við þau hamlandi áhrif sem flughræðsla hefur. MYND/DANÍEL

# Sigrast á flughræðslu

**Ingibjörg Bernhöft dáleiðslutæknir hefur hjálpað mörgum til að losna við flughræðslu.**

Sveittir lófar, andvökunætur, ör hjartsláttur og lamandi kvíði fyrir fluginu. Margir hafa jafnvel hætt við draumaferðina á síðustu stundu vegna óttans sem þeir vita vel að er alveg ástæðulaus en geta engan veginn losnað við. „Eins ótrúlegt og það hljómar, þá er hægt að vinna bug á þessum óþægilegu tilfinningum með einum tíma í dáleiðslu," segir Ingibjörg Bernhöft, sjúkraliði og dáleiðslutæknir.

Hún lærði dáleiðslu hjá Dáleiðsluskóla Íslands af nokkrum færustu dáleiðslukennurum Bandaríkjanna og hefur síðan aflað sér mikillar starfsreynslu. Hún tekur á margs konar vanda og segir sérlega ánægjulegt að sjá árangurinn af dáleiðslu við flughræðslu.

„Það er hægt að losa fólk við þessa líðan fyrir flug. Það nær þá algerri slökun. Fólk nær oftast góðum svefni fyrir flugið og hefur algera stjórn á tilfinningum sínum," segir Ingibjörg. Hún segir að það séu ekki bara þeir sem hafa lent í ókyrrð eða óþægilegu flugi sem upplifa flughræðslu heldur geti ýmsar aðrar ástæður legið þar að baki. „Með hjálp dáleiðslunnar er hægt að losna við hræðsluna."

„Með því að koma fólki í djúpa slökun er hægt að vinna með undirmeðvitundinni. Í raun vinnur viðkomandi allt ferlið í eigin huga undir handleiðslu dáleiðslutæknisins," útskýrir Ingibjörg. Hún mælir með því að fólk sem vill vinna bug á flughræðslu komi í dáleiðslu einni til tveimur vikum fyrir áætlaða brottför. „Þá fær fólk tækifæri til að nýta sér tæknina og slökunina í aðdraganda ferðarinnar."

Ingibjörg segir að dáleiðsla sé alveg eðlilegt ástand. „Við förum í þetta hugarástand oft á dag. Eins og þegar við erum á milli svefns og vöku. Sama gerist þegar við dettum inn í bíómynd og lifum okkur inn í hana, eða þegar spennandi bók lifnar við fyrir framan okkur. Í dáleiðslu heyrum við allt sem sagt er og vitum alltaf af okkur. Hollywood-ímynd dáleiðslunnar er skáldskapur."

Ingibjörg segir ferlið taka um eina klukkustund og að oftast sé árangurinn ótrúlega góður. „Markmiðið með dáleiðslunni er að losna alveg við kvíðann og orsakir hans. Fólk upplifir mikinn létti og frelsi við að losna undan kvíðanum. Margir fara að hlakka til flugsins í stað þess að kvíða því."



Steinvör hefur verið haldin flughræðslu í fimmtán ár eða frá því hún átti sitt fyrsta barn. Tveimur dögum eftir dáleiðslutímann flaug hún til London og fann ekki fyrir hræðslu. Hana langaði helst til að klappa þegar flugvélin lenti.

**Steinvör Jónsdóttir sigraðist á flughræðslu eftir einn dáleiðslutíma**

## Steinhissa á árangrinum

„Ég frétti af árangri Ingibjargar hjá öðrum og ákvað að prófa. Ég fór þó mjög hlutlaus inn í tímann og gerði mér engar sérstakar vonir. Tveimur dögum seinna flaug ég til London. Flughræðslan var horfin."

Steinvör fór að finna fyrir flughræðslu eftir að hún átti sitt fyrsta barn fyrir 15 árum. Hún svaf illa dagana fyrir flug og fann margs konar líkamleg kvíðaeinkenni. Hún reyndi jafnvel að koma sér undan því að fara í flug og tók dræmt í það þegar fjölskyldan lagði til að fara í utanlandsferðir.

„Í þetta skipti svaf ég vel og gat fengið mér morgunmat fyrir flug sem ég gat ekki áður. Líkamlegu kvíðaeinkennin komu ekki og ég hafði fulla stjórn. Þegar vélin lenti langaði mig mest til að klappa. Ég upplifði heldur engan kvíða fyrir fluginu til baka eins og svo oft áður."

Steinvör lítur svo á að hún sé læknuð og er enn steinhissa á árangrinum. „Ég lærði alls kyns slökunarráð og veit nú hvað ég á að gera ef áhyggjurnar skjóta upp kollinum."


**Opið hús – dáleiðslukynning**

**Í dag kl. 13–17 Skipholti 50b S: 859 3855**

**Hvað getur dáleiðslumeðferð gert fyrir þig?**

Pantaðu tíma hjá dáleiðslutækni dáleiðsla.is

# Betri árangur í íþróttum

**Axel Örn Bragason fimleika- og sjúkraþjálfari hefur undanfarið ár náð mjög góðum árangri í þjálfun keppnis- og íþróttafólks með því að nota dáleiðslu.**

Axel starfar sem sjúkraþjálfari hjá Atlas endurhæfingu. Hann lærði meðferðardáleiðslu hjá afar færum kennurum hjá Dáleiðsluskóla Íslands. Hann segir að með dáleiðslu undirbúi hann keppendur fyrir mót með það að leiðarljósi að þeir nái sem bestum árangri.

„Í dáleiðslunni get ég meðal annars aðstoðað keppendur og íþróttafólk við að yfirstíga hindranir sem geta komið í veg fyrir hámarksárangur. Íþróttamennirnir átta sig ekki alltaf á því sjálfir hver hindrunin er en hægt er að komast að því með dáleiðslu og yfirstíga hana í kjölfarið. Það er lyginni líkast hvað dáleiðsla getur gert,“ útskýrir Axel.


Axel Örn Bragason

„Dáleiðsla hentar vel öllu íþróttafólki sem hefur náð góðum árangri á sínu sviði, er á framabraut og vill verða enn betra. Dáleiðsla getur hjálpað öllu íþróttafólki sama hvaða íþrótt það stundar,“ segir Axel ennfremur.

Á síðunni dáleiðsla.is er mikill fróðleikur um dáleiðslu og þá einstaklinga sem bjóða upp á dáleiðslumeðferð. Axel segir að fólk almennt viti ekki mikið um dáleiðslu. „Mannshugurinn er skemmtilegur og óútreiknanlegur. Dáleiðsla er leið til að ná sambandi við undirmeðvitundina og með einföldum tilmælum er svo unnið í málefnum viðkomandi, hver svo sem þau eru. Fólk er með fullri meðvitund í dáleiðslunni hjá okkur og veit nákvæmlega hvað fer fram.“




# Losar fólk við mígreni

**Andri Sigurðsson dáleiðslutæknir segir að mígreni virðist í mörgum tilfellum ómeðvitaður flótti frá aðstæðum. Dáleiðsla geti losað fólk við mígreni.**

„Það eru ekki allir sammála um hvað mígreni er eða hvað veldur því. Læknavísindin hafa ekki getað útskýrt það til fulls,“ segir Andri Sigurðsson dáleiðslutæknir.

„Margir fá mígreni þegar álag er mikið, aðrir þegar álaginu lýkur, eða þegar viðkomandi er þreyttur. Þetta á ekki við um alla og ekki eru allir sammála en hjá sumum virðist mígrenið vera eins og ómeðvitaður flótti. Hugurinn virðist vera kominn með nóg og skellir í lás. Ég get losað þá við mígrenið með dáleiðslu en geng fyrst úr skugga um að ekki séu aðrar ástæður sem valda höfuðverknum.“ segir Andri.

„Dáleiðsla getur virkað á svo margt. Ég vinn með undirmeðvitundina og hluti sem við eigum erfitt með að vinna með meðvitað. Ég fæst mest við kvíða en einnig depurð, fóbíur, lélegt sjálfsmat og fleira. Ég dáleiði strax í fyrsta tímanum og fyrir marga getur það haft mikil áhrif og breytt miklu, jafnvel öllu. Það fer eftir því hvað við erum að vinna með hversu marga tíma þarf, stundum bara einn en oft tvo til fjóra tíma,“ útskýrir Andri og segir alltaf þurfa að vinna út frá rót vandans.

„Oftast er hægt að finna ástæðurnar fyrir vandanum. Ég vinn með þær og nota ákveðnar aðferðir til að auðvelda bata. Ef ástæða vandans er ekki ljós vinn ég út frá einkennum þar til við komumst að kjarnanum.“


Andri Sigurðsson dáleiðslutæknir beitir dáleiðslu gegn kvíða og mígreni með góðum árangri. MYND/GVA

# Ráðist að rótum vandans

**„Dáleiðsluaðferðin Subliminal Therapy snýst um að finna rót vandans í vitundinni.**

Aðferðafræði meðferðarinnar er einföld og þar af leiðandi virkar hún mjög vel,“ segir Anna Lísa Björnsdóttir dáleiðslutæknir.

Höfundur aðferðarinnar er Dr. Edwin Yager, sálfræðiprófessor við University of California, sem kennir hjá Dáleiðsluskóla Íslands, og hefur Anna Lísa notað aðferð hans með mjög góðum árangri á ólík vandamál.

„Þegar við verðum fyrir áfalli, til dæmis í æsku, geymir vitund okkar allt um áfallið, þó við munum sjálf ekkert eftir því þegar komið er á fullorðinsár. Ákveðin einkenni vegna áfallsins fylgja líkama og hug og með aðferð Dr. Yagers er hægt að finna orsökina í vitundinni og eyða henni þaðan. Þegar orsökin er farin hverfa einkennin. Fólk leitar til mín með margvísleg vandamál, en í ákveðnum tilfellum ráðlegg ég fólki að leita læknis eða annars fagaðila í stað mín eða fá vottorð eða tilvísun áður en ég vinn með viðkomandi.

Aðferð Dr. Yagers virkar vel á mjög margt. Stundum er einn tími nóg en oftast þarf fleiri, mismarga eftir því hvað við er að eiga. Dr. Yager hefur birt rannsóknir um aðferð sína og töflur um meðallengd meðferða eftir gerðum.


Anna Lísa Björnsdóttir

Stundum koma í ljós fleiri undirliggjandi vandamál og þá gæti þurft fleiri en einn tíma. Fólk getur verið haldið kvíða, verið orkulaust, haldið einhverri þráhyggju, eða verið að kljást við óútskýrða vanlíðan. Til að komast að orsök vandamálsins þarf að komast í samband við það sem Dr. Yager kallar Kjarnann í vitundinni (Centrum),“ segir Anna Lísa og útskýrir nánar:

Með Subliminal Therapy er verið að vinna með innri vitund, eða Kjarnanum. Hann vinnur svo verkið að mestu þannig að sá sem stýrir meðferðinni finnur rót vandans og leysir hann með leiðbeiningum frá dáleiðslutækninum.

Aðferð Dr. Yagers hefur hjálpað mörgum sem leita til Önnu Lísu. Konur, sem hafa fengið sjúkdómsgreiningu vefjagigtar, hafa losnað við svo til öll einkenni sjúkdómsins eftir meðferðina og öðlast nýtt líf. Fólk hefur losnað við kvíða og ofsakvíða, þunglyndi og depurð, losnað undan meðvirkni, losnað við einkenni asma og exems, tekist á við vanlíðan vegna andlegs og líkamlegs ofbeldis og uppræt hana.

Anna Lísa hefur notað Subliminal Therapy með góðum árangri með börnum en hún þróaði eigin aðferð út frá aðferðafræði Dr. Yagers. „Ég fann nálgun við hans aðferð sem hægt er að nota í vinnu með börnum. Hann hreifst svo af henni að hann er farinn að kynna hana sjálfur,“ segir Anna Lísa.

## Tóbaksfíkn horfin eftir 40 mínútna meðferð

Jón Kristinn Gíslason, vélvirkjameistari hjá Norðuráli, notaði neftóbak í 27 ár og reyndi oft án árangurs að venja sig af því.

„Ég hafði margoft reynt að hætta en það var ekki fyrr en eftir meðferð Önnu Lísu sem fíknin hefur horfið. Meðferðin sjálf tók ekki nema 40 mínútur og ég fór bara í eitt skipti,“ útskýrir Jón en hann hefur ekki notað neftóbak nú í tvo mánuði. „Það hafa komið tímar þar sem mig hefur langað í neftóbak, en það sem er þó breytt núna er að fíknin sjálf er farin, það er bara svo einfalt. Þetta virkar. Ég get lifað án neftóbaksins í dag,“ segir Jón.

Námskeið Dáleiðsluskóla Íslands er vottað af International Medical & Dental Hypnotherapy Association í Bandaríkjunum og General Hypnotherapy Standards Council í Bretlandi



## JÓLIN KVÖDD

**Jólin verða kvödd á mánudag. Árleg þrettándagleði verður á Ásvöllum í Hafnarfirði kl. 18.30 þar sem verður álfabrenna, söngur og dans með Grýlu og Leppalúða. Hátíðinni lýkur með flugeldasýningu kl. 19.30. Í Grafarvogi verður blysför frá Guðríðarkirkju kl. 19.30 í Leirdal þar sem brennukóngur tendrar eldinn og jólasveinar mæta.**

Viltu ná góðum árangri í skólanum frá byrjun?
Til þess þarf góða undirstöðu. Við bjóðum þér
NÁMSAÐSTOÐ
til að styrkja grunninn. Öll skólastig.
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Meirapróf

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
Næsta meirapróf byrjar 8. janúar 2014


Hreinsandi fyrir alla muni
Húsgagnahreinsun fyrir alla muni
Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is



# ÖFLUG VÖRN GEGN SVEPPASÝKINGU

**ICECARE KYNNIR** *Bio-Kult Candéa-hylkin veita öfluga vörn gegn candida-sveppasýkingu. Unnur Gunnlaugsdóttir segir notkun hylkjanna hafa virkað gegn sveppasýkingu og þau hafi gjörbreytt lífi sínu.*

Bio-Kult Candéa er öflug blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og greipaldinfrækjarna. Hún virkar sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla.

Unnur Gunnlaugsdóttir segir að sér hafi batnað af mjög hvimleiðu vandamáli sem hún hafði barist við undanfarin ár. „Fyrir 17 árum fékk ég sveppasýkingu eftir sýklalyfjakúr og í kjölfarið fékk ég síendurteknar sýkingar. Ég prófaði ALLT til að losna við sveppasýkinguna, frá grasalækningum til lyfseðilsskyldra lyfja til að drepa niður þennan ófögnuð en ekkert virkaði. Ég minnkaði líka mjög neyslu á sykri, hveiti og geri en það hafði ekkert að segja. Tímabilið í kringum blæðingar var algjör hryllingur, stanslaus sviði og vanlíðan, löngun til kynlífs var alveg horfin og ég hélt að á endanum myndi ég missa vitið. Líf mitt snerist ekki orðið um annað en hvernig ég gæti losnað við þennan sviða. En eftir að ég hóf að taka inn Bio Cult Candéa-hylkin hefur líf mitt tekið stórkostlegum breytingum. Ég er algjörlega laus við sviða og kláða og önnur óþægindi sem fylgja sveppasýkingu! Að auki get ég loksins farið í sund með börnunum mínum en þessi ófögnuður gerði það að verkum að sundferðir voru mjög sjaldgæfar. Þvílíkur munur og gleði. Ég mun hiklaust halda áfram að nota Bio Kult Candéa og hvet alla sem átt hafa við svona vandamál að stríða að taka inn Bio Cult Candea. Hylkin breyttu ekki bara lífi mínu. Þau björguðu því.“

Sveppasýking getur lýst sér á mismunandi hátt og komið fram með ólíkum hætti. Einkenni sveppasýkingar geta meðal annars verið munnangur, fæðuóþol, pirringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni og alls kyns húðvandamál. Bio-Kult Candéa er öflug vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum.

Bio-Kult Candéa-hylkin henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Þau fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða.

Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á heimasíðu Icecare, icecare.is.

**BREYTT LÍF**
Unnur segir notkun á Bio-Kult Candéa-hylkjunum hafa breytt lífi sínu. Hún getur nú farið í sund með börnunum sínum, Bjarka og Írisi, en gat það ekki áður vegna síendurtekinna sveppasýkinga.
MYND/ERNIR





Heilsu Qigong
5 helstu ástæður þess að iðka qigong
Qigong (borið fram "tsí-gong") er yfir 5.000 ára gamalt æfingakerfi í heilsurækt þarsem saman fer qi, sem merkir "lífskraftur", og gong, sem merkir "nákvæmar æfingar".
1. Aukin vellíðan og lífsþróttur
Minnkar blóðþrýsting, bætir hjarts- og æðastarfsemi, jafnar hjartsláttartíðni og minnkar kólesteról.
2. Dregur úr þrálátum sársauka
Með hjálp sjónar og stjórn hugar og líkama getur þú dregið úr þrálátum sársauka frá liðagigt.
3. Betra blóðstreymi
Með sérstökum öndunaræfingum getur þú aukið súrefnisflæði í líkamanum.
4. Dregur úr spennu
Með því að minnka viðbrögð við spennuvekjandi álagi. Hjálpar gegn þráhyggju- og áráttuhegðun, þunglyndi og kvíða og persónuleikaeinkennum af A-gerð.
5. Byggir upp sjálfsvirðingu
Með því að leyfa þér að líða vel og þægilega.
Skráning í síma 553 8282
HEILSU DREKINN
Skeifan 3j | Sími 553 8282 | www.heilsudrekinn.is

Við náum til fjöldans
Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti
Póstdreifing
Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifaríkleið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. *Örugglega til þín.*
Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.
Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreif-

# FRÆKIN HAFMEYJA Í FJÖRÐUM

**STÓRHUGA ÁRAMÓTAHEIT** *Ferðafræðingurinn Boga Kristín Kristinsdóttir strengdi verðugt áramótaheit um áramótin 2012 og 13 en það var að synda 50 metra í 50 fjörðum á 50. aldursári sínu. Hún fylltist söknuði og trega þegar sundinu lauk við Hofsós.*

Mér tókst ætlunarverkið með léttum leik," segir Boga sem strengir stór áramótaheit á fimm ára fresti.

„Þegar ég varð 45 ára kleif ég 45 tinda og þegar ég verð 55 ára ætla ég sigla á kajak um 55 stöðuvötn," segir Boga, hvergi bangin.

Fyrsta fjörðinn synti hún úr Nauthólsvík á nýársdag í fyrra og í ágústlok hafði hún lagt alla fimmtíu firðina að velli.

„Flesta firði synti ég á Vestfjörðum í júní þegar ég náði 38 fjörðum á sex dögum, sem var töluvert puð í öllum veðrum. Ég ætlaði mér að synda fimmtíu metra í hverjum firði en synti oftast hundrað metra og alls 400 metra í Breiðafirði sem er mér hjartfólginn því ég er fædd á Saurbæ í Dölum."

Þrátt fyrir leiðindaveður síðasta sumar segir Boga veðrið yfirleitt hafa leikið við sig.

„Þegar maður virðir og dáir náttúruna spilar hún með. Ég reyndi að fara varlega og var alltaf með manneskju á bakkanum sem var við öllu búin færi eitthvað úrskeiðis. Ég hefði ekki náð markmiðum mínum nema að hafa með mér fjölskyldu og vini sem nenntu að skrönglast þetta með mér um allt land," segir Boga, himinsæl yfir að hafa staðið við áramótaheit síðasta árs.



**GARPUR** Boga Kristín starfar sem ferðafræðingur hjá CCP og sér þar um öll ferðamál. Hún vermdi kroppinn í íslenskri ull þegar hún komst ekki beint í heitan pott að sjósundi loknu. MYND/GVA

### Á UNDIRKJÓL Í HAFINU

Áður en Boga byrjaði að stunda sjósund kveðst hún hafa verið með áskrift að kvefi, lungnabólgu og umgangspestum.

„Það þekki ég ekki lengur enda er sjósund mikil heilsubót og hefur styrkt ónæmiskerfið til mikilla muna. Það er líka afar gott fyrir andlegu hliðina og þann styrk tek ég með mér í vinnuna og dagleg samskipti við aðra."

Boga synti í undirkjólum, silkikjól og öðrum óhefðbundnum sundfatnaði til að skapa hverjum firði þema og segir hvern fjörð einstakt ævintýri.

„Ég reyndi að gera þetta eftirminnilegt. Aðgengi var misgott og stundum þurfti ég að klöngrast niður bratta bakka en stundum óð ég út í beint af þjóðveginum," segir Boga og nefnir nokkra eftirminnilega firði.

„Í Skálmarfirði var svo mikil fjara að ég gekk allan fjörðinn nær þurrum fótum og á 17. júní synti ég út Hafnarfjörð með íslenska fánann á lofti sem var mjög þjóðernislegt og næstum fjallkonulegt en bara mín eigin þjóðhátíð. Ég synti Breiðafjörð út frá Saurbæ, þar sem ég er fædd og uppalin, en hann stendur upp úr ásamt Skagafirði og Eyjafirði þar sem ég stakk mér til sunds frá Hrísey og ólýsanlegt að horfa á fjallahringinn úr sævi."

### TÓMLEG ÁRAMÓT ÁN HEITA

Boga skráði ferðasöguna úr hverjum firði og lýsingu á veðri, andrúmslofti og því sem fyrir augu bar.

„Ég varð aldrei hrædd á sundinu nema þá helst við að lenda í frásogi eða straumum sem bæru mig af leið. Ég kynnti mér alla firði vel áður en ég lagðist til sunds og lenti aldrei í vandræðum utan hvað sterkir straumar Súgandafjarðar toguðu mig aðeins af leið. Ég hugsaði vitaskuld út í að rekast á lík eða til dæmis háhyrninga en hvarvetna mætti mér gríðarlegt fuglalíf, selir, krabbar og smádýr og oft syntu með mér kollur með unga sína," segir Boga sem einnig naut útsýnis undir yfirborði sjávar.

„Ég var eins og landnámsmennirnir sem sáu Ísland rísa úr sæ og sé landið mitt í nýju ljósi. Þegar ég steig á land fór ég beint á beit og át söl og að vera á sundi með blika eða himbrima og horfa í augu þeirra eins og hver önnur hafmeyja gefur nýja sýn á tilveruna og er hollt veganesti út í lífið."

Náttúran er sjálfstæð og óútreiknanleg og því var mikilvægt að taka dagsformið með í reikninginn.

„Á tímabili læddist að mér hugsun um að ég myndi ekki ná þessu og eftir Vestfirðina fór þreyta að segja til sín. Það voru mikil átök að synda átta firði á dag en líka óskaplega gaman. Þegar ég steig á land eftir síðasta sundið í Hofsósi settist að mér tregi og söknuður yfir því að sundinu væri lokið. Allan tímann var mér þó þakklæti í huga, að hafa heilsu og aðstöðu til að gera þetta, sem ekki er öllum gefið. Markmiðið var torsótt og strembið meðan á því stóð en nú finnst mér það leikandi létt í minningunni," segir Boga brosandi.

Út frá afmælissundinu vaknaði með Bogu draumur um að henda sér út í áheitasund og synda fyrir góðgerðarmál á nýju ári.

„Áramótin voru hálf tómleg nú án stórs áramótaheits en ég er þegar farin að kortleggja stöðuvötnin 55 og ég ætla að þjálfa mig betur á kajaknum mínum til að takast á við ný markmið þegar ég verð 55 ára."

thordis@365.is



**ÖNUNDARFJÖRÐUR** Boga synti í 38 vestfirskum fjörðum á sex dögum í fyrrasumar. MYND/ÚR EINKASAFNI






# ÚTSALA




**20-60% AFSLÁTTUR**

**af öllum teppum**







*Persía*

**Opið sunnudaginn 5. janúar kl. 13-17**

**Opið kl. 11-18 • laugardaga kl. 11-16 • www.persia.is**

**T E P P A G A L L E R Í • Bæjarlind 16 • Sími 568 6999**

FRUM




# SPARAÐ HÉR OG ÞAR

**SPARNAÐUR MARGBORGAR SIG** *Í upphafi árs er gott að taka til í fjármálunum. Hér eru nokkur húsráð til að þyngja pyngjuna og eiga þannig aukapening fyrir því sem hugurinn girnist.*



- Borgið reikninga, skuldir og sektir á tilsettum tíma. Ekki eyða dýrmætum mánaðarlaunum í dráttarvexti.
- Reynið eftir fremsta megni að greiða upp yfirdrátt og önnur dýr lán sem bera háa vexti.
- Nýtið tilboð verslana til að gera magninnkaup á nauðsynjavörum eins og sjampói, klósettpappír, morgunkorni og öðru slíku. Gætið þess þó að falla ekki fyrir óþarfa þótt hann sé á tilboði.
- Nýtið sömuleiðis útsölur og tilboð til að kaupa dýra hluti eins og raftæki, húsgögn, yfirhafnir og útivistarfatnað. Með því er jafnvel hægt að spara tugi þúsunda.
- Veljið ódýrari vöru í stað merkjavöru í matvörubúðinni þegar það skiptir ekki sköpum fyrir bragð og gæði.
- Gerið innkaupalista. Annars er hætt við því að nauðsynjar gleymist og að í körfuna slæðist alls kyns óþarfi.
- Geymið kvöldmatarafganga þegar þeir eru til og takið með í hádegismat. Þó það sé bara gert einu sinni í viku felst í því umtalsverður sparnaður.
- Drekkið heimalagað kaffi eða kaffi á vinnustaðnum. Aðkeypt kaffi í götumáli getur verið dýrt, sérstaklega ef það er drukkið á hverjum degi.
- Lærið að segja nei. Það er freistandi að styðja annað hvert góðgerðarverkefni en er þó ógerningur fyrir hinn almenna launþega. Góð regla er að velja eitt málefni til að styrkja í einu og segja því upp áður en fallist er á að styðja annað.
- Hugleiðið hvort heimasíminn með tilheyrandi mánaðargjaldi sé nauðsynlegur. Hann getur verið það ef börn eða eldra fólk eru á heimilinu en sumir komast vel af með því að nota eingöngu farsíma.
- Verið vakandi fyrir fríðindum og tilboðum sem fylgja kreditkortanotkun.
- Pantið flugmiða og gistingu vel fram í tímann. Þannig má tryggja hagstætt verð.
- Farið árlega yfir tryggingar og önnur föst útgjöld og athugið hvort þau hafa hækkað óeðlilega.
- Ef mikil löngun í eitthvað ákveðið kviknar er góð regla að sofa á því. Ef löngunin er jafn sterk daginn eftir er hægt að láta það eftir sér.
- Hættið að reykja og drekka. Hvort tveggja er dýrt og alger óþarfi.
- Segið upp áskrift að afþreyingu sem er lítið sem ekkert notuð.
- Leggið umframpeninga á bók með góðum vöxtum.




# DÁSAMLEGIR KJÚKLINGAVÆNGIR

*Kjúklingavængir eru ódýr matur. Í þessari uppskrift eru þeir lagðir í maríneringu og síðan bakaðir í ofni. Hægt er að nota kjúklingaleggi ef fólk vill það frekar en vængirnir eru frábær forréttur eða sem partímatur. Sætsterkt bragðið af þessum rétti er afar ljúffengt. Rétturinn birtist á Food Network-stöðinni hjá matreiðslumanninum Siba Mtongana sem býr í S-Afríku.*

**ÞAÐ SEM ÞARF**
**20 kjúklingavængir**

**MARÍNERING**
**4 msk. sojasósa**
**nýmalaður pipar**
**250 ml sweet chili-sósa**
**250 ml smoky barbecue-sósa**

**TIL SKRAUTS**
**ferskt kóríander**
**vorlaukur**
**límóna**

Blandið sósur og pipar í stóra skál og leggið vængina í blönduna. Látið standa í að minnsta kosti eina klukkustund, helst lengur. Hitið ofninn í 200°C. Penslið ofnfat með smá olíu. Leggið vængina í fatið og bakið í ofni í 20 mínútur eða þar til þeir eru eldaðir í gegn.

Raðið vængjunum á fat og skreytið með kóríander, vorlauk og límónusneiðum eða -bátum.

**PEPPADEWS-ÍDÝFA**

**Gott er að hafa ídýfu með vængjunum. Í þessari sósu er notað peppadews sem fæst í krukkum og er mitt á milli þess að vera paprika og chili-pipar. Hægt er að nota papriku fyrir þá sem vilja dauft bragð, eða chili-pipar fyrir þá sem vilja hafa sósuna sterka ef peppadews fæst ekki.**

**ÞAÐ SEM ÞARF**
**125 ml léttmajónes**
**8 peppadews, smátt skorið**
**ein lúka ferskt kóríander, smátt skorið**
**1 tsk. rauð piparkorn**
**límónusafi**



Hrærið allt saman og berið fram með vængjunum. Þessi sósa er einnig mjög góð með ýmsu grænmeti, til dæmis gulrótum, sellerí, radísum og fleiru.

**GIRNILEGT**
Ljúffengir kjúklingavængir sem passa sem forréttur eða partímatur.




Stjörnuljós
Flugeldasala
50 %
Afsláttur
Sýningin þín
hefst hjá okkur
Smiðjuvegi 9
Kópavogi
Gul gata
Njarðarbraut
Reykjanesbæ
Gamla steypustöðin
Opið 12 - 20
laugardag sunnudag og
mánudag
www.stjornuljos.is

# FEMARELLE DREGUR ÚR VERKJUM OG VANLÍÐAN

**ICECARE KYNNIR** *Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa og hefur hjálpað mörgum konum að öðlast betri líðan.*



**ALLT ANNAÐ LÍF** Eva Ólöf segir að líf sitt hafi breyst til mikils batnaðar eftir að hún fór að taka inn Femarelle. MYNDIR/STEFAN

Eva Ólöf Hjaltadóttir segir að sér hafi ekki liðið vel í langan tíma áður en hún kynntist Femarelle. „Ég er á lyfjum vegna sykursýki og sjúkdóms í skjaldkirtli. Ég þyngdist vegna lyfjanna, hef auk þess þjáðst af gigt með tilheyrandi verkjum. Mér fannst óþægilegt að vera innan um margt fólk og var farin að finna fyrir þunglyndi. Einnig átti ég erfitt með að vera í hávaða og var að einangrast gagnvart félagslífi,“ segir Eva Ólöf.

„Ég er 71 árs og var ekki sátt við hvernig mér leið, vildi geta tekið meiri þátt í lífinu. Ég las umfjöllun um Femarelle og leist vel á að prófa náttúrulega, hormónalausa meðferð, sérstaklega þar sem sagt var að hylkin gætu minnkað verki. Núna hef ég tekið Femarelle inn í fjóra mánuði og hef endurheimt mitt fyrra líf. Mér líður svo vel að nú get ég farið daglega út að ganga með hundinn minn, fer í sund á hverjum degi og sæki félagsvist og bingó,“ segir Eva glöð í bragði.

„Mig er hætt að verkja um allan líkamann. Ég nota Femarelle sem náttúrulega verkjameðferð því ef ég er með verk tek ég aukalega inn af því. Það besta við þetta allt er að börnin mín og tengdabörn segja að ég sé aftur orðin lífleg og hress. Þá finnst mér mun meira gaman að hitta barnabörnin mín, því ég get veitt þeim alla athygli. Ég hef misst ellefu kíló án þess að hafa haft fyrir því vegna þess að mér líður betur og get hreyft mig óhindrað. Ég er ánægð með Femarelle-hylkin, mér líður vel af þeim og hef mælt með þeim við vinkonur mínar.




**FEMARELLE ÖRUGGUR KOSTUR**



**FRÁBÆRT** Bryndís Jóhannsdóttir opnaði alla glugga þannig að allir kvörtuðu í kringum hana.



**GÓÐUR ÁRANGUR** Soffía Káradóttir er laus við hitakóf og fótaóeirð.

### EINS OG Í BAKAROFNI

Bryndís Jóhannsdóttir er ánægð með Femarelle. Hún segist hafa verið mjög heitfeng alla ævi. „Þegar ég fór á breytingaskeiðið var eins og það væri ólýsanlegur hiti innra með mér. Mér leið eins ég væri í bakarofni, beinlínis logaði að innan. Fólkið í kringum mig fékk sannarlega að finna fyrir því, ég opnaði alla glugga upp á gátt, var með viftu og blöð fyrir blævæng en öllum var kalt nema mér,“ útskýrir hún. „Þessi hitaköst voru farin að valda óþægindum á næturnar líka. Ég varð að finna lausn á þessu, þetta gat ekki gengið svona áfram. Ég fékk hormóna hjá lækni sem neyðarúrræði og mér leið ekki vel að taka þá inn. Þá sá ég umfjöllun í blaði um Femarelle, náttúrulega lausn, án hormóna og ákvað að prófa það. Eftir um það bil þrjár vikur fór mér að líða betur og þessi óbærilegi hiti innra með mér hvarf. Þvílíkur léttir. Nú get ég verið ég sjálf og mér líður miklu betur. Ég veit hreinlega ekki hvar ég væri stödd ef ég hefði ekki kynnst Femarelle,“ segir Bryndís.

### ALGJÖRT UNDRAEFNI

Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaaldri. „Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrravetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægju sinni með vöruna. Ég var að byrja á breytingaaldrinum en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótaóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum,“ segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun hafi öll einkenni verið horfin.

„Nú sef ég samfelldum svefni, finn ekki fyrir hitakófum eða fótaóeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamanum. Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna fyrir breytingaaldrinum.

Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér liði í dag ef ég hefði ekki kynnst Femarelle, þvílíkt undraefni.“

# ÁNÆGÐAR MEÐ BIO-KULT CANDÉA

*Bio-Kult Candéa hefur hjálpað mörgum sem hafa átt við meltingarvandamál að stríða eða barist við candida-sveppasýkingar.*

Sólveig Jónsdóttir hefur notað Bio-Kult Candéa-hylkin með mjög góðum árangri. „Fyrir mörgum árum varð ég fyrir því að tánögl á stóru tá losnaði eftir að ég hafði rekið mig harkalega í. Nokkrum dögum síðar sá ég að það var eitthvað undir nöglinni. Ég dreif mig til heimilislæknis og sýndi honum nöglina. Tekið var sýni úr nöglinni en niðurstöður sýndu að þetta væri ekki tásveppur.

Nokkru síðar fór ég í fótsnyrtingu og konurnar á stofunni vildu meina að þetta væri tásveppur. Þær ráðlögðu mér að fara til húðsjúkdómalæknis og láta athuga þetta frekar en ég gerði það ekki. Svo var það síðastliðið sumar sem las ég grein í blaði um konu sem sagðist hafa losnað við tásvepp með Bio Kult Candéa. Ég ákvað því að prófa Bio-Kult Candéa-hylkin en einnig vegna þess að ég hef verið með meltingarvandamál og bakflæði og hafði heyrt að hylkin væru góð fyrir meltinguna,“ segir Sólveig.

„Fyrst byrjaði ég að taka tvö hylki á morgnana með morgunmat en svo var mér ráðlagt að taka líka tvö hylki með kvöldmat.



**ALMA LILJA ÆVARSDÓTTIR.**

Viti menn, smátt og smátt fann ég að loksins var eitthvað að gerast. Það var mikill léttir að síðast þegar ég fór í fótsnyrtingu var ljóta tánöglin horfin. Ég get núna gengið í opnum skóm og er sannarlega ánægð með það. Þökk sé Bio-Kult.

### HELDUR MÉR Í JAFNVÆGI

„Fyrir einu og hálfu ári keypti ég fyrsta pakkann af Bio-Kult Candéa. Ég hafði í fjöldamörg ár glímt við mikla uppþembu og meltingarvanda. Mér leið oftast hálfilla eftir máltíðir og var búin að reyna eitt og annað. Fljótlega eftir að ég byrjaði á Bio-Kult hvarf þessi vanlíðan. Ég tek inn tvö hylki á dag í hádeginu. Kláði og pirringur í húðinni hefur stórbatnað og nánast horfið, kláði sem var virkilega að gera mér lífið leitt auk mikilla þurrkubletta í húðinni heyrir sögunni til. Sykurlöngun hefur horfið eftir að ég byrjaði á Bio-Kult Candéa-hylkjunum. Ég hef farið á sterka sýklalyfjaskammta án þess að þurfa að stríða við sveppasýkingu í kjölfarið. Ég hef aldrei hætt að taka inn Bio-Kult Candéa á þessum tíma, það er orðið hluti af rútínu hjá mér og ég get heilshugar mælt með því við alla og geri það,“ segir Alma Lilja Ævarsdóttir.




**BIO-KULT CANDÉA**

Fæst í apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaða. Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á **www.icecare.is.**

## Laust starf hjá Olíudreifingu ehf.
## Starfsmaður í olíubirgðastöð

Olíudreifing leitar að handlögnum einstakling til vaktavinnustarfa í olíustöðinni í Örfirisey. Olíustöðin í Örfirisey er stærsta olíubirgðastöð landsins.
Í birgðastöðinni er unnið á vöktum og felst vinnan í vöktun birgðastöðvar, losun og lestun olíuskipa, afgreiðslu eldsneytis til skipa og reksturs dælubúnaðar og skilvinda. Nánari upplýsingar veitir Helgi Árnason í síma 550 9938.

Umsóknir sendist á odr@odr.is fyrir 15. janúar.

Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða.
Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á **www.oliudreifing.is**

---

## Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við okkur eftirfarandi starfsmönnum:

3X TECHNOLOGY

### Sölustjóri á söluskrifstofu í Reykjavík

3X Technology auglýsir eftir sölustjóra fyrir innlenda og erlenda markaði. Sölustjórinn mun halda utanum samskipti við ört stækkandi hóp viðskiptavina. Starfið krefst þekkingar á vinnslutækni í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Sölustjórinn veitir faglega ráðgjöf til viðskiptavina og sinni gerð sölutilboða, arðsemisgreininga og lausnavinnu ásamt aðkomu að mótun sölu og markaðsstarfs félagsins. Við leitum að háskólamenntuðum einstaklingi sem er skipulagður, sjálfstæður, og lipur í mannlegum samskiptum. Sölustjórinn þarf að hafa frumkvæði og vera lausnaþenkjandi og sjá möguleika á að skapa aukið virði fyrir viðskiptavini okkar. Hann þarf að tala og skrifa ensku og kostur er ef hann hefur einnig gott vald á Dönsku/Norsku. Sölustjórinn mun starfa á söluskrifstofu félagsins á Grandanum í Reykjavík.
*Umsóknir með CV sendist á Jóhann Jónasson* ***jj@3xtechnology.com*** *fyrir 15. Janúar næstkomandi.*

### Starfsmaður í framleiðslustýringu á Ísafirði

Starfið felst í miðlun framleiðsluverkefna niður á sérhæfðar stoð - og framleiðslusellur. Um nýtt starf er að ræða og gefst því tækifæri á að móta það í samstarfi við framleiðslustjóra. Viðkomandi leiðir og styður við framþróun á Lean og 5S í framleiðslusellum og stoðsellum. Mikilvægt er að starfsmaðurinn hafi þekkingu og reynslu af Lean (Straumlínustjórnun) ásamt menntun sem nýtist í starfi.
*Nánari upplýsingar og umsóknir óskast sendar á Karl Ásgeirsson* ***karl@3xtechnology.com*** *Sími 450 5011*

### Starfsmenn í framleiðslusal á Ísafirði

Starfið felst í smíði og samsetningu á búnaði, reynsla á smíði úr ryðfríu stáli er mikilvæg. Hæfniskröfur eru iðnmenntun eða sambærilegt nám. Áhersla er lögð á nákvæmni, vandvirkni og útsjónarsemi í vinnubrögðum, reglusemi og árvekni.
*Nánari upplýsingar og umsóknir óskast sendar á Karl Ásgeirsson* ***karl@3xtechnology.com*** *Sími 450 5011*

### Rennismiður á Ísafirði

Starfið felst í forritun og smíði íhluta á CNC rennibekkjum ásamt almennri vinnu og frágangi á renniverkstæði. Hæfniskröfur eru menntun er nýtist í starfi, nákvæm vinnubrögð og reglusemi.
*Nánari upplýsingar og umsóknir óskast sendar á Karl Ásgeirsson* ***karl@3xtechnology.com*** *Sími 450 5011*

Í boði er góð vinnuaðstaða, lifandi starfsumhverfi og góður vinnuandi í spennandi nýsköpunarfyrirtæki.
Einungis er um framtíðarstörf að ræða.
Umsóknarfrestur er til og með **15. janúar n.k.**
Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Upplýsingar um starfsemina má finna á www.3x.is**

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Staða aðstoðarleikskólastjóra við leikskólann Miðborg

**Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu aðstoðarleikskólastjóra í Miðborg.**

Miðborg er átta deilda leikskóli sem starfræktur er í þremur húsum í miðborg Reykjavíkur. Í leikskólanum er lögð áhersla á menningu og listir í víðum skilningi svo og málrækt og íslenskukennslu enda er stór hluti barnanna af erlendum uppruna.
Einkunnarorð Miðborgar eru: **Vinátta, virðing, víðsýni og vellíðan**. Sjá nánar á heimasíðu leikskólans.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og hefur áhuga á þróun nýjunga í leikskólastarfi.

**Meginhlutverk aðstoðarleikskólastjóra er að:**
- Vinna með leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans skipulagningu kennslu- og uppeldisstarfsins.
- Vera staðgengill leikskólastjóra í fjarveru hans
- Vera virkur þáttakandi í stefnumótun og áætlanagerð.
- Sjá um samskipti og samvinnu við foreldra í samráði við leikskólastjóra.
- Sjá um heimasíðu leikskólans
- Vera faglegur leiðtogi
- Sinna öðrum þeim verkefnum sem leikskólastjóri felur honum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf sem leikskólakennari
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.
- Góð tölvukunnátta
- Góð íslenskukunnátta

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari.

Ráðið verður í stöðuna frá 1.mars 2014 eða eftir samkomulagi. **Umsóknarfrestur er til og með 19.janúar 2014.**
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla.
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, **www.reykjavik.is/storf**

Nánari upplýsingar veita Ragnheiður Halldórsdóttir leikskólastjóri í síma 4113555 og 6939824 og Margrét Björk Jóhannesdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 4113550. Netföng: **ragnheidur.halldorsdottir1@reykjavik.is / margret.bjork.johannesdottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

## SAFNSTJÓRI

Laus er til umsóknar staða safnstjóra hjá nýju safni í eigu Reykjavíkurborgar sem mun fela í sér samruna og samþættingu starfsemi Minjasafns Reykjavíkur, Víkurinnar – Sjóminjasafnsins í Reykjavík, Ljósmyndasafns Reykjavíkur og Viðeyjar.

Safnið hefur umsjón með menningarminjum í Reykjavík og ber ábyrgð á söfnun, skráningu, rannsóknum og miðlun á fjölbreyttum safnkosti: munum, húsum, ljósmyndum, og minjum tengdum sjómennsku, siglingum, útgerð o.fl. sem eru einkennandi fyrir menningararf borgarinnar og varpar ljósi á sögu hennar og menningu. Það ber jafnframt ábyrgð á skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja, rannsóknum og eftirliti þeirra, og er ráðgjafi borgaryfirvalda um verndun menningarminja í Reykjavík og um önnur menningarsöguleg verkefni.

Undir safnið munu heyra söfnin og sýningarstaðirnir Árbæjarsafn og Landnámssýningin Reykjavík 871+/-2, ásamt sérsöfnum og safnheildum, Ljósmyndasafn Reykjavíkur í Grófarhúsi, Sjóminjasafnið að Grandagarði 8 og Viðey

Safnið mun starfa samkvæmt safnalögum nr. 141/2011, lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og lögum um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011. Safnið og stjórn þess starfa í samræmi við siðareglur ICOM, Alþjóðaráðs safna, menningarstefnu, ferðamálastefnu og samþykktir Reykjavíkurborgar.

**Ábyrgðarsvið safnstjóra:**
- Þátttaka í undirbúningi stofnunar nýs borgarsafns sem gert er ráð fyrir að taki til starfa um mitt ár 2014.
- Forysta við að innleiða breytingar á rekstri og starfsemi þeirra eininga sem undir sameinað safn heyra, með það að markmiði að efla fagmennsku, styrkja rekstur og auka sýnileika safnsins gagnvart borgarbúum og gestum.
- Ábyrgð á stjórnun, rekstri og stjórnsýslu safnsins.
- Undir verksvið heyra fjármál, starfsmannamál og framkvæmd ákvarðana menningar- og ferðamálaráðs og borgaryfirvalda sem að safninu snúa.
- Safnstjóri skipuleggur þjónustu safnsins og leiðir aðra faglega starfsemi þess í samræmi við samþykktir og lög.

**Kröfur gerðar til umsækjenda:**
- Háskólamenntun á framhaldsstigi og staðgóða þekkingu á sviði safnsins.
- Góða þekkingu á safna- og/eða menningarstarfi.
- A.m.k. 5 ára stjórnunarreynslu.
- Sannfærandi leiðtogahæfileika, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Skilning á markaðsstarfi og hæfni til að leiða öfluga kynningu á safninu.
- Þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er kostur.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góða tungumálakunnáttu og mikla hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri Menningar- og ferðamálasviðs sem fer með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Sviðsstjóri ræður safnstjórann til fimm ára að höfðu samráði við menningar- og ferðamálaráð Reykjavíkurborgar.

Launakjör heyra undir kjaraákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar og um ráðningarréttindi gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg.

Umsóknarfrestur er til og með **19. janúar nk**. Gert er ráð fyrir að viðkomandi hefji störf eigi síðar en **15. mars nk.** Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar **www.reykjavik.is/storf.**

Nánari upplýsingar veita: Sviðsstjóri svanhildur.konradsdottir@reykjavik.is og skrifstofustjóri rekstrar og fjármála **berglind.olafsdottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

# Vörustjóri fastlínulausna

Hefur þú áhuga á að starfa að fjölbreyttum verkefnum í fjarskiptageiranum? Þá gæti starf vörustjóra net- og fastlínuþjónustu hjá Vodafone verið framtíðarstarfið þitt. Sem vörustjóri sérð þú um að verkefnastýra þróun, mótun og innleiðingu á þjónustu fyrir fyrirtækjamarkað auk þess að sinna ferlagerð og framlegðar- og tölfræðigreiningu.

**Allar nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur er að finna á vodafone.is/storf**

**Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar 2014.**

**Vodafone**
Góð samskipti bæta lífið



## ÖRYGGISVÖRÐUR
## SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til og með **12. janúar 2014**.
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this postion is **January 12, 2014**. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html
Please send your application and resumé to :
reykjavikvacancy@state.gov



Sjúkrahúsið á Akureyri
ÖRYGGI - SAMVINNA - FRAMSÆKNI

## Forstöðulæknir lyflækninga

**Laus er til umsóknar 100% staða forstöðulæknis lyflækninga. Staðan veitist frá 1. mars eða eftir samkomulagi.**

**Ábyrgðarsvið:** Forstöðulæknir veitir lyflækningum faglega forstöðu, ber rekstrarlega ábyrgð og starfsamannaábyrgð. Forstöðulæknir ber ábyrgð á kennsluhlutverki og tekur þátt í klínísku starfi.

**Hæfniskröfur:** Umsækjandi skal hafa lækningaleyfi og fullgild réttindi í lyflækningum. Auk faglegrar reynslu, fræðilegrar þekkingar og reynslu af stjórnun og kennslu er lögð áhersla á leiðtogahæfileika og hæfileika á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

Lyflækningadeild Sjúkrahússins á Akureyri þjónar aðallega íbúum Norður- og Austurlands 18 ára og eldri, á fjölbreyttu sviði lyflækninga. Innan deildarinnar er legudeild, almenn göngudeild, speglunardeild og rannsóknarstofa í lífeðlisfræði. Við deildina starfa 7 sérfræðingar, auk þess sem krabbameinslæknar, húðlæknir, gigtarlæknir og lungnalæknir veita reglubundna þjónustu.

Næsti yfirmaður er Gróa B. Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningasviðs.
Starfskjör fara eftir kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Nánari upplýsingar um starfið veita Gróa B. Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri lyflækningasviðs í síma 860 0496 eða tölvupósti **groaj@fsa.is** og Sigurður E. Sigurðsson framkvæmdastjóri lækninga í tölvupósti **ses@fsa.is**

Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar 2014. Umsóknum skal skilað, á umsóknareyðublaði Embættis landlæknis um læknisstöður, sem fæst á vef sjúkrahússins www.fsa.is til starfsmannastjóra sjúkrahússins eða á netfang **thora@fsa.is**
Umsóknum skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og starfsferil ásamt með upplýsingum um fræðilegar rannsóknir, rit- og kennslustörf og staðfest afrit af fylgigögnum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Gildi Sjúkrahússins á Akureyri eru: **ÖRYGGI – SAMVINNA – FRAMSÆKNI.**
Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins, sem er reyklaus vinnustaður. Sjúkrahúsið á Akureyri veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu, þar sem áhersla er lögð á bráðaþjónustu og helstu sérgreinameðferðir, það er annað tveggja sérgreinasjúkrahúsa landsins og er kennslusjúkrahús.



VSB
VERKFRÆÐISTOFA

## Tækni- og verkfræðingar

VSB Verkfræðistofa leitar að tækni- eða verkfræðingum til starfa sem fyrst á sviði burðarvirkja og rafkerfa.

Starf á sviði burðarvirkja felst í hönnun burðarvirkja bygginga. Starfsreynsla og þekking á AutoCAD og helstu burðarþolsforritum er nauðsynleg. Frekari upplýsingar gefur Björn Gústafsson (bjorn@vsb.is).

Starf á sviði rafkerfa felst í hönnun raflagna í mannvirki auk annarra tilheyrandi verkefna við undirbúning og eftirfylgni framkvæmda. Reynsla af hönnun og þekking á AutoCAD og helstu hönnunarforritum er æskileg. Frekari upplýsingar gefur Örn Guðmundsson (orn@vsb.is).

Leitað er að einstaklingum þar sem fagmennska og metnaður er í fyrirrúmi við lausn verkefna. Góð almenn tölvufærni áskilin auk færni í ritun texta og framsetningu gagna. Hæfni og áhugi viðkomandi hefur áhrif á þróun í starfi.

Umsókn um starf með upplýsingum um menntun, hæfni og starfsreynslu óskast skilað á skrifstofu VSB eða á ofangreind netföng eigi síðar en 14. janúar n.k. Fyllsta trúnaðar er gætt.

*VSB Verkfræðistofa ehf. er fjölhæf verkfræðistofa sem sinnir verkfræðilegri ráðgjöf. Á stofunni starfa 17 manns. VSB veitir viðskiptavinum ráðgjöf með lausnum sem einkennast af hagkvæmni, fagmennsku og áreiðanleika. VSB er til húsa að Bæjarhrauni 20 í Hafnarfirði og hefur starfað síðan árið 1987.*



Capacent Ráðningar

# KERFISSTJÓRI
## UPPLÝSINGATÆKNIDEILD

Skrifstofa þjónustu og reksturs hefur yfirumsjón með og annast samræmingu á þjónustu borgarinnar, sérstaklega rafrænni þjónustu og þjónustu í framlínu borgarinnar. Skrifstofan ber ábyrgð á rekstri þjónustuvers, undir hana heyra skjalasafn Ráðhúss og Skjalaver á Höfðatorgi sem og upplýsingatæknimál borgarinnar með tilheyrandi rekstri tölvubúnaðar, tæknilegu þróunarstarfi og hugbúnaðarþróun. Skrifstofan ber ennfremur ábyrgð á rekstri stjórnsýsluhúsa sem og mötuneyta Ráðhúss og Höfðatorgs. Á Skrifstofu þjónustu og reksturs starfa um 125 manns.

**Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar leitar að kerfisstjóra til að styrkja öfluga liðsheild deildarinnar. Í starfinu felast fjölbreytt og krefjandi verkefni sem reyna á fagþekkingu, skipulagshæfni og samvinnu. Reykjavíkurborg rekur eitt viðamesta upplýsingatækniumhverfi Íslands og er í fremstu röð við innleiðingu nýrra lausna.**

**Helstu verkefni:**
- Umsjón og daglegur rekstur á netþjónum, stýrikerfum og hugbúnaði
- Uppsetning og bilanagreining miðlægra kerfa
- Greining logga og fyrirbyggjandi aðgerðir vegna miðlægra UT-kerfa
- Lágmörkun rekstrartruflana með skilgreindum vinnuaðferðum
- Samskipti við birgja
- Samskipti við starfsmenn og stjórnendur hjá borginni
- Þátttaka í stefnumótun

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði
- Microsoft, Redhat og/eða sambærilegar gráður æskilegar
- A.m.k. eins árs reynsla af kerfisstjórnun
- Víðtæk reynsla í tæknilegri áætlanagerð og greiningu vandamála
- Góð þekking á almennum tækniumhverfum og uppbyggingu netkerfa
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

# Sölumaður

**566193**
**Glerverksmiðjan Samverk ehf. óskar eftir að ráða sölumann til starfa.**

SAMVERK GLERVERKSMIÐJA

Í starfinu felst m.a. móttaka og samskipti við viðskiptavini, tilboðsgerð og frágangur pantana.

Leitað er að einstaklingi sem er lipur í mannlegum samskiptum, þjónustulundaður, samviskusamur, vandvirkur og sjálfstæður í vinnubrögðum.
Viðkomandi þarf að hafa reynslu og þekkingu á útboðsgögnum og teikningum. Góð enskukunnátta og tölvufærni er skilyrði.
Reynsla af sölumennsku er kostur. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-17:00 nema föstudaga, þá er unnið til kl. 16:00. Starfstöðin er í Víkurhvarfi 6, Kópavogi.

Samverk er nútímalegt og tæknivætt glervinnslu iðnaðarfyrirtæki.
Glerlausnir og framleiðsluvörur eru sérsmíðaðar og sérframleiddar eftir óskum viðskiptavina fyrir hvert verkefni.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW.VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

Capacent Ráðningar

# LÖGFRÆÐINGUR

BSRB

BSRB var stofnað 14. febrúar 1942 og eru stærstu samtök opinberra starfsmanna á Íslandi. Aðildarfélög BSRB eru 26 talsins og félagsmenn rúmlega 22.000. Um 70% félagsmanna eru konur. Á skrifstofu BSRB starfa 9 starfsmenn sem annast ýmis verkefni fyrir samtökin og aðildarfélög þess.

**BSRB auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings. Hlutverk BSRB er m.a. að þjónusta aðildarfélög innan bandalagsins og gæta hagsmuna þeirra og félagsmanna. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Helstu verkefni lögfræðings:**
- Sinna erindum er lúta að ráðgjöf og túlkun á kjarasamningum
- Koma að gerð samninga aðildarfélaganna og bandalagsins
- Fulltrúi BSRB í ýmsum nefndum fyrir hönd bandalagsins
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni í samráði við framkvæmdastjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í lögfræði
- Reynsla af störfum félagasamtaka og þekking á sviði opinberrar stjórnsýslu er kostur
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í krefjandi vinnuumhverfi
- Sjálfstæð, traust og vönduð vinnubrögð
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

**Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Umsjón með starfinu hafa Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# ÚTVARPSSTJÓRI

RÚV

Ríkisútvarpið, sem útvarp í almannaþjónustu, hefur þann tilgang að uppfylla lýðræðislegar, menningarlegar og samfélagslegar þarfir í þjóðfélaginu með miðlun texta, hljóðs og mynda ásamt öryggisþjónustu á sviði útvarps.

**Stjórn Ríkisútvarpsins auglýsir laust til umsóknar starf útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri hefur það hlutverk að framfylgja stefnu Ríkisútvarpsins og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hann starfar í umboði stjórnar og er leiðtogi starfsfólks Ríkisútvarpsins. Ráðið er í stöðuna til fimm ára og skal viðkomandi uppfylla hæfisskilyrði skv. 5. mgr. 9 gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 23/2013.**

**Starfssvið:**
- Stefnumótun og markmiðasetning
- Yfirumsjón og ábyrgð allrar dagskrárgerðar
- Dagleg stjórnun og ábyrgð á rekstri félagsins
- Samskipti við hagsmunaaðila

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfileikar
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Reynsla af stefnumótun og innleiðingu stefnu

**Ath. Umsóknarfrestur hefur verið framlengdur til og með 12. janúar nk. og verða umsóknir að hafa borist Capacent fyrir miðnætti þann dag.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja rafrænt um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Á síðari stigum ráðningarferlisins er gert ráð fyrir að umsækjendur kynni sínar hugmyndir um framtíð Ríkisútvarpsins og hlutverk þess. Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13
Sími 540 1000

capacent

klak
NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

innovit
Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur

**Klak Innovit** er í fararbroddi í nýsköpunar- og frumkvöðlaumhverfinu á Íslandi. Yfir 4000 gestir sóttu viðburði félagsins árið 2013 í þeim 13 verkefnum sem félagið stýrir. Klak Innovit er með starfsemi í Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Innovation House Eiðistorgi og á þeim stöðum sem verkefni krefjast hverju sinni.

Markmið Klak Innovit er að efla nýsköpunar- og frumkvöðlaumhverfið á Íslandi, með það að markmiði að búa til öflug, framsækin fyrirtæki til framtíðar.

Klak Innovit er brautryðjandi í að aðstoða fólk með þróun viðskiptahugmynda. Við þurfum öflugt fólk til að taka þátt í framþróun félagsins og uppbyggingu verkefna.

Klak Innovit vinnur að fjölmörgum verkefnum sem reyna á skapandi hugsun, greiningarhæfileika og úrlausn flókinna viðfangsefna.

## Klak Innovit leitar að öflugum framkvæmdastjóra og verkefnastjóra til að leiða starfsemi fyrirtækisins.

Meðal ábyrgðarverkefna er StartupReykjavik (startupreykjavik.com), StartupEnergy (startupenergy.is), Gulleggið (Gulleggid.is), SeedForum (seedforum.is), Alþjóðleg athafnavika (athafnavika.is), Atvinnu- og nýsköpunarhelgar (startupweekend.org) og Viðskiptasmiðjan. Þá munu viðkomandi vera virkir í stefnumótun félagsins og verkefna þess í heild sinni.

### Framkvæmdastjóri

Okkur vantar kraftmikla, óþreytandi og áberandi duglega manneskju sem kann allt; meðal annars að stýra verkefnum, mynda og viðhalda tengslum og stýra daglegum rekstri félagsins. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af stjórnunarstörfum og sé framúrskarandi í rituðu og mæltu máli, jafnt íslensku sem ensku, með góða þekkingu á nýsköpunar- og frumkvöðlaumhverfinu á Íslandi. Háskólamenntun mjög æskileg.

### Verkefnastjóri

Getur þú hugsað út fyrir kassann og leyst óleysanleg verkefni? Við leitum að metnaðarfullum verkefnastjóra sem getur leitt lykilverkefni félagsins. Viðkomandi þarf að hafa metnað fyrir framsetningu og eftirfylgni verk-, tíma-, og kostnaðaráætlana og geta komið með frumkvæði að úrlausnum sem félagið getur verið stolt af. Háskólamenntun mjög æskileg.

**Við leitum að fólki með:**

- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikinn metnað og framkvæmdasemi
- Áhuga á nýsköpunar- og frumkvöðlaumhverfinu
- Hæfni í mannlegum samskiptum, góða samskipta- og forystuhæfileika
- Getu til að starfa í alþjóðlegu umhverfi

**Við lofum:**

- Tækifærum til að læra, vaxa og þroskast í starfi
- Skemmtilegum vinnustað
- Fjölbreyttu starfsumhverfi
- Aðgengi að framúrskarandi tengslaneti
- Starf hjá félaginu hefur reynst mörgum dýrmætur stökkpallur

### Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar.**

Umsókn fylgi ítarleg starfsferilskrá, nauðsynlegar staðfestingar og greinargerð um áhuga og hæfni viðkomandi í starfið.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

**54 4D 20 6C 65 69 74 61 72 20 61**
**F0 20 73 6E 69 6C 6C 69 6E 67 69**

## Skilur þú það sem stendur hér að ofan? Þá vill Tryggingamiðstöðin ræða við þig um starf í viðskiptaþróun félagsins.

**Starfssvið**

» Þátttaka í þróun nýrra vátrygginga-vara og aðferða sem geta aukið samkeppnisfærni félagsins.
» Greining á ytri og innri aðstæðum á vátryggingamarkaði.
» Vinnsla og framsetning gagna úr stórum gagnasöfnum.
» Þróun hugbúnaðar í ýmsum forritunarmálum.

**Hæfniskröfur**

» Háskólanám í verkfræði, tölvunar-fræði, stærðfræði eða sambæri-legum greinum.
» Brennandi áhugi á lausn flókinna verkefna með aðstoð tölvutækni og stærðfræði.
» Hæfni í mannlegum samskiptum og miðlun og framsetningu upplýsinga.
» Geta til að starfa sjálfstætt og í hópi.
» Geta til að starfa undir álagi.

Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri fjárfestinga og viðskiptaþróunar, **Garðar Þ. Guðgeirsson (gardar@tm.is)** og veitir hann frekari upplýsingar um starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar n.k. Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á netfangið starf@tm.is. Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.**

Hjá TM er viðskiptavinurinn og hagsmunir hans okkar meginviðfangsefni. Það er markmið okkar að viðskiptavinir upplifi í öllum sínum samskiptum við TM að ekkert tryggingafélag á Íslandi veiti betri vernd gegn áföllum. Í því felst að viðskiptavinurinn sé rétt tryggður á hverjum tíma og fái ávallt framúrskarandi þjónustu við úrlausn sinna mála hvort sem er við kaup á tryggingum, við tjón, í lánaviðskiptum eða greiðsluþjónustu.

TM

**Tryggingamiðstöðin** Síðumúla 24 Sími 515 2000 tm@tm.is **tm.is**

GlaxoSmithKline ehf. er dótturfyrirtæki GlaxoSmithKline plc, eins stærsta fyrirtækis heims á sviði rannsókna og þróunar á nýjum lyfjum og bóluefnum. Markmið okkar er að bæta lífsgæði fólks með því að gera því kleift að áorka meiru, líða betur og lifa lengur. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á **www.gsk.com**.

# Gæðafulltrúi (Quality Lead)

GlaxoSmithKline ehf. óskar eftir að ráða gæðafulltrúa til þess að leiða gæðamál fyrirtækisins hérlendis, í nánu samstarfi við gæðadeild móðurfélagsins.

**Helstu verkefni**
- Umsjón með innleiðingu og eftirfylgni gæðamála
- Ritstjórn gæðahandbókar og umsjón með gæðaskjölum
- Innri úttektir og umsjón með umbótaverkefnum
- Þátttaka í ýmsum verkefnum fyrirtækisins á sviði gæðamála

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla á sviði gæðamála, helst af sambærilegu starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvufærni
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfni
- Samskiptahæfni og sveigjanleiki

**Upplýsingar veitir:**

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar 2014**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Olíudreifing

Meginstarfsemi Olíudreifingar er dreifing og birgðahald á fljótandi eldsneyti. Félagið rekur einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Verkstæðin sjá um viðhald og uppbyggingu á eignum félagsins auk þess að sjá um viðhald og uppbyggingu á tæknibúnaði þjónustustöðva olíufélaga og viðhaldsverkefni fyrir ýmsa aðila. Starfsmenn félagsins eru um 130 talsins á 34 starfsstöðum víðsvegar um landið.

# Verkefnastjóri í krefjandi og fjölbreytt verkefni

Olíudreifing ehf. leitar að öflugum verkefnastjóra til að stýra krefjandi og fjölbreyttum verkefnum sem taka til vélsmíði og lagnavinnu. Fylgt er gæðavottuðum vinnubrögðum.

**Helstu verkefni**
- Skipulagning og útfærsla verkefna
- Verkefnastjórn og eftirlit
- Gerð kostnaðaráætlana og tilboðsgerð
- Uppgjör verka
- Samskipti við viðskiptavini

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Verk- eða tæknifræði, iðnfræði eða vélfræði með grunn í vélgreinum
- Meistararéttindi kostur
- Samskiptahæfni, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður
- Þjónustulund

**Upplýsingar veitir:**

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar.**

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Olíudreifing

Meginstarfsemi Olíudreifingar er dreifing og birgðahald á fljótandi eldsneyti. Félagið rekur einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Verkstæðin sjá um viðhald og uppbyggingu á eignum félagsins auk þess að sjá um viðhald og uppbyggingu á tæknibúnaði þjónustustöðva olíufélaga og viðhaldsverkefni fyrir ýmsa aðila. Starfsmenn félagsins eru um 130 talsins á 34 starfsstöðum víðsvegar um landið.

# Tæknimaður

Olíudreifing ehf. leitar eftir öflugum tæknimanni (rafeindavirkja/rafvirkja) í fjölbreytt og spennandi verkefni á rafmagnsverkstæði sitt.

**Helstu verkefni**
- Uppsetning á tæknibúnaði tengdum sjálfsölum, dælubúnaði og búnaði því tengdu
- Forritun og stýringar
- Bilanagreining og viðgerðir
- Vettvangsþjónusta til viðskiptamanna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Sveinspróf í rafeindavirkjun/rafvirkjun
- Mjög góð tölvukunnátta
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð
- Samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hóp
- Þjónustulund
- Enskukunnátta nauðsynleg

**Upplýsingar veitir:**

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 12. janúar.**

Að loknu ráðningaferli verður öllum umsóknum svarað.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

## MÓTAÐU SJÓNVARP FRAMTÍÐARINNAR



Skjárinn er leiðandi í miðlun sjónvarps á netinu og leitar að vönum forriturum. Starfið gengur út á að móta nýtt vefumhverfi Skjásins og taka þátt í framtíðarstefnu í miðlun afþreyingar á netinu.

- Æskilegt er að hafa þekkingu á Python, Django og Linux.
- Góð þekking á JS, CSS og HTML er nauðsynleg.
- Háskólamenntun er kostur en ekki skilyrði.
- Áhugi og vilji til að læra nýja hluti er skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Birkir Björnsson forstöðumaður upplýsingatæknideildar Skjásins í síma 897 4017.
Fullum trúnaði er heitið.

**Umsóknir sendist á birkir@skjarinn.is fyrir 14. janúar**

**VERTU MEÐ Í FJÖRINU!**
skjarinn.is · 595 6000
SKJÁREINN

---

FOLD FASTEIGNASALA
Viðar Böðvarsson viðskiptafræðingur og lögg. fast.
Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00
Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is

## Sölufulltrúi fasteigna

Fold-fasteignasala óskar eftir sölufulltrúa. Afkastatengd þóknun þar sem aðgangur að sameiginlegri söluskrá skapar góða tekjumöguleika fyrir dugmikla einstaklinga. Fold er rótgróin traust og metnaðarfull fasteignasala

Áhugasamir vinsamlegast sendi umsóknir á netfang **VIDAR@FOLD.IS** eða hafið samband við Viðar Böðvarsson í síma 552-1400 fyrir 10. janúar 2014.

---

Icewear leitar eftir jákvæðu, ábyrgðarfullu og kraftmiklu starfsfólki sem hefur gaman af mannlegum samskiptum, flottri hönnun og sölumennsku.

ICEWEAR · ICELAND ·

## Sölu- og afgreiðslustarf

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af sölumennsku og afgreiðslustörfum skilyrði!
- Góð framkoma og snyrtimennska
- Metnaður og heiðarleiki
- Frumkvæði og drífandi vinnubrögð
- Enskukunnátta

Viðkomandi þarf að geta byrjað strax
Umsóknir skulu berast á rafrænu formi á netfangið:
**eyglo@icewear.is** fyrir 24.janúar
Umsóknum ekki svarað í síma.

---

## Störf við ræstingar á heilbrigðisstofnun á Höfuðborgarsvæðinu

Við leitum að vandvirkum og samviskusömum einstaklingum, 20 ára eða eldri í fullt starf við ræstingar hjá heilbrigðisstofnun á Höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða dag-, kvöld- og helgarverkefni.
Viðkomandi þarf að hefja störf 1. febrúar 2014.

**Hæfniskröfur**

- Æskilegur aldur 20+
- Jákvæði
- Vandvirkni
- Samviskusemi
- Góð kunnátta í íslensku eða ensku
- Hreint sakavottorð skilyrði



**Nánari upplýsingar:**
**orvar@hreint.is eða borghildur@hreint.is**

Hreint RÆSTING
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

- Reykjavík
- Akureyri
- Selfoss
- Akranes
- Hveragerði

43.065

---

# Við leitum að fólki sem kann að meta vont veður

## 66°NORÐUR leitar að dugmiklum útivistargörpum til sölustarfa.

66°NORÐUR hefur verið í fararbroddi í framleiðslu útivistarfatnaðar á Íslandi allt frá árinu 1926. Við bjóðum skemmtileg og krefjandi störf hjá vaxandi fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi.

## Hæfniskröfur:

- Brennandi áhugi á útivist og hreyfingu.
- Þátttaka í starfi björgunarsveitanna er kostur.
- Mjög góð enskukunnátta.
- Kunnátta í Norðurlandamáli, þýsku eða öðrum tungumálum er kostur.
- Þjónustulund og jákvætt viðmót.
- Reynsla af sölustörfum.
- Stúdentspróf.
- Framhaldsmenntun er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar nk.

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið starf@66north.is með fyrirsögninni „Umsókn – Starfsmaður í verslun".

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Elín Tinna Logadóttir í elin@66north.is**

66° NORÐUR

---

MOSFELLSBÆR

## Leirvogstunguskóli

**Auglýst er eftir leikskólakennara í stöðu deildarstjóra og stöðu almenns starfsmanns.**

Kjör eru skv. stéttarfélagi KÍ og Stamos við LNS

Leirvogstunguskóli er um 50 barna leikskóli, staðsettur í friðsælu umhverfi með fallega náttúru allt um kring.

Upplýsingar um störfin veita skólastjórnendur, Gyða Vigfúsdóttir í síma 8916609 og Guðrún Björg Pálsdóttir í síma 586 8648

**Umsóknarfrestur er til 15. janúar** og skal umsóknum skilað á netfangið leirvogstunguskoli@mos.is ásamt upplýsingum um menntun og reynslu.

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störfin.**

## Golfklúbburinn Leynir óskar eftir golfkennara til starfa

**Staða Íþróttastjóra Golfklúbbsins Leynis**
Íþróttastjóri gegnir lykilhlutverki í starfi klúbbsins og hefur umsjón með skipulagi og þjálfun kylfinga í klúbbnum.

**Starfssvið:**

- Stefnumótun og markmiðasetning varðandi golfþjálfun.
- Ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjálfunar barna og unglinga.
- Ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjálfunar afrekskylfinga.
- Ábyrgð á þjónustu við almenna kylfinga á sviði þjálfunar.
- Upplýsingagjöf og samstarf við stjórn og nefndir klúbbsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Viðurkennt PGA golfkennaranám, PGA nemi, eða annað sambærilegt nám
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur.
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti.
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknum skal fylgja greinagóð ferilskrá umsækjanda. Senda skal umsóknir á netfangið leynir@leynir.is, merkt golfkennari fyrir 14. janúar 2014. Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Leynis í síma 896-2711 ogá netfanginu gs@leynir.is**

- Golfklúbburinn Leynir var stofnaður árið 1965 og fagnar 50 ára afmæli árið 2015.
- Garðavöllur, golfvöllur Golfklúbbsins Leynis er einn glæsilegasti 18 holu golfvöllur landsins. Völlurinn er rómaður fyrir fallegt og skemmtilegt umhverfi, góða umhirðu og frábærar púttflatir.
- Félagsmenn eru um 400 og þar af eru börn og unglingar um 100 sem taka þátt í starfi klúbbsins.
- Golfklúbburinn Leynir býður kylfingum upp á yfirbyggt og flóðlýst æfingasvæði, góðar pútt- og vippflatir til æfinga og og mun í janúar 2014 opna nýja inni aðstöðu þar sem kylfingar geta æft sveifluna, vippinn og púttinn.

---

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið



## Heilbrigðisfulltrúar óskast

**Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur auglýsir laus til umsóknar störf heilbrigðisfulltrúa bæði í matvælaeftirlit og umhverfiseftirlit.**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur skiptist í tvær deildir: Matvælaeftirlit og Umhverfiseftirlit auk eininga vöktunar umhverfis og hundaeftirlit.

Leiðarljós Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er að tryggja borgarbúum heilbrigð lífsskilyrði, vernda heilnæmt og ómengað umhverfi og tryggja sem kostur er að neysluvatn og matvæli borgarbúa séu örugg og heilnæm.

Starf við heilbrigðiseftirlit felst m.a. í eftirliti með matvælum, hollustuháttum og mengunarvörnum í fyrirtækjum og stofnunum, útgáfu starfsleyfa, umsögnum, fræðslu og að sinna kvörtunum, ásamt öðrum verkefnum.

Deildarstjóri er næsti yfirmaður.

**Í starfinu felst m.a. :**

- Að hafa reglubundið eftirlit með starfsleyfisskyldum fyrirtækjum í samræmi við lög um matvæli nr. 93/1995, lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðir skv. þeim.
- Að sinna skráningum, skýrslugerð og bréfaskriftum, sinna kvörtunum og annast fræðslu. Beita þvingunarúrræðum í samráði við deildarstjóra.
- Sinna öðrum verkefnum samkvæmt fyrirmælum deildarstjóra.
- Að vinna með hópi sérfræðinga Heilbrigðiseftirlitsins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, raunvísinda s.s. matvælafræði og líffræði, dýralækninga, umhverfisfræða eða sambærileg menntun.
- Hæfni í mannlegum samskiptum, sveigjanleiki og samstarfshæfni. Viðkomandi þarf að geta unnið vel undir álagi.
- Jákvæðni, samviskusemi og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfileikar.
- Færni til að setja fram ritað mál fyrir stjórnsýslu borgarinnar á greinargóðri íslensku.
- Reynsla af eftirlitsstörfum og réttindi til að starfa sem heilbrigðisfulltrúi er kostur.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga og Reykjavíkurborgar. Um full stöðugildi er að ræða. Æskilegt er að starfsmenn geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Óskar Ísfeld Sigurðsson, deildarstjóri Matvælaeftirlits og Rósa Magnúsdóttir deildarstjóri Umhverfiseftirlits Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, frá kl. 9-16 í síma 411 1111 og með tölvupósti til ***oskar.isfeld.sigurdsson@reykjavik.is*** og ***rosa.magnusdottir@reykjavik.is***

VOTTUN HF.
ÍST ISO 14001

Sótt er um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar undir flipanum ***Störf í boði***. Umsóknarfrestur er til og með 19. janúar 2014.

Nánari upplýsingar um Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er að finna á vefslóðinni: ***http://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit***

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynjanna í störfum og því að vinnustaðir borgarinnar endurspegli fjölbreytileika reykvísks samfélags. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar í síma 4 11 11 11 eru veittar allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og símasamband við starfsmenn einstakra sviða og deilda.

---

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Lausar stöður í leikskólum

**Arnarberg** (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
**Þroskaþjálfi og/eða annað uppeldismenntað starfsfólk**
**Hlíðarberg** (578 4300 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
**Leikskólakennari**
**Deildarstjóri**
**Hraunvallaskóli** (590 2800 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
**Leikskólakennari**
**Þroskaþjálfi**
**Stekkjarás** (517 5920 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
**Leikskólakennari**
**Deildarstjóri**
**Leikskólasérkennari**
**Þroskaþjálfi**
**Tjarnarás** (565 9710 tjarnaras@hafnarfjordur.is)
**Skilastaða**
**Vesturkot** (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
**Leikskólakennari**
**Víðivellir** (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is)
**Leikskólasérkennari og/eða þroskaþjálfi**

**Ath. þar sem auglýst er staða leikskólakennara /deildarstjóra verða ekki aðrir ráðnir í þá stöðu nema enginn leikskólakennari fáist til starfsins.**

Allar upplýsingar veita leikskólastjórar viðkomandi skóla.Umsækjendum er bent á heimasíður skólanna til að kynna sér stefnur og starfsemina nánar. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

**Umsóknarfrestur er til 12. janúar 2014.**

*Fræðslustjórinn í Hafnarfirði*

---



# Við leitum að forystugarpi sem kann að klæða sig vel

## 66°NORÐUR leitar að drífandi verslunar-stjóra í verslun okkar við Bankastræti.

**Starfið felst í daglegri stjórnun verslunarinnar, samskiptum og þjónustu við viðskiptavini, ábyrgð á sölu- og þjónustumarkmiðum, mönnun vakta og ráðningum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf þegar í stað.**

## Hæfniskröfur:

- Brennandi áhugi á útivist og hreyfingu.
- Reynsla af verslunarstjórnun og sölumennsku.
- Menntun í verslunarstjórnun eða önnur menntun við hæfi er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Mjög góð enskukunnátta. Kunnátta í Norðurlandamáli og þýsku er kostur.
- Leiðtogahæfileikar, skipulagshæfni og frumkvæði.
- Þjónustulund og jákvætt viðmót.
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar.

Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar nk.

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið starf@66north.is með fyrirsögninni „Umsókn – Verslunarstjóri“.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Elín Tinna Logadóttir í elin@66north.is**

66° NORÐUR

## Viltu vinna fjölbreytta vinnu á líflegum vinnustað?

:)

**Áberandi leitar að framtíðarstarfsmanni í 100% starf við skiltagerð.**

Starfið felst í almennri skiltagerð, upplímingu og uppsetningu skilta úti í bæ og jafnvel úti á landi.

Hæfniskröfur:
- Jákvætt hugarfar
- Þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi
- Almennt bílpróf
- Ekki spillir fyrir að viðkomandi sé laus við lofthræðslu :)

Áberandi hvetur bæði kyn til að sækja um starfið

Umsóknir og nánari upplýsingar:

Umsóknarfrestur er til **20. Janúar nk.**

Ef þú hefur áhuga sendu þá umsókn á netfangið **atvinna@aberandi.is**

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 414 1900

Við svörum öllum umsóknum sem berast.

áberandi

## Við óskum eftir að ráða manneskju á skrifstofu sem er vanur bókari.

**Umsóknir sendist á gisli@gtv.is**

GT

Rauðhellu 1 - 221 Hafnarfjörður - Sími 580 16 00 Fax 580 16 01
gtv@gtv.is - www.gtv.is

## Við óskum eftir vélamönnum og meiraprófsbílstjórum.

**Umsóknir sendist á gisli@gtv.is**

GT

Rauðhellu 1 - 221 Hafnarfjörður - Sími 580 16 00 Fax 580 16 01
gtv@gtv.is - www.gtv.is

## ÖRYGGISGÆSLA Í KRINGLUNNI

Hagkaup er smásölufyrirtæki, sem býður íslenskum heimilum breitt úrval af vörum til daglegra þarfa, jafnt í matvöru, sem fatnaði, húsbúnaði og vörum til tómstundaiðkunar.

Hjá Hagkaup starfar samhentur hópur fólks, um 850 manns í 500 stöðugildum.

***Hagkaup óskar eftir að ráða öryggisverði til starfa. Starfið felst í staðbundinni öryggisgæslu og almennu rýrnunareftirliti í verslunum Hagkaups.***

- Hagkaup leggur mikinn metnað í öryggismál í verslunum sínum og fá öryggisverðir Hagkaups víðtæka þjálfun til að geta sinnt starfi sínu sem best.
- Við leitum að einstaklingum sem eru líkamlega hraustir, heiðarlegir, með hreint sakavottorð, metnaðargjarnir og útsjónasamir. Viðkomandi þarf að hafa fullt vald á íslensku máli, jafnt talmáli sem og rituðu máli.
- Umsækjendur yngri en 20 ára koma ekki til greina.

Umsóknum skal skilað í tölvupósti **jon@hagkaup.is** fyrir **10. janúar 2014**.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## Bifvélavirki

Bifvélavirki með góða reynslu í viðgerðum óskast til starfa sem fyrst á verkstæði okkar. Æskilegt að viðkomandi hafi góða þekkingu á rafmagni og einnig er nauðsynlegt að umsækjandi sé vel talandi á íslensku. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur frumkvæði, góða samstarfshæfileika og hæfni til að vinna sjálfstætt.

Áhugasamir sendi inn umsóknir á netfangið info@bilahlutir.com fyrir 13. jan. n.k.

Bílahlutir ehf

Eldshöfða 4, 110 Reykjavík, sími 587-5058
**www.bilahlutir.com**

## Badmintondeild Aftureldingar auglýsir eftir þjálfara!

UMFA

**Við leitum að áhugasömum, þolinmóðum og dugmiklum aðila sem er tilbúinn að koma að þjálfun allra flokka deildarinnar. Reynsla af iðkun og/eða þjálfun badmintons nauðsynleg. 5-7 tímar á viku, tveir þjálfarar hafa skipt með sér tímatöflunni. Ráðningartímabil er frá 6.janúar - 20.maí.**

Allar nánari upplýsingar fást með því að senda tölvupóst á **badminton@afturelding.is** eða í síma 848-9998 (Dagný)

## RAFIÐNFRÆÐINGAR RAFVIRKJAR OG RAFEINDAVIRKJAR

Vegna aukinna verkefna hér heima og erlendis þá leitum við að öflugum rafiðnfræðingum, rafvirkjum og rafeindavirkjum sem tilbúnir eru að starfa bæði hér heima og erlendis.

**Nortek leggur áherslu á:**
- Góða framkomu og stundvísi.
- Frumkvæði í starfi.
- Getu til að vinna sjálfstætt og skipulega undir álagi.
- Hreint sakavottorð.

Nortek ehf. var stofnað á Akureyri árið 1996. Árið 1998 var opnuð skrifstofa í Reykjavík og árið 2010 var stofnað systurfyrirtæki í Noregi. Nortek hefur allt frá byrjun verið leiðandi fyrirtæki á sviði öryggis og tæknimála. Hjá fyrirtækinu starfa 35 vel menntaðir og þjálfaðir starfsmenn sem kappkosta að veita góða og skjóta þjónustu. Nortek hefur lagt sig fram um að selja einungis vandaðar vörur frá viðurkenndum aðilum.

Starfskjör eru samkomulagsatriði. Björgvin gefur nánari upplýsingar um starfið í síma 455 2000 á skrifstofutíma.

Umsóknarfrestur er til 17. janúar 2014.

NORTEK ehf.
Eirhöfði 13 og 18 | 110 Reykjavík | Sími 455 2000
nortek@nortek.is | www.nortek.is

Nortek
ÖRYGGI OG TÆKNI



## STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Félag Fasteignasala

vísir

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS

HJÚKRUNARHEIMILIÐ FELLSENDI

## Hjúkrunarforstjóri

**Laust er til umsóknar starf hjúkrunarforstjóra hjúkrunarheimilisins Fellsenda.**

Fellsendi er hjúkrunarheimili fyrir 28 heimilismenn. Húsnæði hjúkrunarheimilisins var tekið í notkun árið 2006 og er vandað að allri gerð.
Fellsendi er 20 km. fyrir sunnan Búðardal og í 130 km. fjarlægð frá Reykjavík. Sjá nánar fellsendi.is.

**Hjúkrunarforstjóri ber ábyrgð á hjúkrun, fjárhagslegum rekstri og stjórnun að öðru leyti. Hjúkrunarforstjóri er ábyrgur gagnvart stjórn Fellsenda.**

Leitað er að hjúkrunarfræðingi; menntun og reynsla í geðhjúkrun er æskileg.
Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og samskiptum er nauðsynleg.

Umsóknir, þar sem gerð er grein fyrir menntun og starfsferli, berist stjórn hjúkrunarheimilisis merkt: Ólafur K. Ólafsson, Borgarbraut 2, 340 Stykkishólmi eða á netfangið oko@syslumenn.is fyrir 10. janúar 2014.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

SKESSUHORN 2014

**Upplýsingar veitir Ólafur K. Ólafsson, sýslumaður og formaður stjórnar, í síma 430 4100.**

Fjallabyggð

## Forstöðumaður Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar

Fjallabyggð auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns Bóka- og héraðsskjalasafns Fjallabyggðar.

Leitað er eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að leiða stofnunina. Forstöðumaður sér um flokkun og skráningar safngagna, daglegan rekstur, starfsmannamál, skipulag og umsýslu. Hann sér jafnframt um upplýsingamiðstöð ferðamála sem staðsett er í bókasafni. Starfsstöðvar bóka- og héraðsskjalasafns eru á Siglufirði og í Ólafsfirði.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun í bókasafns- og upplýsingafræðum æskileg.
- Reynsla í starfi æskileg.
- Reynsla og þekking af málefnum sveitarfélaga er kostur.
- Leiðtogahæfileikar og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og metnaður í starfi.
- Góð kunnátta í íslensku auk kunnáttu í öðru tungumáli.
- Góð tölvukunnátta.
- Bílpróf.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið gefa,
Sigríður Halldóra Gunnarsdóttir forstöðumaður
í síma 464 9128, netfang: sigridur@fjallabyggd.is
og Ólafur Þór Ólafsson skrifstofu- og fjármálastjóri
í síma 464-9100, netfang: olafur@fjallabyggd.is

Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsferil skal skilað rafrænt á netfangið olafur@fjallabyggd.is
**Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar 2014.**

Sveitarfélagið Fjallabyggð varð til við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar árið 2006. Fjallabyggð er nyrst á Tröllaskaga.
Í sveitarfélaginu, sem telur rúmlega 2.000 í búa, eru tveir þéttbýliskjarnar, bæirnir Ólafsfjörður og Siglufjörður. Báðir bæir byggja afkomu sína að mestu á sjávarútvegi, vinnslu fiskafurða og ýmiskonar þjónustu við þessar greinar iðnaðar, svo sem vélsmíði og netagerð. Í seinni tíð hefur fjölbreytnin í atvinnulífinu aukist og mikill vaxtarbroddur er í ferðaiðnaði og ýmiskonar fjarvinnslu fyrir fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu.
Mikil náttúrufegurð er í Fjallabyggð og margar góðar gönguleiðir liggja um sveitarfélagið. Í Fjallabyggð eru tveir leikskólar, grunnskóli, framhaldsskóli og tónskóli. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar. Í Fjallabyggð eru landsþekkt söfn og menningarlífið blómstrar. Fjallabyggð er fjölskylduvænt sveitarfélag.

DÖGUN

## Framkvæmdastjóri

Rækjuverksmiðjan Dögun ehf. á Sauðárkróki óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra.
Starfið krefst frumkvæðis og hæfileika til að ráða fram úr fjölbreyttum og krefjandi verkefnum.

**Hæfniskröfur:**

- Stjórnunarreynsla æskileg
- Þekking og reynsla á sviði bókhalds og reksturs
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og afriti prófskírteina sendist rafrænt á netfangið: umsoknir@dogun.is fyrir 15. janúar nk.

Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 892 1519. Umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Dögun ehf – rækjuvinnsla, útgerð

Rækjuverksmiðjan Dögun var stofnsett 1984 og er um 25 manna vinnustaður á Sauðárkróki. Félagið gerir einnig út eitt rækjuveiðiskip.

# Starf tæknimanns

## Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar auglýsir starf tæknimanns laust til umsóknar

Tæknimaður á framkvæmdasviði sinnir verkefnum á sviði skipulags- og byggingamála m.a. í samvinnu við skipulags- og byggingafulltrúa. Auk þess sinnir hann verkefnum á sviði umhverfis- og framkvæmdamála.

**Helstu verkefni:**

- Þjónusta við íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu á sviði byggingamála.
- Eftirfylgni vegna byggingaleyfa, þ.m.t, úttektir og byggingaeftirlit í umboði skipulags- og byggingafulltrúa.
- Eftirlit með að lögum og reglugerðum mannvirkjamála sé framfylgt.
- Umsjón og eftirlit með framkvæmdum á vegum sveitar félagsins, t.d. í nýbyggingum, veitum og hafnarmann virkjum.
- Gerð lóðaleigusamninga á grundvelli lóðarblaðs og samþykkts deiliskipulags.
- Yfirlestur eignaskiptasamninga og annarra skjala sem heyra undir byggingasvið.
- Vinnur að framkvæmd og eftirliti með sorphirðu og urðun sorps í sveitarfélaginu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Verkfræði, tæknifræði eða sambærilega menntun á háskólastigi.
- Reynslu af og þekkingu á skipulags- og bygginga málefnum sveitarfélaga.
- Reynslu af og þekkingu á verkeftirliti í mannvirkjagerð.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum samninganefndar sveitarfélaga (SNS) við viðkomandi stéttarfélag.
Eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um stöðuna.

Allar frekari upplýsingar veitir Guðmundur Elíasson mannvirkjastjóri, í síma 470 9019.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið gudmundur.eliasson@fjardabyggd.is merkt **„Tæknimaður á framkvæmdasviði“**.
**Umsóknarfrestur er til og með 20. janúar 2014.**

Fjarðabyggð er vaxandi sveitarfélag á Austurlandi og það fjölmennasta með ríflega 4.600 íbúa. Bæjarkjarnar þess eru sex talsins eða Mjóifjörður, Neskaupstaður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður. Framkvæmdasvið Fjarðabyggðar vinnur að fjölbreyttum verkefnum í hverjum þeirra í samstarfi við stjórnsýslunefndir bæjarins og opinberar fagstofnanir. Í mannauðsstefnu Fjarðabyggðar er áhersla lögð á vandaða stjórnsýsluhætti við ráðningar, gott starfsumhverfi og jöfn tækifæri karla og kvenna.

Mjóifjörður | Norðfjörður | Eskifjörður | Reyðarfjörður | Fáskrúðsfjörður | Stöðvarfjörður

Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa/Kjaradeild

# Starf við launavinnslu í Kjaradeild

Kjaradeild sinnir launavinnslu Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með framkvæmd kjarasamninga. Deildin ber ábyrgð á túlkun kjarasamninga og vinnuréttar og fer með fyrirsvar þeirra mála gagnvart viðsemjendum og aðilum vinnumarkaðar. Deildin sinnir auk þess ráðgjöf á sviði vinnuréttar og kjarasamninga innan Reykjavíkurborgar og hefur umsjón með og ber ábyrgð á mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar og þróun þess. Hjá Kjaradeild starfa 25 starfsmenn og hefur deildin aðsetur að Borgartúni 12.

Óskað er eftir öflugum starfsmanni til starfa við launavinnslu. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir mikilli samskiptahæfni, sýnir frumkvæði og hefur tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð. Unnið er með mannauðs- og launakerfi Oracle og krefst vinnan skipulagshæfni og nákvæmni.

**Helstu verkefni:**
Skráning og yfirferð ráðningar- og launagagna
Eftirlit með rafrænni skráningu
Eftirlit með réttri framkvæmd kjarasamninga
Samskipti og leiðbeiningar til stjórnenda vegna launa- og viðverukerfa

**Hæfniskröfur:**
Menntun sem nýtist í starfi
Reynsla af launavinnslu og þekking á kjarasamningum
Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist umdeilt en skilgetið afkvæmi nútíma velferðarsamfélags. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 8. janúar næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „4. janúar".




# „Besti smábíllinn"

**Ford Fiesta.**
**Beinskiptur frá 2.450.000 kr.**
**Sjálfskiptur frá 2.790.000 kr.**

Brimborg fagnar 50 árum í bílgreininni og af því tilefni fylgja ný Nokian vetrardekk að verðmæti 120.000 kr. öllum Ford Fiesta í janúar. Nýttu tækifærið.

Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 af sérfræðingum eins vinsælasta bílablaðs heims, Auto Express.

Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.




50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

ford.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

Ekki enn sannfærð/ur? Hér eru fleiri staðreyndir um Ford Fiesta:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!

Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3l/100 km. $CO_2$ 99 g/km. Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9l/100 km. $CO_2$ 114 g/km. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.




Svali ÆVINTÝRADRYKKUR
ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN
HLJÓÐX
midi.is

## MERKISATBURÐIR

**1917** Fyrsta íslenska ráðuneytið undir forsæti Jóns Magnússonar tekur til starfa.

**1958** Edmund Hillary nær á suðurpólinn.

**1960** Fríverslunarsamtök Evrópu eru stofnuð í Stokkhólmi.

**1994** Samið er um mikinn samdrátt í herstöðinni á Keflavíkurflugvelli. F-15 orrustuþotum er fækkað úr 12 í fjórar og hermönnum um 400.

**2004** Spirit, könnunarfar NASA, lendir á Mars klukkan 04.35.

**2010 Skýjakljúfurinn Burj Khalifa í Dubai, er vígður við hátíðlega athöfn.**



**ÞETTA GERÐIST:** 4. JANÚAR 1984

# Ofsaveður og öngþveiti

Suðaustanátt með blindbyl og skafrenningi gekk yfir landið vestanvert þennan dag árið 1984. Víða skapaðist öngþveiti á höfuðborgarsvæðinu og segja má að öll umferð hafi stöðvast um tíma. Strætisvagnaferðir féllu niður í sex klukkustundir og 25 strætisvagnar festust víða um borgina. Lögregla og björgunarsveitir áttu annríkt við að aðstoða nauðstadda enda lenti fjöldi fólks í hrakningum, bílar sátu fastir eða fuku út af veginum. Jeppi sem var að flytja sjúkling frá Bifröst í Borgarfirði fór út af í Stafholtstungum. Snjóruðningstæki fóru á móti honum en komust ekki nema að Svignaskarði því þar voru þriggja metra háir skaflar á veginum. Um fjórutíu bílar sátu fastir á Holtavörðuheiði en allir sem í þeim voru, um 100 manns, komust til byggða í Hrútafirði seint um kvöldið.





**DEILDARFORSETI** „Það var leitað til mín og það er mikill heiður sem ég er rétt að átta mig á," segir Mist um nýja starfið við Gautaborgarháskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Annað hvort stekkur maður af stað eða ekki

Mist Þorkelsdóttir tónskáld var boðin staða forseta tónlistar- og leiklistardeildar Háskólans í Gautaborg. Hún ákvað að láta slag standa og tekur við starfinu í sumar.

„Mér finnst þetta spennandi tækifæri og dálítið gaman að geta nýtt á nýjan hátt þá reynslu sem ég hef fengið síðasta áratug hér á Íslandi. Þannig að þetta leggst vel í mig," segir Mist Þorkelsdóttir tónskáld um væntanlegt starf sitt sem deildarforseti við Háskólann í Gautaborg en hún hefur stjórnað tónlistardeild Listaháskóla Íslands frá stofnun, árið 2001.

*Er þetta stórt batterí sem þú ert að taka við?*

„Þessi háskóli í Gautaborg er eins og tvöfaldur Listaháskólinn. Hér hef ég verið með tónlistardeildina en þar tek ég við tónlistar-, leiklistar-, óperu- og söngleikjadeild."

*Þekkir þú eitthvað til skólans úti?*

„Lítillega. Tónlistardeild Listaháskólans hefur fengið að senda þangað nemendur í hljómsveit, það flokkast undir hljómsveitarnám. Skólinn úti borgaði uppihaldið og við fargjaldið. Þó hefur farið minna fyrir þessu samstarfi eftir kreppu en fyrir, bæði vegna þess að við höfum minna bolmagn til að senda nemendur og svo hafa möguleikar þeirra til að spila í hljómsveitum hér aukist á síðustu árum, með tilkomu Ungfóníunnar og Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ég kom þessu samstarfi á á sínum tíma af því að okkur vantaði þá hentugan vettvang fyrir okkar krakka til að spila í hljómsveit. Vildi að þeir fengju samanburð við sér lengra komna nemendur."

*Ráðamenn í Gautaborgarháskóla hafa greinilega tekið eftir þínu starfi hér.*

„Já, allir tónlistarháskólar á Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum hafa með sér samtök og ég hef verið í stjórn þeirra, var formaður þeirra um tíma, þannig að ég er ekki óþekkt stærð hjá þeim."

*Ert þú fjölskyldumanneskja?*

„Börnin eru flutt að heiman nema yngsti sonurinn sem er 18 ára, hann er í MH og klárar eftir ár þannig að hann og pabbi hans verða saman hér næsta vetur. Eflaust verður eitthvert flakk á okkur. Við tökum bara eitt ár í einu."

*Hver er eiginmaðurinn?*

Sigfús Nikulásson, læknir og meinafræðingur á Landspítalanum.

*Hann yrði sjálfsagt ekki í vandræðum með að fá starf úti ef hann hefði hug á því.*

„Nei, það er ekkert áhyggjuefni. En þetta var óvænt tilboð sem ég fékk og annað hvort stekkur maður af stað eða ekki. Það var leitað til mín og það er mikill heiður sem ég er rétt að átta mig á."

gun@frettabladid.is

---



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**JÓN KRISTINN GÍSLASON**
**Skerseyrarvegi 3C, Hafnarfirði,**

lést 25. desember á hjartadeild Landspítalans. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Kristín jónsdóttir**
**Gísli Jónsson**
**og barnabörn.**

**Björgvin Guðbjörnsson**
**Helena Morland**

---



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**MARÍU FINNBOGADÓTTUR**
**Hjallaseli 55, Reykjavík.**

Við viljum sérstaklega færa starfsfólki hjúkrunarheimilisins Seljahlíðar þakkir fyrir mjög góða umönnun og hlýju, sem hún naut allan þann tíma, sem hún dvaldi þar.

**Hákon Sigurðsson**
**Björg Sigurðardóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

**Katrín H. Guðjónsdóttir**

---



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR SIGURÐSSON**
**Skógarseli 11, Reykjavík,**

lést á Droplaugarstöðum 22. desember. Útförin verður frá Dómkirkjunni mánudaginn 6. janúar kl. 11.00.

**Einar Oddur Ólafsson**
**Guðrún Hanna Ólafsdóttir**
**Sigurður Óli Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Gunnar Jensen**
**Björg Harðardóttir**

---



†

Útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÁGÚSTU GUÐJÓNSDÓTTUR**
**frá Eiríksbakka, Biskupstungum,**
**Ofanleiti 11, Reykjavík,**

fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 7. janúar kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á SÍBS eða aðrar líknarstofnanir.

**Ingibjörg Skarphéðinsdóttir**
**Sigfinna Lóa Skarphéðinsdóttir**
**Kristján Skarphéðinsson**
**Danfríður Kristín Skarphéðinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**Hafliði Benediktsson**
**Magnús Kristinsson**
**Guðrún Björk Einarsdóttir**

---

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35, Rvík. • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is




ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞÓRÐUR ÁRNASON**
**dvalarheimilinu Höfða,**
**Akranesi,**

lést laugardaginn 28. desember á dvalarheimilinu Höfða. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 10. janúar kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á dvalarheimilið Höfða.

**Sigríður Sigurjónsdóttir**
**Guðrún Þórðardóttir Ingileifur S. Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför okkar ástkæra unnusta, sonar, bróður, mágs og frænda, sem lést af slysförum þann 1. desember sl.,

**RÍKHARÐS KARLSSONAR**
**Eyrarholti 7, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir til fjölskyldu okkar og vina, starfsfólks Vinakots og Hraunvallaskóla, meistaraflokks Hauka og til allra þeirra sem komu fram með söng og undirleik við útförina.

**Guðrún Edda Þórðardóttir**
**Gestný Bjarnadóttir**
**Kristófer, Kristinn, Sigurður, Hákon og fjölskyldur þeirra.**

# Afmælistónar með hátíðabrag

**Kirkjukór Hvammstanga efndi til tónleika nýlega í Hvammstangakirkju í tilefni sjötíu ára afmælis síns. Tveir einsöngvarar sungu með og öllu var til tjaldað.**

„Þetta voru skemmtilegir tónleikar með hátíðabrag eins og árstíminn gefur tilefni til. Við höfum undirbúið þá í allt haust, ásamt jólamessunum, förum meðal annars í æfingabúðir í veiðihús í Miðfirði eina helgi,“ segir Pálína Fanney Skúladóttir, stjórnandi kirkjukórs Hvammstanga, um afmælistónleika sem haldnir voru í lok ársins því kórinn varð sjötugur 2013. Um undirleik sá Elínborg Sigurgeirsdóttir.

Tuttugu og sjö manns syngja í kirkjukórnum á Hvammstanga. Pálína segir þá alla mæta á stórhátíðum og við fermingar en stundum séu færri við almennar guðsþjónustur. Á afmælistónleikunum sungu Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir í Dæli í Víðidal og Ólafur E. Rúnarsson, tónlistarkennari á Hvammstanga, einsöng og settu sterkan svip á tónleikana að sögn Pálínu, sem fagnaði því um jólin að fá strákinn sinn og stjörnuna hann Ásgeir Trausta heim í frí. gun@frettabladid.is


**Á TÓNLEIKUNUM** Kirkjukórinn á Hvammstanga. Pálína stendur við predikunarstólinn. MYND/NORDANATT.IS

---



✝

Okkar ástkæra

**INGIBJÖRG KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR**
**frá Blönduósi,**

sem lést sunnudaginn 29. desember, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju í Reykjavík, fimmtudaginn 9. janúar, klukkan 13.00.

**Jón Ingi Jósafatsson** — **Alda Sigrún Sigurmarsdóttir**
**Sigvaldi Hrafn Jósafatsson** — **Guðfinna Jóna Eggertsdóttir**
**Jónína Guðrún Jósafatsdóttir** — **Bjarni Benedikt Arthursson**
**Pétur Jósafatsson** — **Málfríður Gestsdóttir**
**Barnabörn og barnabarnabörn**

---



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HALLDÓRA NELLIE PÁLSDÓTTIR**
**Rauðalæk 8, Reykjavík,**

andaðist á Droplaugarstöðum laugardaginn 14. desember sl. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Þórarinn Sveinsson**
**Sigurbjörg Erla Þórarinsdóttir** — **Guðmundur Ragnar Guðmundsson**
**María Þórarinsdóttir** — **Ingileifur Einarsson**
**Þórarinn Jón Þórarinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**SÓLVEIG INDRIÐADÓTTIR**
**Engjavegi 55, Selfossi,**

lést á Landspítalanum 2. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Björn Sverrisson**
**Indriði Björnsson** — **Edda Björk Sævarsdóttir**
**Erla Soffía Björnsdóttir** — **Daði Jóhannesson**
**Kolbrún Björnsdóttir** — **Sveinn Elíasson**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HANS RAGNAR SIGURJÓNSSON**
**skipstjóri,**

lést á Hrafnistu í Reykjavík mánudaginn 30. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 8. janúar kl. 13.00.

**Anna Scheving Hansdóttir** — **Tryggvi T. Tryggvason**
**Ása Björk Hansdóttir** — **John S. Berry**
**Ágústa Hansdóttir** — **Halldór Pétursson**
**Unnur Björg Hansdóttir** — **Pjetur Einar Árnason**
**Sigurjón Hansson** — **Kristín Guðbrandsdóttir Jezorski**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Systir mín,

**JÓHANNA SIGURBJÖRG AÐALSTEINSDÓTTIR**
**(NANNA)**
**áður Fellsmúla 2,**

andaðist á dvalar og hjúkrunarheimilinu Grund 30. desember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd vandamanna,**
**Sigríður Helga Aðalsteinsdóttir**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,

**INGIBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR**
**frá Miklaholti,**
**Stórateig 42, Mosfellsbæ,**

lést á Landspítalnum í Fossvogi á nýársdag.

**Kristín Magnúsdóttir**
**Jón Magnússon**

---



✝

Minn elskulegi eiginmaður, faðir, tengdafaðir, bróðir, tengdasonur, frændi og mágur,

**EIRÍKUR ÓMAR SVEINSSON**
**framkvæmdastjóri Keflavíkurflugvallar,**

lést á Landspítalanum 25. desember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 14. janúar kl. 15.00.

**Ingibjörg Sandholt**
**Sveinn Rafn** — **Melkorka Ragnhildardóttir**
**Egill Orri**
**Þóra Kristín**
**Hafdís og Sigrún (Lóa) Sveinsdætur**
**Þóra Sandholt**
**Sigrún Björg Ingvadóttir** — **Ásgeir Stefánsson**
**Bergur Sandholt** — **Stella Hafsteinsdóttir**
**Kristín Sandholt** — **Ingvar Vilhelmsson**

---



✝

Okkar elskulegi faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN BJARNI STEFÁNSSON**
**Háeyrarvöllum 18, Eyrarbakka,**

lést á líknardeild LSH, þriðjudaginn 31. desember. Útförin fer fram frá Eyrarbakkakirkju föstudaginn 10. janúar kl. 14.00.

**Oddrún Bjarnadóttir**
**Stefán Þór Bjarnason** — **Eva Bryndís Helgadóttir**
**Vignir Bjarnason** — **María Fjóla Harðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÞORVARÐUR ÞORVARÐARSON**
**forstjóri,**
**Eir, hjúkrunarheimili,**
**áður Brekkugerði 19, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 29. desember. Útförin fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 7. janúar kl. 15.00.

**Erla Lýðsson Hjaltadóttir**
**Hjalti E. Þorvarðarson** — **Erna Ó. Eyjólfsdóttir**
**Örn Þ. Þorvarðarson** — **Karitas K. Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskulegur faðir minn, sonur okkar, bróðir okkar, mágur og frændi,

**OLGEIR MÁR BRYNJARSSON**

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 28. desember. Hann verður jarðsunginn frá Guðríðarkirkju miðvikudaginn 8. janúar kl. 15.00.

**Brynjar Jón Olgeirsson**
**Brynjar Olgeirsson** — **Guðný Bergdís Lúðvígsdóttir**
**Lúðvíg Brynjarsson** — **Kristín Hallgrímsdóttir**
**Ásthildur Ósk Brynjarsdóttir** — **Andri Freyr Stefánsson**
**og frændsystkini hans.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**VILBORG INGA GUÐJÓNSDÓTTIR**
**Sunnubraut 6, Akranesi,**

lést 29. desember á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut. Jarðsungið verður frá Akraneskirkju fimmtudaginn 9. janúar kl. 14.00.

**Finnbogi Þórarinsson**
**Guðjón Sæberg Finnbogason** — **Oddný Garðarsdóttir**
**Þórarinn Kristján Finnbogason**
**Lára Bogey Finnbogadóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona og besti vinur minn, móðir, dóttir, amma, systir og tengdadóttir,

**GUÐFINNA ELÍN EINARSDÓTTIR**
**Spóarima 17, Selfossi,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands sunnudaginn 29. desember. Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 9. janúar kl. 13.30.

**Einar Jónsson**
**Elías Örn Einarsson**
**Þórunn Einarsdóttir** — **Christopher Wood**
**Bertha Ágústa Einarsdóttir** — **Jósep Helgason**
**Jón Þorkell Einarsson** — **Álfhildur Þórðardóttir**
**Sigríður Bergsteinsdóttir** — **Steinar Guðmundsson**
**Einar Pálmar Elíasson**
**barnabörn, systkini og tengdaforeldrar.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**SÓLVEIG ÁSGEIRSDÓTTIR**
**fv. biskupsfrú,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund. Útför hennar verður gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag, laugardaginn 4. janúar, kl. 13.30.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Pétur Pétursson**
**Kristín Pétursdóttir** — **Hilmar Karlsson**
**Sólveig Pétursdóttir** — **Hartmann Ásgrímur Halldórsson**

---



✝

Okkar ástkæra

**HERMÍNA SIGURÐARDÓTTIR**

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík 27. desember sl., verður jarðsungin frá Grensáskirkju mánudaginn 6. janúar kl. 13.00.

**Jóhann Long**
**Gunnar Finnlaugsson** — **Gunilla Maria Finnlaugsson**
**Þorfinnur Finnlaugsson** — **Soffía Guðmundsdóttir**
**Þórlaug Finnlaugsdóttir Toft** — **Kai Toft**
**Hulda Finnlaugsdóttir**
**Snorri Finnlaugsson** — **Sigríður Birgisdóttir**
**Ágústa Rósa Finnlaugsdóttir**
**barnabörn og makar þeirra, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**


MEÐ HÆKKANDI SÓL...
FORSALA Á SUMARIÐ!
Allt að 60.000 kr. afsláttur fyrir 4 manna fjölskyldu. Takmarkað sætaframboð!
Sumarsól 2014
Sumarið er komið í sölu!
ÚRVAL-ÚTSÝN

## Tenerife
**4. júní - vika**



★★★
**Hovima Jardin Caleta**

**Tilboðsverð á mann:**
**90.400** KR.

verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi með morgunverði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 100.900 kr.

## Almería
**17. júní - vika**



★★★★
**Arena Center**

**Tilboðsverð á mann:**
**79.900** KR.

verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 99.800 kr.

## Benidorm
**17. júní - vika**



★★
**Paraiso Centro**

**Tilboðsverð á mann:**
**79.400** KR.

verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 97.800 kr.

## Albir
**24. júní - vika**



★★★★
**Albir Playa**

**Tilboðsverð á mann:**
**85.200** KR.

verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi m. morgunverði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 100.200 kr.

## Alicante borg
**3. júní - vika**



★★★
**Best Western Albahia**

**Tilboðsverð á mann:**
**80.900** KR.

verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi m. morgunverði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 91.000 kr.

## Costa Brava
**16. júní - vika**



★★★
**Xaine Park**

**Tilboðsverð á mann:**
**96.300**

verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi m. hálfu fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 102.600 kr.

## Barcelona
**20. júní - 3 nætur**



★★★
**San Augustin**

**Tilboðsverð á mann:**
**99.800** KR.

verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með morgunmat.

## Madeira
**22. apríl - 8 nætur**



★★★★
**Alto Lido Madeira**

**Tilboðsverð á mann:**
**169.900** KR.

verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli með morgunmat.



## Vilt þú vinna ferð fyrir tvo til Tenerife?

Það eina sem þú þarft að gera er að mæta til okkar í **Hlíðasmára 19 í Kópavogi** og fylla út miða með upplýsingum um þig og þú ert komin í pottinn! Vinningshafinn verður dregin út 1. febrúar.

ÚRVAL·ÚTSÝN

# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM TILBOÐUM

**SMELLTU Á KÖRFUNA**
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




**OPIÐ Í DAG FRÁ 11-16**

ENN BETRA VERÐ



## 16GB MINNISLYKILL

Agnarsmár og stórglæsilegur USB3 minnislykill frá Silicon Power úr nautsterku silikoni sem festist tryggilega á lyklakippu

**4.990**

8GB USB2 2.990 • 32GB USB3 9.990



## ENZO 400

Stórglæsilegt 2.1 hljóðkerfi frá SonicGear með sérhannaða ofur öfluga 4" bassakeilu

**9.990**

FRÁBÆRT 2.1 HLJÓÐKERFI

ÚRVAL AF SPJALDTÖLVUM VERÐ FRÁ: 12.900



## 7" SPJALDTÖLVA

Glæsileg spjaldtölva, tilvalin í leiki, tónlist, kvikmyndir og internetið með Android 4.2

**12.900**

ALLTAF BETRA VERÐ!

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG TOSHIBA

## Rauð eins og blóð á íslensku

Forlagið hefur tryggt sér útgáfuréttinn á bók finnska höfundarins Salla Simukka, Rauð eins og blóð, sem farið hefur sigurför um heiminn. Bókin kemur út næsta haust í þýðingu Erlu Elíasdóttur.

Rétt fyrir jól hlaut finnski höfundurinn Salla Simukka „Finland Prize 2013“ fyrir alþjóðlega velgengni spennubókaflokks fyrir unglinga sem kenndur er við Mjallhvíti. Verðlaunin nema 26.000 evrum og skiptust að þessu sinni á milli sjö finnskra listamanna sem þóttu skara fram úr á árinu, í heimalandi sínu eða alþjóðlega. Fyrstu tvær bækurnar úr bókaflokknum eru komnar út í Finnlandi og nutu báðar mikilla vinsælda. Eftirtektarverðast þykir þó að áður en fyrsta bókin var komin út í Finnlandi höfðu fjölmargir erlendir útgefendur tryggt sér þýðingarréttinn að bókaflokknum. Nú hefur rétturinn verið seldur til 37 landa og enginn finnskur höfundur hefur notið jafn skjótrar og mikillar alþjóðlegrar hylli og Salla Simukka.

Salla Simukka stundaði nám í norrænum málvísindum, finnsku, bókmenntafræði, skapandi skrifum og kvennafræðum í háskólanum í Turku. Fyrsta bók hennar, ástarsagan Þegar englarnir líta undan (Kun enkelit katsovat muualle), kom út 2002 og áratug síðar komu framtíðartryllarnir Engin slóð (Jäljellä) og Annarstaðar (Toisaalla), en fyrir þá fékk Salla Topelius-verðlaunin 2013. En það var ekki fyrr en hún kynnti Mjallhvítarþríleikinn til leiks sem athygli erlendra útgefenda vaknaði. Fyrsta bókin, Rauð eins og blóð, kom út í Finnlandi vorið 2013 og miðbókin, Hvít eins og snjór, fylgdi í kjölfarið strax um haustið.



**SLÓ Í GEGN** Bókaflokkur Salla Simukka um Mjallhvíti hefur hlotið ótrúlegar viðtökur.



**HEIMA** „Það var gott að ná að anda að sér íslensku lofti,“ sagði Frank Fannar í stuttu fríi frá dansi í nútímadansuppfærslu á Svanavatninu í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Í RÓMEÓ OG JÚLÍU** Frank Fannar dansaði Tybalt í Rómeó og Júlíu, dansverki eftir Stephan Thoss, stjórnanda dansflokksins í Wiesbaden.

# Samt tók ég aldrei ákvörðun um það að verða dansari

Frank Fannar Pedersen dansar aðalkarlhlutverk Svanavatnsins í borgarleikhúsinu í Wiesbaden í Þýskalandi sem var frumsýnt 21. desember. Hann kíkti aðeins heim í jólafrí en þurfti að hafa hratt á hæli.

„Ég komst ekki heim fyrr en 29. desember og fór út aftur 2. janúar því næsta sýning er 4. janúar en það var gott að ná aðeins að anda að sér íslensku lofti, þó ekki sé nema í fjóra daga,“ segir hinn 23 ára dansari Frank Fannar Pedersen sem er í aðalkarlhlutverki í Svanavatninu á sviðinu í Wiesbaden í Þýskalandi um þessar mundir. Frumsýning var 21. desember. „Þetta er ekki hið klassíska Svanavatn heldur nútímadansuppfærsla eftir stjórnandann, Stephan Thoss, við tónlist Tsjajkovskís. Hún nefnist Frá miðnætti til morguns,“ tekur hann fram.

Frank Fannar hefur lifað og hrærst í sviðslistum frá barnæsku. Móðir hans er Katrín Hall dansari sem lengi var listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins og faðir hans Guðjón Pedersen, leikari, leikstjóri og Borgarleikhússtjóri um tíma. Fjölskyldan bjó í Köln þegar móðir hans var dansari hjá dansflokki óperuhússins þar, svo Frank Fannar var í Þýskalandi fyrstu sjö árin sín. En heimkominn hóf hann strax nám í Listdansskólanum og svo leiddi eitt af öðru. „Samt tók ég aldrei ákvörðun um það að verða dansari. Þetta bara vatt upp á sig og var alltaf gaman og það heldur áfram að vera gaman,“ segir hann glaðlega. Hann var aðeins átján ára þegar hann hélt út í hinn stóra heim til að dansa, fyrst til Barcelona á Spáni og síðan Þýskalands en áður hafði hann getið sér gott orð á sviði hér heima með dansflokknum og í samkeppnum í Svíþjóð og Kína.

Yfirleitt er dansflokkur, leikhús og ópera innan stóru leikhúsanna í Þýskalandi, að sögn Franks Fannars. „Við sem erum í dansflokknum í Wiesbaden teljumst heppin að þurfa ekki að dansa í óperum eða söngleikjum heldur eru sérstakir dansarar í því. Við erum bara að búa til dansverk. Það er skemmtilegra og meira krefjandi því söngleikir ganga oft svo lengi.“ Þetta er þriðja ár Franks Fannars í Wiesbaden en hann býst við að breyta til á næsta ári. „Það er verið að skipta um stjórnanda í leikhúsinu og mér finnst ágætt að nota tækifærið og fara eitthvert annað. Finnst kominn tími á nýjar ögranir og áskoranir,“ útskýrir hann. Hvert leiðin liggur veit hann ekki en reiknar með að halda sig í Mið-Evrópu áfram, í Þýskalandi, Hollandi eða Sviss.

Margar stórar sýningar eru að baki í Wiesbaden síðustu árin hjá Frank Fannari. „Mér hefur gengið vel, ég hef haft mjög mikið að gera og auðvitað hef ég lært á því. Það eru forréttindi að fá að vinna við það sem manni þykir skemmtilegast.“ Hann segir Svanavatnið svolítið jóla- eða vetrartengt ævintýri svo það verði varla sýnt langt fram á vor. „Við byrjum á að fara í leikför fljótlega eftir áramótin. Einnig er annað prógramm að fara í gang sem frumsýnt verður í febrúar þannig að æfingar á því verða samhliða sýningarferðalögum svo það verður nóg að gera,“ segir hann hress.

**„Það er verið að skipta um stjórnanda í leikhúsinu og mér finnst ágætt að nota tækifærið og fara eitthvert annað. Finnst kominn tími á nýjar ögranir og áskoranir.**

Um framtíðina vill Frank Fannar sem minnst spá. „Líf dansarans er yfirleitt stutt og eftir það er vonandi tækifæri til að gera eitthvað allt annað. Það finnst mér bara heillandi tilhugsun frekar en hitt. Nú er hægt að stunda nám hvenær sem er á ævinni og gera hvað sem er.“

gun@frettabladid.is




# Jólin verða kvödd með Corelli

Strengjasveitin Spiccato heldur tvenna tónleika á næstu dögum, í Neskirkju á morgun, sunnudag, klukkan 20 og í Selfosskirkju á mánudag á sama tíma.

„Jólakonsertinn frægi, sem allir kannast við, er inni í þessu prógrammi sem við flytjum núna og því er það sérstaklega vel viðeigandi,“ segir Martin Frewer fiðluleikari um tónleika strengjasveitarinnar Spiccato í Neskirkju og Selfosskirkju. Þar verða fluttir konsertar 7-12 ópus 6 „Concerti Grossi“ eftir Arqangelo Corelli.

„Við spiluðum fyrstu sex konserta Corellis í vor og þess vegna langaði okkur að taka þá sex síðari núna. Þetta er svo frábær tónlist,“ heldur Martin Frewer áfram.

Á tónleikunum á Selfossi á mánudaginn verður einnig fluttur 1. kaflinn úr fiðlukonsert í a-moll eftir Vivaldi. Þá ætla tíu fiðlunemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga að spila með sveitinni. - gun



**SPICCATO** Þau ætla að kveðja jólin með stæl í tveimur kirkjum á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


BENNI ERLINGS, BRAGI VALDIMAR OG MEGAS
SEIÐA EPÍSKAN TÓN-SJÓNLEIK
JEPPI
Á FJALLI
Sýningum lýkur!
örfáar aukasýningar í Gamla bíói
eftir 57 uppseldar sýningar
Fös 10/1 örfá sæti
Lau 11/1 örfá sæti
Sun 12/1 örfá sæti
Mið 15/1 örfá sæti
Fim 16/1 örfá sæti
Fös 17/1 örfá sæti
Lau 18/1 örfá sæti
Sun 19/1 aukasýn*
Íslandsbanki
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# LAUGARDAGUR OPIÐ 10:00-18:00

# Verðlækkun á bleium 1.janúar 2014

## Lækkun á virðisaukaskatti

## áður 25,5% nú 7%







798
kr. 500g
Heima Möndlur með hýði




259
kr. 1 kg
Barilloa **Spagehetti 1 kg.**




1598
kr. kg.
Bónus **Bacon / beikon**







1298
kr. kg
Nautaveisla **Nautgripahakk frá Spáni**




1998
kr. 150g
Nautaveislu **Nautagúllas**




1998
kr. 150g
Nautaveislu **Nautasnitsel**

598
kr. 750ml

SLÁTRUN 2013 KS



1298
krónur kg.
Kaupfélag Skagfirðinga **Frosið lambalæri** slátrun haust 2013

**Einfallt og gott.** Ódýrar núðlusúpur á svipstundu




98
kr. 70g
YUM YUM NÚÐLUR 70gr BOX

29
kr. 85g
ROOKIE NÚÐLUR 85gr PAKKI

BÓNUS EKKERT BRUÐL VISA



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
LAUGARDAGUR OPIÐ 10:00-18:00
198 kr. kg
Appelsínur frá Spáni 198 kr. kg Appelsínur frá Spáni 198 kr. kg
459 kr. 750g
Avocado í neti 750g
look good naked.
vitamin volcano.
drink your greens
all fruit. no bull.
in fruit we trust.
froosh
298 kr. 250ml
froosh hreinir ávaxtadrykkir 250ml
Strawberry Strawberry
459 kr. 1.2 kg.
Frosin Jarðarber 1.2 kg
Ferskt íslenskt salat
Bónusblanda
Lambhagi
398 kr. 150g
Bónus Lambhaga-salat 150g
BÓNUS Tröllahafrar
298 kr. 1.0 kg
Bónus Tröllahafrar 1 kg
Mango Mango
498 kr. 1 kg.
Frosnir Mangóbitar 1 kg
BÓNUS APPELSÍNUSAFI
BÓNUS EPLASAFI
100% HREINN SAFI
119 kr. 1 ltr.
Bónus Safar-Appelsínu eða Epla 1 ltr.
HIMNESKT
Chiafræ
698 krónur 200g.
Solla / Himneskt Chiafræ 200g
EUROSHOPPER
FROSNAR
KJÚKLINGABRINGUR
KYCKLINGFILÉ
Frosnar kjúklingabringur 900g
1579 KR.900g
pukka morning time
pukka detox
pukka night time
pukka green tea
498 kr. 20 pk.
Pukka Lífrænt te / margar tegundir 20 tepokar
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA




Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í baki!




Voltaren

*Fæst án lyfseðils*

VOL130101

Voltaren Dolo 25 mg húðaðar töflur. Inniheldur 25 mg kalíumdíklófenak. Er notað við vægum verkjum eins og höfuðverk, tannverk, tíðaverk, gigt- og bakverk. Skammtar fyrir fullorðna og börn 14 ára og eldri: Upphafsskammtur er 1 tafla, en síðan 1 tafla á 4-6 klukkustunda fresti, þó mest 3 töflur (75 mg) á sólarhring og lengst í 3 sólarhringa. Meðhöndla á í eins skamman tíma og í eins litlum skömmtum og mögulegt er. Töfluna á að gleypa í heilu lagi með glasi af vatni, helst fyrir máltíð. Ekki má taka Voltaren Dolo ef þú ert: yngri en 14 ára, með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, acetýlsalicýlsýru eða öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum, með sár eða blæðingu í meltingarvegi, hjartabilun, skerta lifrar eða nýrnastarfsemi, mikla blóðflagnafæð, á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitaðu ráða hjá lækni eða lyfjafræðingi áður en þú tekur lyfið ef þú: ert með astma, hjartasjúkdóm, sjúkdóm í meltingarvegi, notar önnur lyf, notar verkjastillandi lyf við höfuðverk í langan tíma, ert næmur fyrir vökvaskorti, ert með sjúkdóm sem hefur áhrif á blóðstorku, ert að fara í aðgerð, ert eða ætlar að verða þunguð eða ert með barn á brjósti. Gæta skal þess að lyfið getur dulið einkenni sýkingar. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ






**FIÐRILDI Í NÓVEMBER SÆTA TÍÐINDUM** Financial Times birti ákaflega fallegan ritdóm í blaði sínu um bók Auðar Övu, sem heitir Butterflies in November í enskri þýðingu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Auður Ava á lista yfir bestu skáldsögurnar

Financial Times valdi Rigningu í nóvember eina af tíu bestu erlendu skáldsögunum.

Rigning í nóvember eftir Auði Övu Ólafsdóttur kom út á ensku seint á síðasta ári. Það er Brian FitzGibbon sem þýðir og Pushkin Press sem gefur út, en bókin heitir Butterflies in November á ensku. Þar þykir ekki sæta tíðindum að rigni í nóvember - en öðru máli gegnir um fiðrildin.

Stórblaðið Financial Times valdi bókina eina af tíu bestu erlendu skáldsögum sem út komu á ensku á síðasta ári. Blaðið birtir árlega langan lista, með mörgum undirflokkum, yfir það sem þykir bera af í útgáfu ársins sem er að líða. Bókin fékk sömuleiðis ákaflega fallegan ritdóm í blaðinu, þar sem ritdómari sagði að sagan væri ekki bara bráðskemmtileg, heldur djúp og marglaga og vekti með lesandanum bjartar vonir.

Stórblaðið Independent mælir sömuleiðis sterklega með bókinni og setti hana á lista yfir fimmtíu bestu bækur vetrarins, eða hina einu sönnu vetrarlesningu.

Rigning í nóvember kom fyrst út árið 2004, en hefur verið þýdd á mörg tungumál á síðustu árum og verið er að leggja lokahönd á kvikmyndahandrit eftir bókinni. Franski leikstjórinn Judith Godrèche á að leikstýra myndinni sem Sigurjón Sighvatsson framleiðir, ásamt fleirum.

Afleggjarinn hét þriðja skáldsaga Auðar og sú sem fyrst vakti athygli á henni utan landssteinanna, en hún hlaut tilnefningar til margra bókmenntaverðlaun í Frakklandi og hefur selst þar gífurlega vel síðustu árin.

Nýjasta skáldsaga Auðar Övu er Undantekningin, sem kom út hjá Bjarti árið 2012 og hlaut góðar undirtektir, en um þessar mundir eru að hefjast æfingar í Þjóðleikhúsinu á verki hennar Svanir skilja ekki.

### FYRRI VERK AUÐAR ÖVU

- Upphækkuð jörð (skáldsaga, 1998)
- Rigning í nóvember (skáldsaga, 2004)
- Afleggjarinn (skáldsaga, 2007)
- Sálmurinn um glimmer (ljóð, 2010)
- Svartur hundur prestsins (leikrit, 2012)
- Undantekningin (skáldsaga, 2012)

olof@frettabladid.is

# „Þjófarnir láta mig ekki í friði“

Ingi Bjarni Skúlason heldur tónleika í Þjóðmenningarhúsinu í dag ásamt hljómsveit sinni. Þremur reiðhjólum hans hefur verið hnuplað í Hollandi.

„Þremur reiðhjólum var stolið af mér í Hollandi og það á sama árinu,“ segir Ingi Bjarni Skúlason, tónlistarmaður og nemandi í Haag í Hollandi. Hann er nú á sínu öðru námsári í djasspíanóleik og lætur vel af Hollandi þrátt fyrir hnuplið.

**„Þjófarnir láta mig hreinlega ekki í friði þarna í Hollandi.“**

Ingi Bjarni kemur fram á tónleikum í Þjóðmenningarhúsinu í dag klukkan 16.00 ásamt tríóinu Skarkala.

„Ég stofnaði þetta tríó í fyrrasumar og við náum mjög vel saman,“ útskýrir Ingi Bjarni. Meðlimir Skarkala eru ásamt Inga Bjarna þeir, Valdimar Olgeirsson bassaleikari og Óskar Kjartansson trommuleikari, en þeir kynntust allir í Tónlistarskóla FÍH.

Sveitin lék fyrir hönd Íslands á djassviðburðinum Young Nordic Jazz Comets sem fram fór í Þrándheimi í Noregi í september í fyrra. „Það gekk bara mjög vel þarna úti og okkur var mjög vel tekið.“



**TRÍÓ SKEMMTIR** Hljómsveitin Skarkali lofar góðri stund í Þjóðmenningarhúsinu í dag.

Á tónleikunum í dag verða leikin lög eftir Inga Bjarna, sem hann hefur samið á undanförnum árum, en hann gerði garðinn frægan með bræðings-hljómsveitinni Hress/Fresh sem tók meðal annars þátt í Músíktilraunum árið 2007.

Eins og fram hefur komið hefjast tónleikarnir klukkan 16.00 og kostar einungis eitt þúsund krónur inn.

- glp




# ÚTSALAN ER HAFIN

## 30- 40% afsl. af öllum útsöluvörum



# Hin ýmsu matvæli hunsuð af mismunandi prinsippástæðum

Mörg dæmi eru um að fólk breyti mataræði sínu af öðrum ástæðum en til þess að missa auka- eða aðalkíló. Hin ýmsu matvæli eru líka sniðgengin af margvíslegum siðferðisástæðum. Fréttablaðið fékk nokkra viðmælendur til að tala um fæðutegundirnar sem þeir eru hættir að leggja sér til munns.



## Heimsfrægir gikkir

- Alicia Silverstone og Ellen DeGeneres eru grænmetisætur.
- Victoria Beckham er á basísku mataræði.
- Sting, David Bowie og Demi Moore eru á hráfæði.





„Ég get ómögulega talað um af hverju maður á ekki að borða dýr, það er bara algjörlega augljóst. Af því að dýr eru lifandi, þau finna til, og þau hugsa. Þau hafa rétt á sínu eigin lífi.

### Haraldur Ingi Þorleifsson vefhönnuður

## Ekkert kjöt nema kjúklingur

„Ég ætlaði að verða grænmetisæta fyrir um tíu árum þegar ég eignaðist kött. Ég reyndi það í smástund, en ég er mjög latur og mjög matvandur, þannig að ég ákvað að ég myndi borða kjúkling en ekkert annað kjöt þangað til ég myndi finna eitthvað út úr þessu. Ég er sem sagt ekki ennþá búinn að finna neitt út úr þessu.

Ég er ennþá latur og matvandur. Ég reyndi aftur fyrir um tveimur árum. Ég hætti alveg að borða dýr. Það gekk í nokkra mánuði, en ég var ekki alveg nógu duglegur að fá næringarefnin úr öðrum mat. Ég á mjög erfitt með að borða kjúkling, og þarf eiginlega bara að hugsa um eitthvað annað á meðan ég borða. Þannig að jú, ég er mjög óánægður með mig. Konan mín borðar kjöt, en hún vill líka hætta. Við tölum reglulega um að hætta bæði. Það er mjög oft kjúklingur í matinn.

En mér finnst eiginlega frekar augljóst að maður eigi ekki að borða dýr. Ég skrifaði einu sinni ritgerð í heimspeki um það hvernig maður eigi að hjálpa fólki í fátækari löndum. Kennaranum fannst vanta kaflann sem útskýrði af hverju maður ætti að hjálpa þessu fólki. Ég gat eiginlega ekki skrifað þann kafla, af því að mér fannst það svo augljóst. Ég get ómögulega talað um af hverju maður á ekki að borða dýr, það er bara algjörlega augljóst. Af því að dýr eru lifandi, þau finna til, og þau hugsa. Þau hafa rétt á sínu eigin lífi.

Ég myndi vilja vera vegan. Dýraafurðir eru ekki mikið skárri heldur en dýrakjöt. Þær verða til við ógeðslegar aðstæður. Mér finnst ekkert ólíklegt að það verði vakning einhvern tíma. Fólk er yfirleitt ansi lengi að komast að augljósum sannindum. Fyrir hundrað árum gátu konur ekki kosið. Fyrir fimmtíu árum var stórum hlutum Bandaríkjanna skipt í litaða og hvíta. Fyrir tíu árum máttu hommar á Íslandi ekki gifta sig. Ég held að fæstum Íslendingum finnist eitthvað eðlilegt við það hvernig ástandið var í þessum málaflokkum fyrir mjög stuttu, þannig að það getur alveg gerst að fólk hætti almennt að borða kjöt á frekar skömmum tíma, þótt ég sé ekki endilega að spá því.“



„Ef maður ímyndar sér að maður verði eins og ljón af því að borða hrátt kjöt þá verður maður eins og lamb af því að borða gras.

### Stefán Ingi Stefánsson, formaður Unicef á Íslandi

## Fólk á að borða það sem það vill

„Ég borða ekki kjöt og ekki fisk. Það kemur til út af hugleiðslu sem ég byrjaði í þegar ég var átján ára. Mataræðið sem ég er á gengur út á að borða hluti sem hafa mild áhrif á mann. Ef maður ímyndar sér að maður verði eins og ljón af því að borða hrátt kjöt þá verður maður eins og lamb af því að borða gras. Þetta er ekki endilega spurning um hvað er skaðlegt, heldur hvað styður það sem þú ætlar að gera. Fólk borðar ákveðna hluti til að ná ákveðnum markmiðum, eins og íþróttamenn gera. Það eru átján ár síðan ég hætti að borða kjöt og fisk. Þá var ég átján ára. Þetta var árið 1995. Það var minna um að fólk væri í hugleiðslu eða grænmetisfæði þá, en margir eru búnir að vera að þessu miklu lengur en ég. Við erum í hugleiðsluhóp sem heitir Sri Chinmoy-miðstöðin. Þetta eru ekki eiginleg trúarbrögð heldur andleg iðkun sem á sterkar rætur á Indlandi.

Ég borða ost og mjólk og egg. Aðeins í tengslum við þetta hef ég farið að velta fyrir sér hvaðan hlutirnir koma. Það er áhugavert að hugsa um hvað er í unna matnum. Ég hef hins vegar ekki hætt að borða hlaupbangsa eða vítamíntöflur. Dýravernd var ekki ástæðan fyrir því að ég fór af stað. Það eru jákvæðari umhverfisáhrif af því að vera grænmetisæta. Það þarf minna land til þess að rækta ofan í mig heldur en ofan í kjötætu. Þetta eru samt ekki ástæðurnar fyrir því að ég fór út í þetta. Þetta eru bónusástæður.

Það hefur alltaf heillað mig svolítið að velta fyrir mér að andlegar leiðir og trúarbrögð hafa alltaf búið til ákveðnar leiðir þar sem fólk reynir að lifa eftir ákveðnum lífsstíl. Það eru sosum mjög margar birtingarmyndir af því hvernig mataræði getur haft áhrif á andlega leit. Í sumum afbrigðum af hindúisma reynir fólk til dæmis að sleppa því að borða ákveðnar tegundir grænmetis sem eru taldar örvandi, til dæmis lauk og hvítlauk. Mér finnst bara að fólk eigi að borða það sem það vill. Það er skemmtilegt að búa í fjölbreytilegu samfélagi, og það er einhver fegurð í því að hver borði eftir sínu höfði.“

### Dominique Plédel Jónsson, eigandi Vínskólans

## Slow Food er ekki ofstæki



„Það er aðallega fyrir umhverfið sem ég sniðgeng matvæli sem innihalda erfðabreyttar plöntur.

„Á Slow Food-mataræðinu er ýtt undir það sem heitir matur úr héraði. Það er matur sem verður til í nágrenninu. Það helst í hendur við árstíðabundið mataræði. Maður borðar til dæmis ekki jarðarber allt árið um kring. Þú neytir þeirra á meðan þau er fersk, í sínu umhverfi. Um leið og þú kaupir jarðarber utan árstíðar frá Suður-Ameríku þá er kolefnisfótspor þitt orðið stórt út af flutningunum. Allt fyrir eitt lítið box af jarðarberjum.

Ég sniðgeng eins og ég get tilbúna rétti. Líka svínakjöt, nema af dýrum sem ég veit að hafa verið alin upp eftir vistvænum leiðum. Ég get ekki borðað kjöt úr verksmiðjubúum. Sama gildir um kjúkling. Í verksmiðjubúum er eingöngu litið á dýr sem matarbúr en ekki sem lifandi verur. Fæðið sem dýrin fá er óeðlilegt miðað við eðli þeirra, þar af leiðandi tek ég ekki þátt í þessu.

Slow Food er ekki neitt ofstæki. Í stað þess að taka neikvæðu leiðina og segja „þetta er bannað“, þá er frekar verið að ýta undir það sem vel er gert. Ég kaupi svínakjötið af Arnheiði á Bjarteyjarsandi, af því að ég veit hvernig hún fer með dýrin. Svo vel ég lífrænt vegna þess að vottun á matvælum úr lífrænni ræktun, hvort sem það eru dýr eru plöntur, veitir staðfestingu á því að siðfræðin á bak við það er í lagi. Það er til dæmis ekki verið að blanda erfðabreyttum matvælum út í. Það er aðallega fyrir umhverfið sem ég sniðgeng matvæli sem innihalda erfðabreyttar plöntur.

Ég hitti vin minn um daginn sem var að koma frá Argentínu. Hann sagði mér að í Argentínu, sem var þekkt fyrir mikla nautarækt, sé nú orðið erfitt að fá gott nautakjöt. Búið er að leggja allt svæðið undir ræktun á erfðabreyttu soja fyrir dýrafóður sem er sent til Evrópu. Þetta kemur niður á fólki sem býr þarna. Ég vil ekki taka þátt í svona. Í dag er þetta nær eingöngu til að framleiða nægt fóður fyrir dýrin sem menn borða þrisvar á dag til þess eins að verða of feitir, sem getur svo kostað líf fólks. Þess í stað ættum við að hafa skynsemina að leiðarljósi frá upphafi, en við hugsum aldrei svona langt. Kjötið er bara innpakkað frá súpermarkaði.“

### Guðrún Mobus Bernharðs

## Barilla fór í ruslið



„Ég var fremur hissa þegar forstöðumaður stórfyrirtækis tók sig til og málaði skrattann á vegginn hjá mér. Það var forstjóri Barillapastafyrirtækisins. Mér líkaði það ekki þegar hann lýsti því yfir að hann myndi aldrei sýna samkynhneigða í auglýsingum sínum, og að fyrirtækið aðhylltist hefðbundin fjölskyldugildi.

Hann tók það fram að ef samkynhneigðum líkaði það ekki gætu þeir borðað pasta frá öðrum. Allt pastað frá Barilla fékk að fara í ruslið heima hjá mér eftir þessi ummæli. Ég tók svo mynd af pastanu í ruslakörfunni og setti á netið til að sýna fram á það að ég hafði ekki miklar mætur á þessari yfirlýsingu.

Ég er svo oft búin að heyra þessu tuggu um „fjölskyldugildi“, eins og okkur sem erum ekki gagnkynhneigð hafi verið geislað inn í „alvöru fjölskyldu“ eða eitthvað álíka súrt. Vænst þótti mér um þegar önnur fyrirtæki sem framleiddu pasta gerðu auglýsingar til að sýna samstöðu með samkynhneigðum. Mest er ég fegin að þarna fékk ég að sjá hverja ég á ekki að styðja með því að kaupa varning frá þeim. Enda er Barilla ekki á innkaupalistanum hjá mér.“

„Ég tók svo mynd af pastanu í ruslakörfunni og setti á netið til að sýna fram á það að ég hafði ekki miklar mætur á þessari yfirlýsingu.




Nýlega hóf störf hjá Táp ehf. sjúkraþjálfun, **Guðrún Magnúsdóttir** löggiltur sjúkraþjálfari.

Við bjóðum hana velkomna til starfa.

TÁP
SJÚKRAÞJÁLFUN

Hlíðasmára 15 • 564 5442 • www.tap.is

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á



ÚTSALA
Allt að 50% afsl.
ZO•ON
ICELAND
KRINGLUNNI BANKASTRÆTI

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-3501

WOW

Himininn er okkar **leikvöllur**

**WOW FLUGUMSJÓN**
Ertu sveigjanlegur og úrræðagóður múltítaskari?

Við leitum að **drífandi starfsfólki í flugumsjón** hjá WOW air. Flugumsjónarfólk sér um samskipti við þjónustuaðila og flugvallayfirvöld alls staðar þar sem WOW air flugflotinn lendir. Við höldum **WOW**inu á lofti allan sólarhringinn og þess vegna er flugumsjón unnin á bæði nætur- og dagvöktum.

**Þinn bakgrunnur?**

Við erum að leita að **fólki með reynslu** af flugumsjón (þú getur líka verið með próf í flugumsjón). Aðrar kröfur eru: Stúdentspróf eða sambærileg menntun, hreint sakavottorð, skipulagshæfni og tölvufærni. Þú þarft að tala og skrifa ensku bæði skýrt og rétt.

**Enn meiri upplýsingar**

Egill Reynisson flugrekstrarstjóri veitir meiri upplýsingar um starfið ef þú sendir honum tölvupóst á **egill@wow.is**. Umsóknir ásamt kynningarbréfi skulu sendar á **starf@wow.is** í síðasta lagi **14. janúar 2014.**

**WOW air er brosmilt lággjaldaflugfélag** sem flýgur til og frá Íslandi til fjölmargra borga í Evrópu allt árið um kring. WOW air býður ódýrasta flugið til og frá Íslandi, með bros á vör og eftirminnilegri **þjónustu.**

WOW air tók við **flugrekstarleyfi** í október 2013 og hjá okkur starfa nú um 170 starfsmenn.

WOW air

**Við fljúgum til** >> London >> Kaupmannahafnar >> Parísar >> Berlínar >> **í allan vetur**



**MEÐAL BESTU** Mammút er á listanum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Dásamar íslenska tónlistarmenn

## Útvarpsstöðin KEXP velur bestu íslensku plöturnar.

Jim Beckmann, starfsmaður útvarpsstöðvarinnar KEXP í Seattle í Bandaríkjunum, hefur valið tuttugu bestu íslensku plötur síðasta árs.

Fer Jim fögrum orðum um íslenska listamenn og rómar þá miklu hæfileika sem finnast á eyjunni í Atlantshafinu.

Meðal nafna á listanum eru Mammút með Komdu til mín svarta systir, Sigur Rós með Kveikur, Grísalappalísa með ALI, Sin Fang með Flowers, Snorri Helgason með Autumn Skies, Cell7 með Cellf, Ólafur Arnalds með For Now I Am Winter, Lay Low með Talking About the Weather, Drangar með Dranga og Botnleðja með Þegar öllu er á botninn hvolft.

Á vefsíðu stöðvarinnar stendur enn fremur að staðið hafi til að velja tíu bestu íslensku plöturnar en vegna ógrynnis af góðum plötum hafi það verið ómögulegt. Því hafi verið ákveðið að velja tuttugu bestu plöturnar.

Jim hlakkar einnig mikið til tónlistarársins sem var að ganga í garð og bíður í ofvæni eftir nýju efni frá Sóleyju, For a Minor Reflection, og enskri útgáfu plötunnar Dýrð í dauðaþögn með Ásgeiri Trausta. **- lkg**



**VÍGALEGIR** Karlakórinn Heimir.

# Garðar Thor Cortes syngur einsöng

## Árlegir tónleikar Karlakórsins Heimis í Miðgarði.

Karlakórinn Heimir efnir til árlegra tónleika í tilefni af þrettándanum í kvöld klukkan 20.30 í Varmahlíð. Að þessu sinni fær kórinn liðsinni frá Garðari Thor Cortes sem syngur einsöng. „Þetta eru tónleikar sem kórinn hefur haldið í áratugi,“ segir stjórnandi kórsins, Stefán Reynir Gíslason.

„Ég er búinn að stýra þessum kór í þrjátíu ár og þetta hefur verið gert síðan ég byrjaði. Ég byrjaði árið 1984 og kórinn var stofnaður árið 1927. Það er sterk hefð fyrir þessu og það hefur verið mjög góð aðsókn,“ segir Stefán. Æfingar hefjast hjá kórnum í október og þetta eru alltaf fyrstu tónleikar hans á starfsárinu.

„Á þessu ári flytjum við sama prógramm 2. mars í Hofi á Akureyri. Helmingurinn er hefðbundið karlakórsprógramm. Hitt eru aríur, sem Garðar Thor syngur með okkur. Meðal efnis sem verður á dagskrá er Kór prestanna eftir Mozart úr Töfraflautunni og fleiri klassísk stykki. Svo kemur Garðar og syngur ítalskar aríur og Bikarinn eftir Eyþór Stefánsson og fleira.“ **-ue**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

SAFT

**Folaldakjöt af nýslátruðu**
**til sölu í janúar og febrúar 2014**

FOLALD Í HEILUM EÐA HÁLFUM SKROKKUM
471 kr./kg.

FOLALDAFRAMPARTUR
329 kr./kg.

FOLALDALÆRI
659 kr./kg.

ÚRBEINING OG PÖKKUN
197 kr./kg.

SAH
SAH Afurðir ehf.

Pantanir í síma **455 2207** og **896 4130** eða á **elmar@sahun.is**




# LAGER-HREINSUN!

## HEFST Í DAG!

ALLT Á AÐ
**SELJAST**

ÓTRÚLEG VERÐLÆKKUN
Á VÖLDUM VÖRUM

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.











# Össur og strákarnir

BAKÞANKAR
Hildar Sverrisdóttur



Ein af jólabókunum sem ég las er bók Össurar Skarphéðinssonar, Ár drekans. Hún er skemmtileg lesning enda Össur litríkur stjórnmálamaður. Hann fer á ítarlegan hátt yfir hvernig hann var að plotta og stússast í pólitík eins og þarf þegar maður er utanríkisráðherra. Það sem vakti athygli mína er að í nákvæmum lýsingum Össurar yfir heils árs tímabil á því hvernig kaupin gerðust á eyrinni koma nánast engar konur nærri plottunum, síðkvöldssímtölunum, herráðunum og heiðursmannasamkomulögunum.

